



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Ókeypis eintak



5 694110 023513

Fimmtudagur

12. nóvember 2009

45. tbl. · 26. árg.



**Vantar þig íbúð
til leigu?**

Hafðu samband!
sími: 456 6600



*Ljósir í
boenum!*



Sími: 456 6660

25 ára afmælisblað



Vikulega í aldarfjórðung



Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um
80 afgreiðslustaði um land allt.
Hvað getum við flutt fyrir þig?
Hafðu samband og fáðu tilboð.

Eyrarskála 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 www.flytjandi.is



Óshlíðarvegur nýttur sem útivistarleið?

Gert ráð fyrir að nýta veginn um Óshlíð sem ferðamanna- og útivistarleið þegar hann verður lagður af sem þjóðvegur. „Leiðin liggur um stórbrotið landslag með útsýni um Djúpið og langt út á haf. Miklir möguleikar er því á að skapa spennandi og sérstæða útivistarleið.

Talið er mjög kostnaðarsamt að halda leiðinni við sem bílvegi

en mun einfaldara ef um göngu-leið eða jafnvel hjólaleið er að ræða“, segir í drögum að aðal-skipulagi Bolungarvíkur fyrir árin 2008-2020. Áætlað er að vegurinn um Óshlíð leggist af sem stofnvegur þegar jarðgöngin verða tilbúin árið 2011. Göngin munu stytta vegalendina milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar um tæpa tvo kílómetra.



Yfir 20 nauðungarsölum frestað á Vestfjörðum

Rúmlega 20 nauðungarsölum var frestað fram yfir 31. október hjá sýslumannsembættunum fjór-um á Vestfjörðum. Þetta kom fram í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi. Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lagði fram svohljóðandi fyrirspurn:

„Hversu mörgum nauðungar-sölum fasteigna (hvort heldur um er að ræða byrjun uppboðs, framhald uppboðs eða lokasölu fasteigna) hefur til þessa verið frestað fram yfir 31. október 2009 hjá sýslumannsembættum landsins á grundvelli 3. gr. laga

nr. 23/2009?“ Greinin sem um ræðir hljóðar svo:

„Ef skuldarinn sækir þing skal héraðsdómari leiðbeina honum um þau úrræði sem kveðið er á um í 3. þætti. Ef skuldari og lánardrottinn sem krefst skipta á búi hans æskja þess má dómari verða við sameiginlegri beiðni þeirra um að fresta meðferð kröfunnar. Slíka fresti má ekki veita til lengri tíma en samtals eins mánaðar nema skuldari sé einstaklingur sem ekki stundar atvinnurekstur, en fresturinn má þá lengstur verða samtals þrír mánuðir.“

Sauma kodda og kerru-poka úr íslenskri ull

Mágkonurnar Helga og Agnes Aspelund hafa notað fristundir sínar undanfarin ár til þess að búa til kodda með merinoull og barnasvefnpoka sem fylltir eru með íslenskri ull. Helga segist ekki muna nákvæmlega hvernig þetta byrjaði, en sá fyrsti sem fengið hafi poka hafi fæðst árið 2000. Upphaflega notuðu þær íslensku ullina líka í koddana, en það reyndist erfitt þar sem hún hnoðrar ekki og vildi stingast út úr koddunum.

Svefnpokarnir njóta mikilla vinsælda og segir Helga dæmi

um að sömu aðilar kaupi poka fyrir öll börn sem fæðist í fjöl-skyldunni. Það sé eiginlega eftirspurnin sem ráði framleiðslunni, þær hafi til skamms tíma báðar verið í fullri vinnu og gert þetta í tómstundum. Útflutningur sé ekki á dagskrá, en auðvitað mundu þær senda poka eða kodda til útlanda ef þess væri óskað.

Heimasíða þeirra Helgu og Agnesar heitir meme.is og nú hafa þær einnig stofnað síðu á facebook og þegar eignast þó nokkra aðdáendur



25 ára

Ritstjórnargrein

Vestfirðingar munu hafa verið með seinni skipunum hvað varðar prentlist og blaðaútgáfu, en með útkomu Þjóðviljans 30. október 1886 var brautin rudd. Frá þessum tíma og fram til ársins 1920 voru gefin út hvorki fleiri né færri en sjö blöð. Þrjú þeirra náðu vart að komast á legg, náðu rétt eins árs aldri, tvö náðu að byrja að slíta barnsskónum, urðu fjögurra ára; hin tvö náðu að teljast á milli tektar og tvítugs, svo gripið sé til kunnuglegrar samlíkingar.

Af síðari tíma blöðum ber að nefna flokksblöðin svokölluðu sem lengst komu við sögu í blaðaútgáfu á Ísafirði frá því snemma á þriðja áratug síðustu aldar. Lengi vel komu sum hver þeirra nokkuð reglu-lega út og höfðu fasta áskrifendur. Eftir því sem árin liðu dró verulega úr útgáfunni segja má að tilvist þeirra hafi að miklu leyti tengst kosningum, að ógleymdum jólablöðunum sem lengst af var reynt að halda úti sem fjáröflun. Um miðjan áttunda áratuginn hóf Vestfirska fréttablaðið göngu sína, óháð hér-aðsfréttablað sem vissulega markaði tímamót í ísfirskri blaðaútgáfu. Útgáfu þess var hætt 1996.

Svo því sé haldið til haga þá liðu 98 ár og fimmtán dögum betur frá því að fyrsta ísfirska blaðið, Þjóðviljinn, kom úr prentsmiðju Prentfélags Ísfirðinga, þar til fyrsta, litla fjölritaða eintakið af Bæjarins besta leit dagsins ljós við frumstæðar aðstæður í Neðstakaupstaðnum og skartaði á forsiðu teikningu eftir Ísfirðinginn Pétur Guðmundsson, sem gerð var sérstaklega af þessu tilefni. Þetta var 14. nóvember 1984. Með þessu tölublaði hefur Bæjarins besta því komið vikulega út í tuttugu og fimm ár.

Í sérstöku 20 ára afmælisblaði var saga og þróun blaðsins rakin. Ekki er ástæða til að endurtaka það svo miklu nemi. Rétt er þó að tjalda veigamestu breytingunum sem orðið hafa á útgáfustarfsemi H-Prents ehf., í aldarfjórðung. Auk margvíslegra útlitsbreytinga á blaðinu ber fyrst að nefna að 1996 var farið að birta BB á netinu í sömu mynd og prentuðu útgáfuna. Byltingin, sem svo má kalla, varð þegar fréttavefurinn bb.is. var opnaður 4. janúar 2000. Hann var barn síns tíma og breytingar á þessu sviði gengu hratt yfir. 12. janúar 2002 var ný vefsíða opnuð og 1. mars 2004 áttu sér stað umfangsmikil endurnýjun á henni. Allt var þetta gert til að auka og bæta þjónustu við viðskiptavininn en fullyrft skal að frá fyrstu tíð hefur bb.is notið mikilla vinsælda og verið í hópi mest lesnu fréttavefja landsins og lesendur víðs vegar að úr heiminum.

„Hvernig halda menn að tekist hefði til með ritun Sögu Ísafjarðar og Eyrarhrepps, svo dæmi sé tekið, ef ekki hefðu komið til heimildir hinna mörgu blaða sem gefin hafa verið út hér um slóðir á því tímabili, sem sagan greinir frá?“ Þessari spurningu vörpuðum við fram á 10 ára afmæli blaðsins. Spurningu sem svo sannarlega er enn í gildi. Viðhorf sem ekki má falla í gleymsku.

Svo skemmtilega vildi til að á sama tíma og BB hélt upp á 20 ára afmælið var lögð fram á Alþingi þingsályktunartillaga níu þingmanna allra flokka þar sem menntamálaráðherra var falið að skipa nefnd til að athuga stöðu staðbundinna fjölmiðla og rekstrarumhverfi þeirra. Í greinargerð var bent á að „svæðisbundnir fjölmiðlar gegni nú þegar og muni í framtíðinni gegna vaxandi hlutverki fyrir lýðræðislega umræðu“ og „sú skylda (hvíldi) á íslenska ríkinu að stuðla að fjölbreytni í fjölmiðlun.“ Gaman væri ef einhver hinna framsýnu þingmanna sem þarna stóðu að verki gæti frætt afmælisbarnið um lyktir málsins.

Vikuleg útgáfa BB í aldarfjórðung hefði aldrei orðið veruleiki ef ekki hefðu margir komið að verki. Þannig hafa fjölmargir lagt blaðinu liðsinni sem skrifinnar og tæknimenn. Við ætlum okkur ekki þá dul að reyna að nafngreina þann skara góðs fólks. Því eru hins vegar færðar hugheilar þakkir. Sama gildir um starfsmenn H-Prents ehf. Þetta er önnur hliðin. Hin hliðin eru lesendur blaðsins og fyrirtæki, viðskiptavinir blaðsins sem í raun hafa haft líftaug þess í hendi sér. Ómetanlegur stuðningur þessa fjölda einstaklinga og fyrirtækja í 25 ár hefur viðhaldið þeirri trú í brjósti útgefenda að þeir hafi ekki misst sjónar á því markmiði sem að var stefnt í upphafi: Blaði sem umfram allt væri málsvari vestfirskra hagsmuna. Svo lengi sem BB mun koma fyrir augu þín, lesandi góður, mun ekki verða vikið af þeim vegi.

Bæjarins besta þakkar samfylgdina í tuttugu og fimm ár.

s.h.

(Heimild: Jón Þ. Þór: Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps)

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sölgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564.
Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is, Friðrika Benónýsdóttir, símar 456 4560 og 697 8618, fridrika@bb.is.
Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



HUGURINN BER ÞIG ADEINS HÁLFA LEIÐ

LENT MEÐ 98 MILLJARÐA KRÓNA

HVERS VEGNA VELUR ÞÚ ICELANDAIR?

- 70% erlendra ferðamanna sem koma til Íslands fljúga með Icelandair.
 - Í ár nema gjaldeyristekjur vegna erlendra ferðamanna, sem fljúga til Íslands með Icelandair, 98 milljörðum króna.
 - Mörg þúsund störf verða til um allt land í þjónustu við þessa ferðamenn.
-

Icelandair er þinnarás í ferðapjónustu á Íslandi



BERÐU SAMAN VERÐ OG ÞJÓNUSTU
– OG ÁVINNING FYRIR ÍSLENSKT SAMFÉLAG –
NÆST ÞEGAR ÞÚ FLÝGUR

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS



Lúxuslamb fyrir ketti og smá-hundamatur vekja áhuga vestra

Murr ehf. í Súðavík stendur nú í samningum við stórt markaðsfyrirtæki í Bandaríkjunum um útflutning á lúxus kattamatnum Murr og smáhundamatnum Urr. Þá eru samningar við Færeyinga á lokastigi og mun útflutningur þangað hefjast innan skamms. Þorleifur Ágústsson, dýralíffræðingur og einn eiganda Murrs, segir Bandaríkjamennina mjög hrifna af vörunni ekki hvað síst vegna þess að hér sé um hreina náttúruafurð að ræða. Bæði lúxus kattamaturinn Murr og smáhundamaturinn Urr eru nýjar vörur hjá Murr ehf. Kattamaturinn var settur á markað í júní og hefur fengið góðar viðtökur, að sögn Þorleifs og smáhundamaturinn er að koma í búðir þessa dagana og hefur vakið mikla hrifningu: „Hundarnir eru alveg vitlausir í þetta,“ segir Þorleifur. Hann undirstrikar einnig að kattamat-urinn sé hrein „gúrmeðæða“,



Þorleifur Ágústsson við störf í Murri ehf.

eins og hann orðar það. Fyrsta flokks lambkjöt frá Fjallalambi og Norðlenska á Akureyri. Fjórir starfa í fullu starfi

hjá Murr ehf og einn í hálfu starfi, auk þess sem einn er í hlutastarfi við bókhald og fleira og eigendurnir vinna kauplaust,

að sögn Þorleifs. Eigendur auk Þorleifs eru þeir Bragi Línadal Ólafsson, Barði Ingibjartsson og Einar Páll Tamimi.

Gert ráð fyrir verkefnum upp á 91 milljón

Gjaldskrár hafna Ísafjarðarbæjar hækka á næsta ári. Hafnarstjórn hefur ákveðið að bryggjulgjald, lestargjald, hafnsöngugjöld og vörugjöld hækki um 4,5%, rafmagn til skipa hækki um 7,5%, en aðrir gjaldskrárliðir hækki um 6%. Aflagjald hækki úr 1,3% í 1,5%. Var þetta ákveðið á síðasta fundi hafnarstjórnar en þá var

einnig greint frá því að tillögur til fjárhagsáætlunar 2010 hafa verið samþykktar en helstu verkefni eru: Dýpkun á innsiglingarrennu á Suðureyri sem nemur 10.000 rúmmetrum. Áætlaður kostnaður er 8,4 milljónir og er hlutdeild ríkis í því 75%. Endurbygging löndunarbryggju á Suðureyri sem hljóðar upp á 44 millj-

ónir og borgar ríkið 60% af því. Bygging stálþilsbryggju upp á 60 metra við Mávagarð á Ísafirði þar sem koma á upp oliubirgðastöð og er þörf á viðlegudýpi upp á 9 metra. Kostnaður við það er áætlaður 72 milljónir og er hlutur ríkis 60%.

Einnig á að fara í dýpkun við Mávagarð sem kostar 16 millj-

ónir króna en ríkið borgar 75%. Þá er þörf fyrir lagfæringu á oliumúlanum við Ísafjarðarbæ en kostnaður var upphaflega 59 milljónir og er hluti ríkisins 60%. Að auki hefur verið óskað eftir dýpkun innsiglingarrennu í Sundum á Ísafirði en kostnaður við það eru 60 milljónir og þar af er hluti ríkis 75%. – thelma@bb.is



Gamla apótekið verður fjölbýlishús

Spýtan ehf. á Ísafirði vinnur nú að því að gera upp Gamla apótekið og er meiningin að komast eins nálægt upphaflegu útliti hússins og unnt er, að sögn Magnúsar H. Jónssonar, framkvæmdastjóra Spýttunnar. Fyrirhugað er að ljúka vinnu utan húss áður en harðasti veturinn skellur á. Húsinu verður breytt í íbúðarhúsnæði og verða þar fjórar íbúðir sem ætlunin er að leigja í skammtímaleigu. Áætlað er að framkvæmdum ljúki með vorinu, að sögn Magnúsar. Á síðasta ári var húsið dæmt ónýtt en Magnús segir að þótt ástand þess sé dapurt megi vel gera það upp.

Húsið var byggt árið 1906 og þótti löngum hin mesta bæjarþrýði í miðbæ Ísafjarðar. Það hefur gegnt mörgum hlutverkum. Meðal annars hýsti það lengi Ísafjarðar Apótek og hefur á síðari árum dregið heiti sitt af því þótt hlutverkin hafi orðið önnur. Ef vel tekst til með endurreisnina ætti húsið að geta orðið bæjarsómi í miðbæ Ísafjarðar á nýjan leik.

– fridrika@bb.is





Greiðslujöfnun íbúðalána

- Lán Íbúðalánasjóðs verða greiðslujöfnuð frá og með 1. desember 2009
- Áætluð lækkun á mánaðarlegri greiðslubyrði er allt að 17%
- Að auki þarf greiðslujöfnun fyrir 20. nóvember
- Nánari upplýsingar ásamt tilkynningu um afþökkun er að finna á vefsíðu Íbúðalánasjóðs

www.ils.is
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969



pú getur unnið
2 mánuði fyrir 0 kr.
ef þú skráir þig
í nýju leiðirnar.

Símasérfræðingur í Netheimum

Við finnum hagstæðustu netáskriftina fyrir heimilið þitt.

Sérfræðingur frá Símanum verður hjá endursöluaðila okkar, Netheimum, 13. nóvember kl. 11.00-18.00 og hjálpar þér að velja þá netáskrift sem hentar heimilinu.

Í nýju Internetleiðum Símans hefur þú möguleika á hraðari nettengingu og meira gagnamagni á hagstæðara verði.

800 7000 – siminn.is

Það er **Síminn** 

Afmælskveðja frá forseta Íslands,
herra Ólafi Ragnari Grímssyni

Burðarás í samkennd og samvinnu Vestfirðinga

Á aldarfjórðungnum sem liðinn er frá því Bæjarins besta hóf göngu sína hafa orðið byltingarkenndar breytingar á fjölmiðlun og allri tækni í samskiptum manna. Veröldin varð nánast að einu þorpi; vitneskjan berst umsvifalaust um fjarlægjar álfur; fréttin verður á örskotsstund sameign allra.

Vestfirskum galdramönnum tókst engu að síður að þróa í þessu umróti nýjan miðil, byggðan í senn á gömlum hefðum blaðaútgáfunnar á Ísafirði og tækifærum sem ný tækni fól í sér.

Þeir fundu frjóan jarðveg fyrir fréttir af fólkinu fyrir vestan, frásagnir af mannlífi, atburðum og merkjum verkum – og birtu ítarleg viðtöl um ævihlaup og viðfangsefni íbúa sem farið höfðu víða eða verið allt sitt líf rötfastir í vestfirskum plássum; viðtölin stundum upp á margar síður þegar boðorðið á öðrum miðlum var að stytta og stytta.

Fyrir okkur sem áttum Ísafjörð að æskuslóðum og lífðum áfram í eins konar draumaveröld um lífið og náttúruna fyrir vestan varð Bæjarins besta álíka mikilvægt og CNN fyrir veröldina eða New York Times fyrir Bandaríkin. Í hverri viku var hið veglega blað okkur fagnaðarefni og gerði okkur kleift að vera áfram Vestfirðingar af heilum huga og heitu hjarta – og netvæðingin fól svo í sér að fjarlægðin varð að engu.

Það er merkilegur vitnisburður um styrkleika áttahaganna í þjóðarvitund Íslendinga hve mörg héraðsblaðanna hafa blómstrað á undanförunum áratugum og hve veigamikinn sess þau hafa öðlast þrátt fyrir rekstrarerfiðleika og að oft var á brattann að sækja.

Í þeirri flóru hefur Bæjarins besta verið blómlegur stofn, öðrum hvatning og fordæmi til eftirbreytni. Á þann hátt hefur blaðið og miðlun þess verið þjóðinni allri mikilvægt og um leið burðarás í samkennd og samvinnu Vestfirðinga.



Um þrjátíu prósenta tekjuaukning í ferðaþjónustu á Vestfjörðum

Í könnun sem Markaðsstofa Vestfjarða og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða létu gera meðal aðila í ferðaþjónustu kom fram að tekjuaukning í ferðaþjónustu á Vestfjörðum hafi verið um þrjátíu prósent það sem af er ári. Tölur um fjölda gistinátta liggja ekki fyrir, en Jón Páll Hreinsson, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Vestfjarða, segir þessa niðurstöðu marktæka og samræmast því sem fólki í ferðaþjónustunni hafi fundið í sumar. Eins og fram kemur annars staðar á vefnum hafa Ferðamálasamtök Vestfjarða ákveðið að ráðast í gerð heildstæðrar stefnumótunnar fyrir greinina til næstu fimm ára, með það að markmiði að treysta innviði hennar og hlúa þannig að



ferðaþjónustu á Vestfjörðum.

Jón Páll fagnar þeirri ákvörðun og segir þetta kærkomið tækifæri til að meta stöðuna og velta fram-

Náttúrufegurð Vestfjarða heillar aukinn fjöldi ferðamanna.

tíðinni fyrir sér. Stefnumótun snúist um að taka ákvarðanir um hvað gert verði og hann vonist til að sem allra flestir sjái sér fært

að mæta á fundina.

„Ekki bara framkvæmdastjórnar hótela og ferðamannastaða heldur líka fólk úr stjórnsýslunni,

verslunarfólk og aðrir sem koma að ferðaþjónustu, í hvaða formi sem er.“

– fridrika@bb.is



Hryggurinn styður þig allan daginn...



... með Tempur styður
þú hrygginn alla nóttina.

Original heilsudýnan
frá Tempur®

- Þegar þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu.
- TEMPUR þrýstijöfnunarefnið er mjúkt þar sem þú vilt og stíft þar sem þú þarft™ og veitir þannig þrýstijöfnun, þægindi og náttúrulegan stuðning.
- Original heilsudýnan *frá Tempur* léttir á baki og herðum.

Vaknaðu upp endurnærð(ur)
og tilbúin(n) í átök dagsins.

Kíktu á www.tempur.is til að sjá meira
um Tempur heilsuvörurnar.

Næturlöng endurnýjun
fyrir líkama og sál™



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Dæmdur fyrir líkamsárás

Ungur karlmaður hefur verið sakfelldur í Héraðs-dómi Vestfjarða fyrir lík-amsárás og umferðarlaga-brot. Manninum var gert að sök að hafa ráðist á annan mann á bifreiðarstæði við fjöl-býlishús á Ísafirði, fellt hann í jörðina, sest klovvega ofan á hann og kýlt í andlit og brjóstkassa hans. Einnig var hann sakaður um að hafa ekið bifreið undir áhrifum vímuefna.

Maðurinn játaði brot sitt skýlaust fyrir dómi. Við ákvörðun refsingar hans var litið til þess að hann var með hreinan sakaferil. Eins var tekið tillit til ungs aldurs ákærða, en hann var einungis sautján ára gamall er hann framdi brotið. Maðurinn var dæmdur í 30 daga fangelsi en refsingin er skilorðsbund-in til tveggja ára.

Setja upp gagn-virka heimasíðu

Svokölluð „Hundrað daga nefnd“ leggur áherslu virka upplýsingamiðlun á meðan starfi hennar stendur. Til að tryggja slíka upplýsinga-miðlun hefur nefndin ákveð-ið að setja upp gagnvirka heimasíðu.

Þetta kom fram á öðrum fundi nefndarinnar þar sem hlutverk hennar var skil-greind en eins og kunnugt er var nefndin skipuð til að fjalla um valkosti í samein-ingu Bolungarvíkur, Ísa-fjarðarbæjar og Súðavíkur. Samkvæmt skilgreiningu nefndarinnar hefur hún um-boð til að kanna fjárhagslega og samfélagslega hagkvæm-ni sameiningar en er ekki ákvörðunaraðili.

Leikskólabörn-um fækkar

Leikskólabörnum á Vest-fjörðum hefur fækkað um 28% síðastliðinn áratug. Hlut-fallslega var fækkunin mest á Vestfjörðum en þar fækk-aði börnunum um heil 37 börn á tímabilinu. Hefur hlutfallið einungis lækkað á Suðurlandi og Vestfjörðum.

Á síðasta ári var hlutfall leikskólabarna af íbúafjölda fjórðungsins 5,1%. Þetta kemur fram í skólaskýrslu hag-og upplýsingasviðs Sam-bands íslenskra sveitarfélaga þar sem birtar eru tölulegar upplýsingar um leikskóla og grunnskóla.



Inn að beini

Gísli H. Halldórsson, fjármálastjóri MÍ

Gísli Halldór Halldórsson hefur verið bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ fyrir Sjálfstæðisflokkinn frá því í júní 2006. Hann er forseti bæjarstjórnar og starfar einnig sem fjármálastjóri hjá Menntaskólanum á Ísafirði. Draumastarfið er þó að vera rithöfundur.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?

Að þrjóskað við hana Gerði mína þangað til hún lét undan.

Hvar langar þig helst að búa?

Ef við sleppum Íslandi þá þykir mér Vancouver spennandi kostur.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Að verða vitni að fæðingu þegar ég skyldi loks hvað fæðing er.

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Þegar ég þurfti að fresta því að skila kandidatsrit-gerðinni minni í viðskiptafræði um eina önn, þá varð ég fyrir vonbrigðum sem standa mjög ofarlega á þeim lista.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Þar sem ég er litblindur þá var ég orðinn vel rúmlega tvítugur þegar ég komst að því fyrir tilviljun að SS pylsusinnep er ekki grænt. Eg varð mjög hissa á því.

Uppáhaldslagið?

Pau skipta hundruðum. In Your Eyes með Peter Gabriel og Cancion del Mariachi með Los Lobos og Banderas eru við toppinn.

Uppáhaldskvikmyndin?

Ég held mikið upp á Moulin Rouge, en held ég verði að nefna Crash með Matt Dillon og fleirum sem eina þá albestu sem ég hef séð.

Uppáhaldsbókin?

Í skugga vindsins væri ein þeirra.

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Það gæti kannski verið þegar ég og Sigga Lára frænka mín fórum með fjölskyldurnar okkar á ættarmót í Barcelona akandi frá Torrevieja. Barcelona var algert kúltúrsjokk fyrir mig þá.

Uppáhaldsborgin?

Barcelona.

Besta gjöfin?

Líf og heilsa. Þó ég kunni reyndar mjög að meta hagla-byssuna sem fjölmargir gáfu mér í fertugsafmælisgjöf.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Ég er löngu hættur að velta því fyrir mér, en tel nánast öruggt að svo sé. Það er hinsvegar þá svo fjarri að við munum áreiðanlega ekki kynnast því í þessu jarðlífi.

Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?

Ég hef komist að því að hægt er að venja sig af öllum hlutum. Mestum vandkvæðum myndi það líklega valda mér ef ég ætti að komast af án þess að nota peninga, samfélag okkar er bara þannig úr garði gert.

Fyrsta starfið?

Hraðfrystihúsið í Hnífsdal var fyrsta fyrirtækið sem ég vann hjá eftir unglingavinnuna. Þar kynntist ég á nokkrum árum fjölbreyttum störfum. Mér hefur alltaf fundist ég vera hálfgerður Hnífsdælingur síðan þá.

Draumastarfið?

Rithöfundur.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Sverrir Hermannsson er þjóðþekktur föðurbróðir minn. Við höfum stundum þótt líkir í útliti.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Ég tel þar venjulega Arnarfjörðinn fremstan.

Skondnasta upplifun þín?

Þegar ég mætti í annarpróf í Háskólanum klukkan eitt, en prófið hafði verið klukkan níu um morguninn. Ég hafði gefið Arinbirni vini mínum pennan tíma líka, sem ég hafði munað vitlaust úr símtali mínu við Háskóla-skrifstofuna. Arinbirni var alls ekki skemmt en ég fékk ekkert við mig ráðið og hló eins og asni.

Aðaláhugamálið?

Ljósmyndun.

Besta vefsíðan að þínu mati?

Wikipedia, Grooveshark.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Vísindamaður.

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Polinmæði.

En helsti löstur?

Polinmæði.

Besta farartækið?

Gamli góði Bensinn minn.

Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?

Kannski það sé gamlársdagur.

Hvaða manneskju lífur þú mest upp til?

Peirrar sem sýnir öðrum virðingu og kærleika. Svo öfunda ég talsvert þá sem hafa stálminni.

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Ég má heita hvað sem er og hef ákveðið að halda mig við að heita Gísli Halldór.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Upp úr miðnætti.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Voginni.

Lífsmottólið þitt?

Sannleikurinn er sagna bestur.



Starlight

útiseriur

100% vatnsheldar

Fást eingöngu í Húsasmiðjunni/Blómavali

Hágæða seríur sem þola vel íslenska veðráttu. Þú færð Starlight eingöngu í Húsasmiðjunni þar sem þær eru til í miklu úrvali og nokkrum litum.



verð frá
6.999

Grenilengja
Sería fylgir ekki
2718500, 2718506
Verð frá:
699

ALLT FYRIR JÓLIN

á einum stað



1.499

Aðventuljós
2702062, 5899631-3



verð frá
399

Blick's í 20 ár
Húsasmiðjan og Blómaval

Litaðar perur
Verð 229 kr/stk



Inni- og útiseriur
Þú þekkir þær á græna kassanum



HÚSASMIÐJAN



Coop

367 kr. Skógarber

300 g, lausfryst, frá **Coop**



Coop

189 kr. Kókosmjólk

17%, 400 ml, frá **Coop**



Coop

398 kr. Hindber

300 g, lausfryst, frá **Coop**



Coop

347 kr. Jarðarber

500 g, lausfryst, frá **Coop**



Coop tilboð

Gæði og gott verð!



Coop

496 kr. Kakómalt

800 g, frá **Coop**



Coop

311 kr. Grænmeti

750 g, hollensk blanda, fryst, frá **Coop**



Coop

399 kr. Grill Mix

600 g, grillblanda, fryst, frá **Coop**

Velkomin í Samkaup Úrval á Akureyri, Blönduósi, Bolungarvík, Borgarnesi, Dalvík, Í

Samkaup

úrval

góðir grannar

Sparnaðartilboð helgarinnar **12. nóv. - 15. nóv.**

**46%
afsláttur**



~~1.649~~

890 kr.
kg

Svínahnakki

úrbeinaður, úr kjötbörði / pakkað ferskt

Skráðu þig á spara@samkaupurval.is
þá færðu sparnaðartilboðin og uppskrift send í tölvupósti!

**30%
afsláttur**



~~199~~

139 kr.
stk.

Nautahamborgarar

120g, úr kjötbörði / pakkað ferskt

**30%
afsláttur**



~~1.498~~

1.049 kr.
kg

Lambasaltkjöt

blandað, 1.fl., frá Kjötseli

**30%
afsláttur**



~~1.598~~

1.119 kr.
kg

Lambalæri

úr kjötbörði / pakkað ferskt

**28%
afsláttur**



~~1.798~~

1.295 kr.
kg

Lambakótilettur

úr kjötbörði / pakkað ferskt

**30%
afsláttur**



~~1.798~~

1.259 kr.
kg

Grísnitsel

í raspi, fryst, frá Kjötseli

**26%
afsláttur**



~~1.880~~

1.391 kr.
kg

Lambasúpukjöt

valið, úr kjötbörði / pakkað ferskt

**28%
afsláttur**



~~2.749~~

1.979 kr.
kg

Kjúklíngabringur

án skinns, frá Ísfugli

**14%
afsláttur**



~~349~~

299 kr.

Cider

epla og peru, 1,5l, frá **Coop**

**Tilboð
3 fyrir 2**



~~349~~

139 kr.

Brazzi ávaxtasafi

kaupir 2 – færð Morgunsafa frítt!

garvík, Borgarnesi, Dalvík, Egilsstöðum, Grundarfirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Neskaupstað, Ólafsfirði, Selfossi, Siglufirði og Skagaströnd.

I'm from BB!

Aðalsteinn Leifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík:

London, október 1994
„Where do you think you are going?“ Öryggisvörðurinn á tónleikastaðnum stóð skyndilega fyrir framan mig eins og meðalstór fjallgarður þar sem ég gekk eftir rauðum dregli fram hjá skaranum sem stóð í röð til hliðar. „I'm with the Press“, sagði ég rólegur og sýndi honum íslenska blaðamannaskírteinið. „Which paper?“ spurði hann tortrygginn. „I'm from BB“, sagði ég. „Really? Go in then“, svaraði fjallgarðurinn!

Ísafjörður, júní 1994
„Jæja, og hvað á ég svo að gera?“ Ég fann Sól götu og BB eftir leiðbeiningum frá kærastunni, Ágústu Þóru Jónsdóttur, og var mættur til starfa sumarið 1994. Veturinn áður hafði ég klárað stjórn málafræði í HÍ og verið ritstjóri Stúdentablaðsins. Ég var til í slaginn og spenntur að byrja.

Sigurjón var ekkert að flækja málin: „Þú skrifar blaðið“.

Gott að hafa einfalda og skýra starfslýsingu, hugsaði ég, en gat ekki varist örlitlum kvíða. „Jú, svo tekur þú líka myndir ef Halldór hefur ekki tækifæri til þess“, bætir Sigurjón við.

Þegar ég sá snjókorn falla á Sól götuna síðar þessa fyrstu viku í júní velti ég því fyrir mér að ég væri að upplifa þrefalt kraftaverk. Í fyrsta lagi var kraftaverk að metnaðarfullt og vandað blað á borð við BB skuli yfirleitt vera til, í öðru lagi var kraftaverk að fyrsta blaðið þar sem ég var eini maðurinn með titilinn „blaðamaður“ hafi litið dagsins ljós, í þriðja lagi var kraftaverk að Sigurjón og Halldór hafi treyst strák sem er Reykvikingur í a.m.k. 15 kynslóðir (og sem fannst og finnst enn kraftaverk að sjá snjókomu í bænum í júní) til að skrifa blaðið.

Þetta voru aðeins fyrstu þrjú kraftaverkin af miklu fleiri sem ég átti eftir að upplifa þetta stórkostlega sumar. Ég hlakkaði til að mæta í vinnuna á hverjum degi og fannst það forréttindi að fá að kynna Vestfjörðum og Vestfirðingum í gegnum BB. Starfið fyrir blaðið gaf mér afsökun og tækifæri til að tala við og kynna fólki alls staðar í þessu þetta samfélagi sem ég fékk sterkari og sterkari tilfinningar til. Starfið og fréttirnar voru áhuga-verðar því þær snerust um dag-

legt líf og „venjulegt“ en e.t.v. óvenju orkuríkt (!) fólk. Ég beyttist um svæðið á gömlum og beygluðum Fiat Uno sem gekk fyrir bensíni, olíu og heppni og fékk að upplifa gönguferðir um miðnætti, siglingar um Djúpið, flug til Hornstranda og margs konar menningarviðburði – allt það sem vert var að skrifa um í atvinnulífi, menningarlífi og ferðamennsku.

Skemmtilegasti tími vikunnar var samt að taka forsiðuviðtalið þar sem ég kynntist nánar sögum áhugaverðra Vestfirðinga og aðkomufólks. Allt frá forkólfum í atvinnulífi til Erlu Stefánsdóttur sem kom við til þess að kortleggja álfabyggðina sem ku vera blómleg í fjöllum umhverfis Ísafjörð.

Kollegarnir á BB voru frábærir félagar. Hvar annars staðar en á Ísafirði kynnist maður einhverjum á borð við Hermann Snorrason, sem fékk mig til að prófa svífvænginn sinn sem hann hafði

pantað yfir Netið og lært að fljúga sjálfur eftir handbók?

Þetta sumar trúlofaðist ég Vestfjörðum í tvennum skilningi. Við Ágústa festum ráð okkar eitt lyngt sumarkvöld í Skálavík og Vestfirðir urðu fastur og ómissandi hlutur af lífi mínu. Haustið kom allt of snemma og þá kvaddi ég blaðið til þess að fara í framhaldsnám í London School of Economics. Stórborgin var fyrst heldur óraunveruleg og ópersónuleg eftir veruna á Vestfjörðum. En hún hafði einnig sína frábæru kosti. Sérstaklega fyrir mann með blaðamannaskírteini frá BB!

– Aðalsteinn Leifsson starfði fyrir utanríkisþjónustu ESB, EFTA og utanríkisráðuneyti Íslands eftir veru sína á BB og er nú lektor í viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík þar sem hann veitir einnig meistaranámi í rekstrarhagfræði (MBA) forstöðu.



Gamlir b

Ég starfaði ekki lengi á Bæjarins besta, rétt rúmlega hálft ár ef mér skjátlast ekki (frá janúar 2002 til loka ágúst mánaðar þess árs), en tíminn þar var mér sérstaklega lærdómsríkur. Ég tel að veran á blaðinu hafi veitt mér ágætan undirbúning fyrir margt sem ég hef tekið mér fyrir hendur síðan, bæði nám og störf.

Þar fékk ég að vinna við hlið reyndra og öflugra blaðamanna á borð við Hlyn Þór Magnússon og Hálf dán Bjarka Hálf dánsson, fólk sem ég hafði lengi litið upp til og geri enn (í tilviki Hálf dánsson Bjarka er reyndar ómögulegt annað en að líta upp til hans, maðurinn er tröllvaxinn með eindæmum). Þessir menn báðir – eins og reyndar allir sem unnu hjá H-Prenti á þessum tíma – eru miklar hamhleypur til verka og veigra sér ekki við að henda út heilu tölublaði af viðtölum og fréttaskýringum að kvöldi eftir að hafa skrifað að lágmarki átta fréttir fyrir vefinn yfir daginn. Að minnsta kosti átta.

Ef eitthvað þarf að gera, þá er það bara gert. Og hananú.

Ég ritstýri sjálfur tímariti um þessar mundir og hugleiddi einmitt um daginn hvað ég hefði í raun lært mikið af verunni á Bæjarins besta og hve mjög ég byggi að reynslunni þaðan og því að vinna undir Sigurjóni J. Sigurðssyni og Halldóri Sveinbjörnsyni. Að starfa á lítilli ritstjórn var mér ómetanlegt, þar sem maður sá blaðið verða til úr engu; frá greinaskrifum og myndatökum yfir í hönnunarvinnu hjá Halla og umbrot hjá Sigurjóni sjálfum, yfir að prentuninni sjálfri og loks dreifingunni. Það kenndi mér að fátt er ómögulegt ef teymi af góðu og duglegu fólki er til staðar, að fjölmiðlun er ekki ósnertanlegt og flókið bákn sem þarf stórt skrifstofuhús og aðra eins prentvél til að standa að sómasamlega. Það þarf bara duglegt fólk sem hefur áhuga á starfinu og málefnum sem fjallað er um.

Og svo þarf að keyra það áfram af hörku, hringja á fimm mínútna fresti til að reka á eftir fréttum og verkefnum.

Og kaffi. Mikið af sterku kaffi.

Margar minningar standa eftir. Ég vann að nokkrum greinum sem ég er enn nokkuð stoltur af (t.d. ítarlega myndskreytt skiptinemaævintýri Gylfa Ólafssonar, grein um húðflúr Ísfirðinga, frétt um stofnfund Kólumbusar – félags áhugamanna um minnkandi samskipti Íslands og Bandaríkjanna, auk nokkurra ógleymanlegra börn-að-borða-is-í-sólinni-frétta). Eins lifa í minningunni fjölmörg skemmtileg símtöl frá lesendum sem vildu ólmir koma mér og ritstjórn í skilning um að málfari, stafsetningu eða innslætti í tiltekinni frétt væri ábótavant, það væri dónaskapur að skrifa „Ísfirðingar“ þar sem miðillinn væri ætlaður öllum íbúum Ísafjarðarbæjar og því ætti ég helst að nota „íbúar Ísafjarðarbæjar“ eða þá „Ísfirðingar, Flateyringar, Súgfirðingar, Þingeyringar og Hnífisdælingar“ sem er frekar óþjált en komst fljótt upp í vana.

Svo var það þegar ég hóf störf á blaðinu. Ég hafði sent Sigurjóni tölvupóst þegar ég sá á vefnum auglýst eftir blaðamanni sem var tilbúinn að „hefja störf samstundis“ (slíkar auglýsingar eiga til að skjóta upp kollinum hjá BB) og hann sagti mér að koma morguninn eftir klukkan níu. Ég mætti þá og taldi mig vera á leið í atvinnuviðtal.

Það var aldeilis ekki. Ég kom þarna um morguninn, Sigurjón var á kafi í vinnu og sagði:

„Heyrðu, talaðu við Halldór, hann sýnir þér húsið.“ Halldór kom, sýndi mér prentsmiðjuna og fór svo með mig á efri hæðina, kynnti mig fyrir Halla og Guðfinnu og sagði svo: „Þarna er kaffivélin, þarna er tölvan og þarna er síminn. Þú þarft að gera fjórar fréttir fyrir hádegi.“

„En hérna, hvernig geri ég frétt?“ svaraði ég.

„Nú, þú hringir í einhvern og spyrð hvað er að fréttu. Kannski var einhver bíll fastur á heiðinni í nótt, hringdu í Vegagerðina og tékkaðu á því.“

„Ókei“, hugsaði ég. Og settist niður með kaffibolla. Og var allt

nlir blaðamenn rifja upp ...

Unnið á Bæjarins besta

Haukur Magnússon, ritstjóri Grapevine:



í einu orðinn blaðamaður. Hana-nú!

Þetta sumarið fóru fram sveitarstjórnarkosningar og ég hafði áhuga á því að láta til mín taka á þeim vettvangi. Spurði því Sigurjón hvort ekki væri sniðugt að taka viðtal við oddvita allra flokkanna og birta í þeim blöðum sem kæmu út fram að kosningum. Ég fékk leyfi til þess og hóf að taka viðtölin. Röðin var komin að Magnúsi Reyni Guðmunds-

syni og við áttum skemmtilegt spjall heima hjá honum eitthvert kvöldið áður en hann hélt á gott djammssessjon með Villa Valla, Óla Kitt og félögum.

Svo kom að því að myndskreyta viðtalið, en á þessum tíma vorum við blaðamennirnir einnig látnir taka ljósmyndirnar. Verandi í kosningagírnum og heldur af gamla skólanum hafði Magnús Reynir mikinn áhuga á því hvernig hann kæmi fyrir á þess-

um myndum og virtist hallur undir flest best reyndu trixin úr kosningahandbókunum. Hann hringdi reglulega í mig í aðdraganda myndatökunnar og velti fyrir sér hvernig mætti koma hans trúverðuga karakter til skila myndrænt (hann hafði staðið sig með þrýði í viðtalinu og mér þótti það veita honum ágæt meðmæli í sjálfu sér).

Við hittumst einhvern eftirmiðdaginn og skutum á nokkrum

stöðum, en eitthvað þótti vanta upp á sjarmann. Við Magnús vorum þungt hugsí, en þá vildi svo heppilega til að barnabarn hans, sírka tíu ára gamall drengur, hjólaði framhjá. Magnús rauk til, elti strákinn uppi og egndi hann til að taka þátt í myndatökunni gegn því að bjóða honum upp á ís eftir. Það vita enda allir að stjórnmálamönnum fer einkar vel að stilla sér upp með börnum, jafnvel að kyssa þau og kjassa.

Við tókum myndina og hún birtist með viðtalinu. Þegar blaðið kom úr prentun minnti greinin mig nokkuð á kosninga- blað Fönklistans frá nokkrum árum áður, Elginn, enda voru svipaðar myndskreytingar þar með flestum greinum. Fönklistinn var ótvíræður sigurvegari þeirra kosninga og því eðlilegt að menn vilji hagnýta þeirra úthugsuðu kosningabrellur.

– Haukur S. Magnússon.



Erfitt verkefni blaðamanna á Bæjarins besta

Hálf dán Bjarki Hálf dánsson, upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar.

Ég byrjaði að vinna á Bæjarins besta snemma árs 2000 þegar blaðið hafði fært út starfseminna yfir á síður Internetsins. Í fyrstu var metnaðurinn hóflegur og væntingarnar eftir því. Fréttir voru fáar á vefnum en þeim fjölgaði mjög hratt fyrstu árin. Lesendur voru fljótlega farnir að krefjast þess að ekki liðu meira en 20 mínútur á milli fréttanna og þegar kröfurnar eru svo miklar þarf enginn að vera hissa þó sumar fréttirnar verði æði ómerkilegar.

Það var og er sennilega enn á grensunni að svæðið standi undir 25 fréttum á dag miðað við hefðbundna staðla. Í blaðamennsku má segja að sú regla gildi að því minna sem er að fréttanna, þeim mun meira er að gera hjá blaðamanninum, því mikill tími fer í að grafa upp fréttir og gera sér mat úr ýmsu. Aflatölur frá höfnum Vestfjarða björguðu miklu og efmaður komst í feita skýrslu var hægt að smjatta á henni svo vikum skipti. Fuglafréttir hafa verið fyrirferðarmiklar á sumrin og afeinhverjum ástæðum hafa landsfjölmiðlar verið

sólgirnir í að taka þær upp eftir BB. Þannig var jaðrakinn Böddi einn frægasti Vestfirðingur landsins fyrir nokkrum árum og gripu landsfjölmiðlarnir fréttir af honum tafarlaust upp á meðan tíðindi af gjaldþrotum, stórfamkvæmdum og stofnun nýrra fyrirtækja voru látin algjörlega í friði.

Sumum þykir þetta eflaust ekki merkileg blaðamennska en líta verður til þess hversu mikið verk það er að halda úti jafn öflugum fréttamiðli á jafn litlu markaðssvæði. Þó eflaust hafi margt mátt betur fara í gegnum tíðina eins og gengur og gerist, þá er erfitt að þræta fyrir að það er afrek að ná að halda úti vikulegu fréttablaði og reglulega uppfærðum fréttavef á svæðinu. Veit ég fyrir víst að Vestfirðingar hafa lengi þótt öfundsverðir fyrir þessar sakir.

Oft er flýtirinn mikill og eflaust hef ég gert einhverjar skondnar vitleysur á mínum ferli, en mér er afeinhverjum ástæðum algjörlega ómögulegt að muna eftir nokkru dæmi. Af jafn undarlegum ástæðum man ég glögglega eftir skondnum misfærslum samstarfsmanna minna. Það er þó kannski ekki mitt hlutverk að

segja frá þeim.

Ég starfaði á BB af og til í um átta ár, tók mér hlé um bil til að stunda háskólanám og elta ektafrúna til útlanda. Núna starfa ég sem upplýsingafulltrúi hjá Ísafjarðarbæ.

Ég held að flestum Vestfirðingum þyki vænt um þetta héraðsfréttablað sitt og vilji veg þess sem mestan. Blaðamenn og ritstjórn þess þurfa jafnan að sigla milli skers og báru, gæta þess að vega ekki of fast að mönnum þar sem nálægð er mikil í litlum bæjum en vera um leið gagnrýnir á það sem miður fer. Mörgum hefur af og til þótt ómaklega að sér vegið og öðrum þykir ekki nógu hart fram gengið í umfjöllun um einstök málefni. Taka verður tillit til þess erfiða verks sem fréttamenn BB og annarra héraðsfréttamiðla hafa með höndum.

Bæjarins besta og starfsfólki þess óska ég innilega til hamingju með aldarfjórðungsaframfærslu og vona ég og trúir að blaðamenn BB eigi eftir að flytja okkur fréttir af vestfirskum málefnum um ókomna tíð.

– Hálf dán Bjarki Hálf dánsson.

Gamlir b

Mikil upplifun að starfa á BB

Albertína Elíasdóttir, félagsfræðingur.

Ég gerðist svo fræg sumarið 2001 að starfa sem blaðamaður hjá Bæjarins besta. Þetta var fyrsta sumarstarfið mitt eftir að ég hóf háskólanám og verður að viðurkennast að ég var nokkuð blaut á bak við eyrun. Ég leit þó að sjálfsögðu ekki svo á, ungur háskólaneminn, og hlaut auðvitað að kunna allt sem kunna þyrfti. Ég komst þó fljótlega að því að það er miklu meira en að segja það að reka blað eins og Bæjarins besta. Þó að blaðið sé e.t.v. ekki stórt í sniðum þá þarf samt sem áður að fylla vikulegt blað af fréttum og öðru skemmtilegu efni fyrir lesendur. Og ekki nóg með það, heldur þarf einnig að skrifa fjölda fréttanna á hverjum degi til að setja inn á heimasíðu blaðsins, sem ég leyfi mér að fullyrða að flestir hér á svæðinu og þeir sem héðan eru kíkja reglulega á.

Það var heilmikil upplifun að starfa sem blaðamaður á Bæjarins besta, þó það hafi aðeins verið eitt sumar. Upplifun sem hefur búið með mér síðan og raunar oftast komið að góðum notum en ég bjóst við þegar ég hóf störf á blaðinu, skjálfaði á beinunum en þó svo viss um að ég gæti þetta. Fyrstu dagarnir voru vægast sagt sjokkerandi. Það er nefnilega svo merkilegt að fréttirnar birtast ekki bara sjálfkrafa á skjánum heldur þarf virkilega að hafa fyrir því að finna fréttirnar, og já, svo þarf auðvitað að skrifa þær líka. Það var nú fyrsta sjokkið, það var enginn vikufrestur til að „skila ritgerðinni“ eins og í skóla, heldur er fréttin fundin, skrifuð og birt á eins stuttum tíma og mögulegt er.

Ég gæti rifjað upp margar áhugaverðar sögur um tíma minn á Bæjarins besta, enda var ég svo heppin að starfa með skemmtilegu fólki. Mest áhrif hafði þó líklega Hlynur Þór Magnússon á mig. Hann var sá sem leiddi mig inn í heim fréttamenskunnar af miklu öryggi og þolinmæði, sem oft var ekki vanþörf á.

Á þessum tímamótum kemur þó fleira upp í huga minn en stuttur og ánægjulegur blaðamanns-



ferill, nokkuð sem ég áttaði mig á síðar. Það sem við íbúar svæðisins munum e.t.v. ekki alltaf er að með þeim fréttum sem Bæjarins besta hefur flutt af svæðinu síðustu tuttugu og fimm ár, fréttum af daglegu lífi íbúa svæðisins og atburðum í samfélaginu, gegnir blaðið mjög mikilvægu hlutverki. Útgáfa eins og Bæjarins besta endurspeglar og jafnvel staðfestir mynd samfélagsins og andrúmsloftið innan þess, það getur haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif.

Í stað þess að segja fréttir af öllu landinu segir það einungis fréttir af svæðinu. Í leiðinni hjálpar það til við að styrkja samhygd innan samfélagsins, þ.e. það endurspeglar stöðugt hvað það er að vera hluti af samfélaginu hér fyrir vestan. Það sem gerir blöð eins og Bæjarins besta einmitt svo mikilvæg er að í stað þess að flytja fréttir af „mikilvægum fólki“ þá segir það frá mikilvægum atburðum í lífi „venjulegs fólks“. Fréttirnar geta verið jákvæðar og neikvæðar, en umfram allt eru þetta fréttir af svæði sem aðrir miðlar hirða því miður minna um að flytja fréttir af, og allra síst þær jákvæðu.

Fólk getur haft mismunandi skoðanir á blaðinu, efnistöðum þess, ritstjórn og svo framvegis, en það breytir því ekki að þetta blað hefur gert mikið fyrir samfélag okkar hér fyrir vestan. Ég óska eigendum, starfsmönnum og fyrrum starfsmönnum innilega til hamingju með afmælið og þakka fyrir mig.

– Albertína Elíasdóttir.

mlir blaðamenn rifja upp ...



Ljósm: Rúnar Már Jónatansson.

Guðjón eða Davíð – skiptir það einhverju?

Jakob Falur Garðarsson, framkvæmdastjóri:

Hann afi minn vann í Neðsta. Í skipasmíðastöðinni hjá Massa. Og ég lék mér oft og lengi í Neðsta. Þetta var mikill ævin-týraheimur, þessi leikvöllur æsku minnar. Mörgum árum síðar fékk ég svo vinnu í Neðsta. Ekki við að setja saman báta, líkt og hann afi minn, heldur við að setja sam-an texta. Ég man að mér fannst það dálítið töff, að vinna í Neðsta. Eins og afi. Halldór og Sigurjón höfðu fengið inni í gömlum kumb-alda hjá Presti Massa og þar urðu H-prent og BB til.

Litla fjölrítið óx og dafnaði hratt á þessum fyrstu árum og um það leyti sem ég er að byrja á BB breyttum við í raun blaðinu í sambland af fréttablaði og tíma-riti. Umbrotinu var breytt þannig að blaðið minnti frekar á tímarit, hætt var að nota forsiðuna undir

fréttir og almennt efni og hún sett upp líkt og tímaritsforsíða, með stórrí mynd og vísunum í efnið á innsíðunum. Og oftast en ekki var reynt að hafa gott viðtal í blaðinu. Ég tók þau nokkur viðtölin fyrir blaðið á þessum tíma, misgáfuleg væntanlega og misminnisstæð. En eitt þeirra er mér þó minnistæðara en önnur. Það var viðtalið mitt við Bolvík-inginn Davíð S. Ólafsson.

Davíð, sonur Óla Kitt bæjar-stjóra í Bolungarvík, var nýkom-inn heim frá Þýskalandi, hvar hann hafði verið að læra píanó-stillingar hjá hinum virta Stein-way og sonum hans. Davíð hafði ég aldrei áður hitt og því vildi ég eyða góðum tíma með honum til þess að kynnast honum og fá einhverja innsýn í hans líf. Við hittumst á heimili foreldra hans í

Bolungarvík, drukkum saman kaffi, spjölluðum saman um heima og geima og skemmtum okkur alveg hreint ágætlega. Ég kvaddi Davíð með þeim orðum að hann gæti fljótlega litið inn til mín í Neðsta og litið yfir viðtalið.

Sem hann og gerði. Fékk við-talið prentað út á spalta, rúllaði því upp og lofaði að koma fljót-lega til baka með athugasemdir ef einhverjar væru. Og það gerði hann sannarlega. Kom tiltölulega fljótt aftur með spaltann, rétti mér hann með bros á vör og sagði eitthvað á þessa leið: Jakob minn, þetta er alveg hreint ágætis viðtal hjá þér og ég hef í raun engar athugasemdir – nema eina, ég heiti Davíð en ekki Guðjón! Ég hafði sem sagt skrifað heilt viðtal við manninn en tekist að klúðra nafninu á honum. Heldur

varð ég nú skömmustulegur enda fáheyrt að klúðra nafninu á við-mælanda sínum í löngu viðtali sem þessu – en svo birtist það á prenti, með réttu nafni sem betur fer. Blaðamaðurinn ungi hafði lært lexíu.

Þessi tími á BB var ljúfur enda félagsskapurinn góður. Og góðar voru þær stundirnar á litlu kaffistofunni með gúmmelaði úr Gamla. Og ekki versnuðu þær þegar góðir gestir ráku þar inn nefið – sem gerðist nú ekki sjald-an. BB hefur svo sannarlega vax-ið og dafnað, slitið barnsskónum með þó nokkrum stæl og er fyrir margt löngu flutt úr kumbaldan-um í Neðsta upp í Gúttó í Sölgöt-unni. Aldarfjórðungur liðinn. Kæru vinir heima á BB, hjartan-legar afmæliskveðjur til ykkar allra frá okkur Vigdís.

– Jakob Falur Garðarsson var blaðamaður á BB frá hausti 1987 í u.þ.b eitt ár. Fæddur og upp-alinn búðardrengur í Björnsbúð. Hann las stjórnmálafræði í Kant-araborg og hefur starfað hér og þar, t.a.m. sem framkvæmda-stjóri nefndar um rafræn við-skripti hjá Verslunarráði Íslands, sem aðstoðarmaður Sturlu Böðv-arssonar samgönguráðherra og sem starfsmaður samgönguráðu-neytis við sendiráð Íslands í Brussel.

Jakob Falur starfar í dag sem framkvæmdastjóri Frumtaka, samtaka framleiðenda frumlyfja. Hann er kvæntur Vigdísí Jakobs-dóttur, leikstjóra og forstöðu-manni fræðsludeildar Þjóðleik-hússins, fyrrverandi blaðamanni á BB!

Gamlir blaðamenn rifja upp ...

Samofinn Bæjarins besta ...

Hlynur Þór Magnússon, blekbóndi á Reykhólum:

Eins og Bæjarins besta er eitt af elstu héraðsfréttablöðum landsins sem enn lifa er ég væntanlega einn af elstu héraðsfréttamönnum landsins sem enn lifa. Senn er aldarfjórðungur frá því að ég byrjaði á þeim vettvangi vestur á Ísafirði – sem blaðamaður á Bæjarins besta.

Þá voru reyndar nærri tveir áratugir frá því að varð blaðamaður á Morgunblaðinu þar sem ég vann um skeið þegar ég var í skóla. Þetta sýnir hvað ég er orð-


inn gamall.

Haustið 1985 kom ég til kennslu við Menntaskólann á Ísafirði. Minn æviginur og samstarfsmaður lengi áður á Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Björn Teitsson magister, nuddaði í mér þá um sumarið að koma vestur og kenna við Menntaskólann á Ísafirði einn vetur. Það varð úr að ég færi vestur og yrði einn vetur. Hann reyndist nokkuð langur.

Þegar leið að vori hringdi til

mín Sigurjón á Bæjarins besta og falaðist eftir starfskröftum mínum. Sagðist hafa heyrt að ég hefði reynslu af blaðamennsku.

Í fyrstu tók ég þessari mála-leitan fjarri. Sagði að nauðsynlegt væri fyrir blaðamann á héraðs-miðli að vera gjörkunnugur fólki, fyrirtækjum og málefnum á því svæði sem fjallað væri um og það væri ég vissulega ekki. Sigurjón lét sig ekki og ég kom til vinnu á Bæjarins besta vorið 1986 og var þar fyrsti blaðamað-



urinn í fullu starfi. Áður hafði Snorri Grímsson verið þar um tíma í hálfu starfi og jafnframt fyrsti blaðamaðurinn sem ráðinn var til Bæjarins besta.

Síðan var ég í fullu starfi á Bæjarins besta næsta árið, allan veturinn jafnframt fullri kennslu. Um vorið fékk ég besta og klárasta nemandann minn í Menntaskólanum á Ísafirði á þeim tíma (að öðrum ólöstuðum), Vigdís Jakobsdóttir, til þess að koma í mitt starf á Bæjarins besta.

Næsta áratuginn var ég við blaðaskrif á öðrum vettvangi. Meðal annars var ég um átta ára skeið ritstjóri Vestfirska fréttablaðsins sáluga. Samkeppnin milli Vestfirska og Bæjarins besta var hörð enda sama vörutegund í boði á litlum markaði. Þarna lenti ég í samkeppni við mína vini og fyrrverandi yfirboðara á Bæjarins besta, Halldór Sveinbjörnsson prentmeistara og ljósmyndara og Sigurjón J. Sigurðsson ritstjóra. Í kannski tvö eða þrjú skipti hvessti eitthvað milli blaðanna á síðum þeirra en ástæðum þeirra sviptivinda er ég löngu búinn að gleyma, sem betur fer. Þær rokur höfðu hins vegar engin áhrif á góð persónuleg

samskipti okkar alla tíð.

Svo var það aftur fyrir rúmum áratug sem ég fór að vinna á ný fyrir Bæjarins besta. Mig minnir að árið 1998 hafi ég skrifað opnuviðtöl eða forsiðuviðtöl í flest tölublöðin. Þetta gerði ég með fullri kennslu og vann yfirleitt aðfaranætur mánudaga meira og minna til að geta skilað viðtölunum að morgni áður en ég færi að kenna. Þá var ég yngri og úthaldsbetri en núna.

Síðan gerðist ég fastur starfsmaður Bæjarins besta á ný, líklega vorið 1999. Ég var í fastri vinnu á Bæjarins besta og síðan jafnframt á bb.is fram á árið 2003 þegar ég sagði mig lausan sakir annarra viðfangsefna. Samt hef ég alla tíð síðan verið mjög tengdur blaðinu og vefnum. Þrátt fyrir brottflutning suður að Breiðafirði hef ég skrifað fjöldann allan af viðtölum fyrir Bæjarins besta og geri enn. Íðulega hef ég líka hlaupið undir bagga með fréttaskrif á bb.is vegna forfalla eða af öðrum ástæðum.

Ennþá liggur Sigurjón vinur minn á Bæjarins besta stöðugt á mér að skrifa viðtöl fyrir blaðið. Mér finnst sjálfum að ég sé löngu útbrunninn í þeim efnum og þetta sé lítið annað en klisjuvinna hjá mér. Enda á ég langlengstan starfsaldur allra að baki á Bæjarins besta ef undanskildir eru stofnendurnir Sigurjón og Halldór. Þeir eru að visu miklu yngri en ég.

Ég þakka þeim félögum innilega fyrir samstarfið meira og minna í bráðum aldarfjórðung. Jafnframt hugsa ég með virðingu og þakklæti til hinna mörgu sem ég hef unnið með á Bæjarins besta, bæði blaðamanna og starfsfólks í prentsmiðju og umbroti og öðrum verkefnum.

– Hlynur Þór Magnússon, blekbóndi á Reykhólum.

REYKINGAR GETA VALDIÐ GETULEYSI

Fáðu hjálp við að hætta á
reyklus.is eða í síma 800 60 30



Reykingar flýta fyrir
öldrun húðarinnar



Ef þú hættir að
reykja dregur
það úr líkum á
banvænum
hjarta- og
lungna-
sjúkdómum



Reykingar á meðgöngu
skada föstur



Fáðu hjálp við að hætta að
reykja: sími 800 60 30



Verndaðu börnin – láttu þau
ekki anda að sér tobaksreyk




Reykingar
drepa



LÝÐHEILSUSTÖÐ

**Það er ódýrara að
vera áskrifandi!
Síminn er
456 4560**



Þú færð allar jólabækurnar í Eymundsson



Bókalestur eykst í kreppunni

Útlán á bókum hjá Bókasafni-
inu á Ísafirði hefur aukist í efna-
hagskreppunni. „Mér sýnist aukn-
ingin nema um 10% milli ára.

Ég hef þó ekki nákvæmar tölur
fyrir en ég geri upp árið“ segir
Jóhann Hinriksson, forstöðu-
maður Safnahússins á Ísafirði.

„Það vill oft verða þannig að
þegar harðnar í ári fer fólk að
lesa meira.“ Mikil aukning hefur
verið á handverksbókum af ýmsu

tagi sem bendir til að bókalestur
sé ekki eina áhugamálið sem bet-
ur er hugað að í kreppunni. „Alls
kyns föndur-, þrjóna- og aðrar
handverksbækur hafa verið sér-
staklega vinsælar að undanfögnu.“
Hann bætir við að einnig séu
skáldsögur vinsælar og biðlisti
hefur skapast varðandi vinsæl-
ustu bækurnar. „Við höfum reynt
að draga úr því í gegnum árin
með því að bæta við eintökum af
vinsælustu bókunum, en nú þurf-
um við að halda að okkur hönd-
um eins og aðrir. Við höfum því
ekki getað leyft okkur að kaupa
eins mörg eintök og við hefðum
viljað.“

Ekki eru það eingöngu lestrar-
hestar sem sækja í Safnahúsið.

„Það hefur verið mjög mikið að
gera í sumar og raunar er mun
meiri aukning í húsið sjálft en í
útlánum bóka. Ferðamenn sóttu
söfnin mikið í sumar en nú þegar
haustar koma fleiri heimamenn.
Þá hefur verið góð aðsókn í að
nota netið hjá okkur og eru það
einna helst nemar sem sækja í
það.“ Safnahúsið á Eyrartúni sem
kallað er Gamla sjúkrahúsið í
daglegu tali var byggt af Ísa-
fjarðarkaupstað sem sjúkrahús
árið 1925. Húsið var endurbýgt
og fært til upprunalegs horfs að
mestu og vígt sem safnahús 17.
júní 2003. Í húsinu eru nú þessi
söfn: Bæjar- og héraðsbókasafn,
héraðsskjalasafn, Listasafn Ísa-
fjarðar og ljósmyndasafn.



MEÐ BORGUN
TEKUR ÞÚ VIÐ
ÖLLUM KORTUM

Borgun auðveldar viðskipti og hefur sérhæft
sig í öruggri greiðslumiðlun í nær 30 ár

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

BORGUN



Veruleg aukning var í komu ferðamanna á Hótel Ísafirði.

Gott sumar hjá Hótel Ísafirði

Aðsókn að Hótel Ísafirði jókst
verulega í sumar sem og að
Gamla gistiheimilinu og Hótel
Eddu sem hótelið rekur. „Það
var aukning á öllum þremur stöð-
unum okkar. Það skilaði sér bæði
í fjölda gesta og auknum tekjum“,
segir Áslaug Alfreðsdóttir, hótél-
stjóri. Meirihluti gesta voru af
erlendu bergi brotnir. „Útlend-
ingum fjölgaði en Íslendingum
fækkaði hins vegar. Hóparnir
voru minni og fleiri voru á eigin
vegum. Það hefur verið þróunin
undanfarinn áratug að fólk vill
frekar ráða ferðalagi sínu sjálft
og færa sig úr skipulögðum hóp-
um. Er það internetið og allar
þær upplýsingar sem þar finnast

sem stuðla að því. Nú hefur fólk
tækifæri á því að skipuleggja
ferðalagið heima við tölvuna“,
segir Áslaug.

Hún segir haustið hafa verið
mjög gott og að veturinn leggist
ágætlega í starfsfólk hótelsins og
Gamla gistiheimilisins. „Vetur-
inn er alltaf háður því sem er að
gerast í bæjarfélaginu. Við von-
umst eftir því að það sé mikið af
fundum og mikið um framkvæmd-
ir en aðsóknin hjá okkur er sam-
stíga atvinnulífínu og svo spilar
veðrið alltaf inn í. Tímabilið fram
að áramótum er óráðið frá ári til
árs, en við vonum að það verði
bara þokkalegt.“

– thelma@bb.is



Heyrnartækjapjónusta á
Ísafirði

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar
og sölu heyrnartækja **dagana 24. og 25. nóvember**

Mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum

Heyrnartækni hefur um árabil verið með þjónustu fyrir heyrnarskerta á landsbyggðinni.
Í dag veitum við reglulega þjónustu á 19 stöðum víðsvegar um landið.

Nánari upplýsingar og tímapantanir
í síma 568 6880 eða á www.heyrnartækni.is

Heyrnartækni
Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | www.heyrnartækni.is

Fólkið í landinu hefur alltaf verið okkar fjárfesting

Ánægðustu viðskiptavinirnir eru áfram hjá Sparisjóðnum

Hlutverk sparisjóðanna er að standa vörð um hagsmuni landsmanna, treysta innviði samfélagsins og styðja við félags- og atvinnulíf í heimabyggð. Við lítum á viðskiptavinir okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna og aðstoðum þig við að ná yfirsýn og tökum á fjármálum heimilisins.

Við hvetjum þig til þess að kynna þér málið í næsta sparisjóði eða á **spar.is**. Verið velkomin í viðskipti.

Við lögum okkur að þínum þörfum.



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS B

GOTT VERÐ Í BÓNUS



BÓNUS FROSNAR KJÚKLINGALUNDI
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR **1598 kr.kg.**



MÓA HEILL GRILLAÐUR KJÚKLINGUR (KALDUR)
CA 1250 GR **698 kr stk.**



KJÖRFUGL FERSKAR BRINGUR
1598 kr.kg.



BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1598 kr.kg.



KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
598 kr.kg.



ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1998 kr.kg.



BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAVÆNGIR
198 kr.kg.



BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAMOLAR 1 KG
998 kr.



ALI FERSK KJÚKLINGALÆRI **598 kr.kg.**



FERSKIR UNGNAUTAHAMBORGARAR 4 STK M.BRAUÐI
MERKT VERÐ 798 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR **559 kr.**



Í.N FERSKT UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR **1049 kr.kg.**



BÓNUS KJARNABRAUÐ 500 GR **159 kr.**



DAN CAKE RÚLLUTERTUR 3 TEG. 400 GR **298 kr.**



BÓNUS KLEINUR 15 STK **298 kr.**



698

FILIPPO BERIO ÓLÍFVULÍA
500+250 ML
698 kr.

BONUS BÝÐUR BETUR

VISA

NUS B NUS B NUS B NUS B NUS B

GOTT VERÐ Í BÓNUS



NGUR



8 kr.kg.



AKK
049 kr.kg.



98

BERIO ÓLÍFUOLÍA
0+250 ML
98 kr.



398

K.F. FROSID SPÁRHAKK
MERKT VERÐ 498 KR.KG. 20%
AFSLÁTTUR **398 kr.kg.**



398

K.F. NÝTT KJÖTFARS
398 kr.kg.



2099

K.F. KOFAREYKT ÚRBEINAD HANGILÆRI
MERKT VERÐ 2998 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR **2099 kr.kg.**
VINSÆLASTA HANGIKJÖTIÐ Í BÓNUS.



98

MALT Í DÓS 33 CL **98 kr.**



998

ANDREX WC PAPPÍR 12 RÜLLUR **998 kr.**



129

RÓFUR ÍSLENSKAR **129 kr.kg.**



498

K.S. FROSID LAMBASÚPUKJÖT
1.FLOKKUR HAUSTSLÁTRUN 2008
MERKT VERÐ 664 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR **498 kr.kg.**



998

K.S. FROSID LAMBLÆRI
Í POKA
998 kr.kg.
HAUSTSLÁTRUN 2008



268

K.S. FROSIN LAMBASVIÐ
MERKT VERÐ 298 KR.KG. 10% AFSLÁTTUR **268 kr.kg.**



129

PEPSI - PEPSI MAX - EGILS APPELSÍN 1. LTR. **129 kr.**

B NUS BÝÐUR BETUR

VISA

Stiklað á sögu Bæjarins besta

„Í dag hefur þú, lesandi góður, fyrsta eintakið af Bæjarins besta í höndunum. Það hefur lengi blundað í undirrituðum að gefa út eitthvert blað í líkingu við þetta en aldrei orðið að veruleika fyrr en nú. Tilgangur Bæjarins besta er, eins og nafnið bendir til, að koma á framfæri því sem um er að vera í bæjarfélagi okkar í hvert skipti. Ætlun mín er að reyna að hafa blað þetta sem fjölbreyttast og er það opið öllum þeim sem vilja leggja því lið með efni, svo og eru allar ábendingar um efnisval vel þegnar. Með von um góðar viðtökur óska ég ykkur alls hins besta. Sigurjón.“

Með þessum tilvitnuðu orðum sem Sigurjón J. Sigurðsson stofnandi Bæjarins besta ritaði í fyrsta tölublaðið 14. nóvember 1984 var stefnan mörkuð. Hann mun þó ekki hafa órað fyrir því á þeim tíma hver vöxtur blaðsins og viðgangur yrði. Hvað þá að nokkur annar hefði trúað því. Ýmsir spáðu illa fyrir þessu uppátæki og gerðu jafnvel grín að því.

Núna eru tölublöð Bæjarins besta orðin hátt í þrettán hundruð. Þar fyrir utan eru ýmis aukablöð, svo sem sérstök jólagjafablöð sem borið hafa haus Bæjarins besta og ferðablað um Vestfirði sem komið hefur út ár hvert í hálfan annan áratug.

Mjór er mikils vísir

Fyrstu tölublöðin voru vélrituð og allt stærra letur límt inn með þrykkistöfum. Þegar umbroti var lokið var blaðið sent til Reykjavíkur þar sem það var filmuunnið og sett á prentplötur sem sendar voru vestur á Ísafjörð. Fyrsta eintakið sem rann út úr prentvélinni á Ísafirði árla morguns um miðjan nóvember fyrir tuttugu og fimm árum var ósköp smátt, átta síður í brotinu A5 (eins og samantrotið ljósritunarblað), enda var það fyrst og fremst hugsað sem auglýsingablað með sjónvarpsdagskrá.

Pikkinu á ritvélina lauk fljótlega og farið var að tölvusetja blaðið. Sumarið 1985 stofnuðu þeir Halldór Sveinbjörnsson prentari og Sigurjón J. Sigurðsson ritstjóri fyrirtæki um reksturinn og úr varð H-prent, sem enn í dag gefur blaðið út. Við stofnun H-prents var ráðist í fjárfestingar í tækjabúnaði og varð sú ákvörð-

un til þess að ekki varð aftur snúið. Blaðið breytti um útlit og þegar rétt ár var liðið frá útkomu fyrsta tölublaðsins var ákveðið að stækka brot þess, ráða sérstakan blaðamann og gera það að alvöru fréttablaði fyrir Ísafjörð og nágrenni. Fyrstu fimm árin tók blaðið miklum breytingum, bæði hvað varðar útlit og innihald. Í júní 1989 var brot blaðsins enn stækkað og enn á ný var það stækkað í apríl 1991.

Fram til haustsins 1992 var blaðinu dreift frítt. Þá var svo komið að auglýsingatekjurnar stóðu ekki undir rekstrinum. Því var ekki nema um tvennt að ræða, annað hvort að hætta útgáfunni eða að hætta frídreifingu og fara að selja blaðið. Síðari kosturinn var tekinn og síðan hefur blaðið lifað góðu lífi. Svo er kaupendum þess og auglýsendum fyrir að þakka.


Fyrsti árgangurinn þrjú blöð

Fyrsti árgangur Bæjarins besta var ekki stór. Hálfur mánuður leið milli fyrstu blaðanna og aðeins komu út þrjú tölublöð á árinu 1984. Fyrsta tölublað ársins 1985 kom út þegar þrjár vikur voru liðnar af nýja árinu en upp frá því var útgáfan vikuleg og sá árgangur varð 47 tölublöð. Síðan hafa verið 50-53 tölublöð í hverjum árgangi eftir því hvernig hefur staðið á vikudögum og hvort komið hefur út blað milli jóla og nýárs.

Þó er árið 1987 sérkennileg undantekning. Þá kom Bæjarins besta út tvisvar í viku í ellefu vikur samfleytt eða á þriðjudögum og fimmtudögum frá marsbyrjun og fram í síðari hluta maí. Það ár komu út 62 tölublöð.

Fyrsta tölublað Bæjarins besta var 8 síður, annað tölublaðið 12 síður og hið þriðja 16 síður. Þetta sýnir í hnotskurn þær viðtökur sem blaðið fékk hjá auglýsendum. Þriðja tölublaðið sem út kom 14. desember var reyndar lítið annað en auglýsingar. Meira að segja ruddu þær út sjónvarpsdagskránni, sem annars var naglinn í súpunni, og ekki var heldur neinn leiðari eða ávarpsorð til lesenda frá útgefandanum.

Bæjarins besta er aldarspegill



Forsíða fyrsta tölublað Bæjarins besta.

Fróðlegt er að skoða fyrstu eintökin af Bæjarins besta. Þar blasa ekki aðeins við þær tæknibreytingar sem orðið hafa heldur líka og ekki síður þær breytingar á fyrirtækjum og mannlífi sem orðið hafa á þeim tíma sem liðinn er. Blaðið er sannkallaður aldar-spegill, sérstaklega hvað Ísafjörð varðar.

Fyrsta árið eða þangað til sérstakur blaðamaður var ráðinn var

fremur lítið efni í Bæjarins besta fyrir utan sjónvarpsdagskrá og auglýsingar, enda var útgefandinn í öðru starfi. Þó voru þar alltaf einhverjar smáfréttir sem blaðið hlaraði og ýmislegt léttmeti, skopmyndir og barnahorn, auk þess sem pistlahöfundar fjölluðu um málefni líðandi stundar. Smáauglýsingarnar voru líka ómissandi fyrir lesendur allt frá upphafi.

Á forsíðu fyrsta tölublaðsins var teikning eftir Pétur Guðmundsson myndlistarmann og kennara. Á forsíðu annars tölublaðsins var dúkrista eftir Jón Sigurpálsson myndlistarmann. Á forsíðu þriðja tölublaðsins var jólamynd eftir Evu Dögg Pétursdóttur, fimm ára.

Í fyrsta tölublaðinu voru meðal annars fréttir af starfi Sunddeildar Vestra og Litla leikklúbbsins.

Óskum BB til hamingju með afmælið!



LE32B455C4W

32" LCD SJÓNVARP

Nýtt!! Háskerpu sjónvarpsmóttakari

/ DNle+ stafræn myndleiðrétting / Upplausn: 1366 x 768
Contrast: High Contrast / Verð: 149.900 kr. --- 32"

Nintendo

DS Lite
EIN ALLRA
VINSÆLASTA
LEIKJATÖLVA
HEIMS

Verð kr. 29.900,-



FIMM FLOTTIR LITIR

DRAUMAVÉLIN FRÁ
OLYMPUS

FE-4000



12 milljón pixlar · 4x aðráttarlinsa (36-180mm) · Stór 6,9 cm (2,7") LCD skjár · Sérlega einföld og þægileg í notkun · 13 handhægar tókustillingar
· Face Detection til að ná góðum andlitsmyndum · Videoupptaka með hljóði
· Tekur xD og SD minniskort · Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5cm fjarlægð · Lithium hleðslurafflaða og hleðslutæki fylgir

Verð kr. 28.900,-



Pioneer
Magnað HEIMABÍÓ
Verð kr. 119.900,-

ÚRVAL FALLEGRAR
GJAFAVÖRU Á GÓÐU VERÐI

SHARP



FLOTT
HLJÓMTÆKJASTÆÐA

· USB afspilun
· Hljóðstyrkur 2 X 10W RMS
· Spilar MP3/WMA / CD -R/RW
· Tvískiptir hátalarar

Verð kr. 29.900,-



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

Klassísk kaffivél.
Til í svörtu og hvítu
Verð kr. 5.990,-



Smekklegr og vönduð
brauðrist. Til í svörtu og hvítu.
Verð kr. 5.990,-



HÁGÆÐA
HEIMILISTÆKI

OBH NORDICA



Klassa kaffivél
Verð kr. 24.900,-

home art
ALLT TIL AÐ FEGRA HEIMILIÐ OG BÚSTAÐINN

Tefal



JAMIE OLIVER
PROFESSIONAL SERIES FRÁ Tefal
Pottar og pönnur sem slegið
hafa í gegn um allan heim.



Ryksugur - eins og þær gerast bestar!
Verð frá kr. 19.900,-

PRISTUR ORMSSON

PRISTUR // HAFNARSTRÆTI 12 // ÍSAFIRÐI // SÍMI 456 4751



Komin í jólabúning!

Jafnframt hleraði blaðið „að Hvítasunnusöfnuðurinn hér í bæ hafi óskað eftir því við bæjarráð að fá lóðina á horni Hafnarstrætis og Mjallargötu til að byggja félagsheimili. Bæjarráð gat ekki orðið við þeirri beiðni vegna þess að lóðin er ekki í eigu bæjarins. Þar slapp Útvegsbankinn fyrir horn“, eins og þar er komist að orði.

Neðst á forsíðu fyrsta tölublaðsins var auglýsingaborði frá Pólnum hf. á Ísafirði. Aðrir auglýsendur voru Silfurtorgið, Videoleigan Hafraholti 36, KRÍ-húsið, Brauðvalsí, Gullauga, Vélsmiðjan Þór og skemmtistaðirnir Uppsálgir og Dokkan.

Upplagið ekki nógu stórt!

Fróðlegt er að lesa pistil (ritstjórnargrein eða leiðara) frá Sigurjóni J. Sigurðssyni útgefanda í öðru tölublaði Bæjarins besta. Hann er á þessa leið:

„Takk fyrir! Undirritaður þakkar þær góðu móttökur sem þetta blað mitt hefur fengið og hvatningarorð um áframhald sem hafa veitt mér mikinn styrk. Ekki óraði mig fyrir því að móttökurnar yrðu slíkar sem raun hefur orðið á.

Þrátt fyrir alla byrjunarörðugleika er það von mín að blað þetta verði fjölbreyttara og ánægjulegra til lestrar með hverju tölublaðinu sem út kemur. Síðasta blað svo og þetta hafa borið svolítinn keim af því hversu góður auglýsingamiðill þetta er, því auglýsingar eru fjölmargar nú sem þá.

Mistök urðu mér á varðandi fyrsta eintak BÆJARINS BESTA en þau voru að upplagið var ekki nógu stórt fyrir allan bæinn svo að Hnífsdalur og ein til tvær götur í neðri hluta bæjarins urðu útundan. Þetta blað er því í stærra upplagi og er það von mín að allir fái það með skilum. Bæjarins besta verður einnig dreift í stærstu verslanir í nágrannafjórðunum.

Með kveðju. Sigurjón.“

Pistlar og pistlahöfundar

Fyrsti fasti pistlahöfundur

Blaðamenn og ljósmyndun

Fyrir utan ritstjórnann Sigurjón J. Sigurðsson, sem á fyrri árum

Bæjarins besta var Kjói, sem ritaði hugleiðingar sínar í fyrsta tölublaðið og síðan öðru hverju fyrstu mánuðina. Pistlahöfundurinn ISNOB kom fljótt til sögunnar. Ef það dulnefni er lesið aftur á bak munu ýmsir Ísfirðingar sem núna eru komnir af allra léttasta skeiði átta sig á því hver hann er. BB í London (Bjarni Brynjólfsson frá Ísafirði, nú ritstjóri Iceland Review og fleiri blaða) skrifaði öðru hverju pistla í blaðið á fyrstu árunum.

Mikilvirkasti pistlahöfundurinn á uppvaxtarárum Bæjarins besta var þó Hákur, sem byrjaði með sína dálka í febrúar 1986, fyrst öðru hverju en síðan í hverju blaði í nokkur ár. Hákur var oft beinskeyttur og sama má segja um Stakk, sem byrjaði að skrifa sína föstu pistla snemma árs 1994 og gerir enn, meira en fimmtán árum síðar. Oft hafa heyrst ágiskanir um það hver Stakkur sé í raun og veru og hvort þetta sé alltafsami maðurinn eða að fleiri leynist undir þessu dulnefni. Fyrst voru greinar Stakks ekki í hverju blaði en urðu það fljótlega og pistlar hans eru nú komnir vel á áttunda hundraðið.

Leiðaraskrif voru ekki reglubundin fyrstu árin og ýmsir rituðu þá leiðara sem birtust, svo sem áður nefndur ISNOB, Hlynur Þór Magnússon og Ólafur Helgi Kjartansson, auk Sigurjóns J. Sigurðssonar. Fljótlega fór þó að bera á undirskriftinni s.h. undir ritstjórnargreinum og hefur verið svo í hverju blaði í fjöldamörg ár. Sumir hafa talið að hún tákni þá Sigurjón og Halldór en aðrir telja að hún merki eitthvað allt annað. Þetta hefur aldrei komist á hreint fremur en varðandi Stakk.

Jólahugvekjur hafa verið fastur liður í jólablöðum Bæjarins besta og hafa margir prestar og raunar fleiri ritað þar hugleiðingar sínar. Annar fastur þáttur í jólablöðunum eru smásögur Ólafs Helga Kjartanssonar, fyrrum skattstjóra og síðar sýslumanns á Ísafirði en nú á Selfossi. Þær eru nú orðnar tuttugu og ein talsins.



Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson með fyrsta prufueintakið úr fjölritunarvélinni sem notuð var fyrsta starfsárið.

var iðulega eini blaðamaðurinn um lengri eða skemmri tíma, hafa fjölmargir blaðamenn starfað við Bæjarins besta, einn eða fleiri í senn eftir atvikum. Nú eru tveir blaðamenn starfandi við Bæjarins besta og fréttavefinn bb.is, þær Thelma Hjaltadóttir og Friðrika Benónýs.

Ljósmyndari blaðsins hefur alla tíð verið Halldór Sveinbjörnsson, eigandi H-prents ásamt Sigurjóni J. Sigurðssyni og jafnframt ábyrgðarmaður blaðsins ásamt honum. Iðulega hafa þó Sigurjón og blaðamenn líka tekið myndir við ýmis tækifæri.

Fyrir utan fasta blaðamenn hafa ýmsir tekið viðtöl fyrir Bæjarins besta. Þar á meðal hafa fyrrverandi blaðamenn iðulega verið fengnir til þess. Einnig tók Sigurjón ritstjóri allmörg stór viðtöl á fyrri árum.

Á eins árs afmæli Bæjarins besta í nóvember 1985 var fyrsti blaðamaðurinn ráðinn. Það var Snorri Grímsson, núverandi út-sölustjóri ÁTVR á Ísafirði, sem var í hálfu starfi á blaðinu í rúmlega hálf ár eða fram til mailoka 1986.

Þá var fyrsti blaðamaðurinn ráðinn í fullt starf. Það var Hlynur Þór Magnússon, þáverandi kennari við Menntaskólann á Ísafirði, og var hann blaðamaður á Bæjarins besta fram á vor árið eftir í þeirri lotu eða tæplega eitt ár. Löngu síðar var hann blaðamaður á Bæjarins besta um árabíl og jafnframt ritstjóri fréttavefjarins bb.is í nokkur ár. Enda þótt hann sé löngu fluttur af svæðinu starfar hann enn meira og minna við blaðið og vefinn gegnum net og síma og hefur samanlagt að baki langlengstan starfsaldur allra hjá H-prenti ef frá eru taldir þeir Sigurjón og Halldór.

Fréttavefurinn bb.is

Fréttavefurinn bb.is sem er afleggjari Bæjarins besta verður tíu ára eftir einn og hálfan mánuð en hann fór í loftið þann 4. janúar árið 2000. Líkt og þegar fyrsta tölublað Bæjarins besta sá dagsins ljós á sínum tíma grunaði þá sem komu vefnum af stað fyrir áratug alls ekki að vöxtur og viðgangur þessa nýgræðings yrði eins og reyndin hefur orðið. Aðsókin hefur verið langt umfram

björtustu vonir og minnir á þá þekktu staðreynd, að flestir Vestfirðingar eru brottfluttir Vestfirðingar og þeir vilja fylgjast með því sem gerist á þeirra gömlu slóðum.

Hugmyndin var í fyrsta að setja inn á vefinn fjórar fréttir á dag (!) en strax var gert gott betur en það. Viðtökur og hvatning notenda vefjarins og aðsóknin að honum urðu til þess að aukinn kraftur var settur í málið. Mikill metnaður var lagður í sem fjölbreyttast efni á vefnum, góðan fréttaflutning og aðra þjónustu.

Vefurinn bb.is átti sér reyndar talsvert merkilegan forvera. Í Bæjarins besta 6. mars 1996 segir svo í frétt: „Föstudaginn 1. mars sl. hófst regluleg útgáfa BB á Veraldarvefnum svonefnda. [...] Með útgáfu BB á Netinu hófst nýr þáttur í útgáfumálum blaðsins, þáttur sem veitir Íslendingum um allan heim nýjustu fréttir frá Vestfjörðum í viku hverri.“

Þetta var nýjung héraendis og Bæjarins besta var fyrsta íslenska blaðið sem hægt var að lesa og fletta í sinni réttu mynd á tölvuskjánum.

– Hlynur Þór Magnússon.

Sendum BB haminjuóskir á 25 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Orkubú Vestfjarða

Stakkanesi · Ísafirði

Sendum BB haminjuóskir á 25 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni

Morgunblaðið

Hádegismóum 2 · Reykjavík

Framleiðum fjölbreytt úrval vandaðra innréttinga!

GLUGGAR

HURÐIR

FORSTOFUSKÁPAR

BAÐINNRETTINGAR

FATASKÁPAR

SÉRSMÍÐI

ELDHÚSINNRETTINGAR



... gæði fyrir alla

www.tre.is | Ísafjörður: 456 3622 | Akranes: 430 3660

Jólahlaðborð

Hótel Núpi, Dýrafirði

Sjá matseðil á www.hotelnupur.is

ATHYGLISBRESTUR OG AUKASLAG (Beint frá býli):

Árni Brynjólfsson flytur frumsaminn bræðing undir borðum (er desertinn dunar).

Hjónabandið mun spila fyrir dansi fram á rauða nótt

Verð 6.990 kr pr. mann

Veislustjórn í höndum:
Sigmundar Þórðarsonar 28. nóv
Kristinns H. Gunnarssonar 4. og 5. des
Þórhalls Arasonar 11. og 12. des

Útvegum ódýrar rútuferðir

Tilboð

Jólahlaðborð, dansleikur,
gisting í tveggja manna
herbergi og morgunmatur
10.980 kr. pr. mann

Sértilboð fyrir stærri hópa, leitid tilboða í síma 456 8235



Vestfirðir verði kennsluvettvangur málefna haf- og strandsvæða

Tillaga til þingsályktunar um að Vestfirðir verði skilgreindir sem rannsókn-, kennslu- og þróunarsvæði fyrir málefni hafsins og strandsvæða verður brátt lögð fram á Alþingi. Lagt er til að skilgreiningin verði höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um fjárframlög og stuðning við fyrirtæki og stofnanir vestra. Þetta verði gert í tengslum við þá heildarstefnumótun sem framundan er af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir starfsemi háskólanna í landinu sem liður í því að: marka hverjum landshluta sérstöðu í rannsóknum og kennslu, og leggja grunn að uppbyggingu og verkaskiptingu á sviði rannsókna og háskólakennslu á landsvísu. Þingsályktunartillagan lýtur að stefnumörkun háskólastarfs í landinu annars vegar og markvissum stuðningi og stefnu fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni hins vegar.

„Mennta- og menningarmálaráðherra hefur boðað heildarendurskoðun á málefnum háskólanna. Slík endurskoðun kallar á skýrari stefnumótun en verið hefur þar sem umsvif háskólastarfs hafa aukist ört í landinu undanfarin ár. Við mótun mennta- og rannsóknastefnu háskólastigsins er mikilvægt að horfa til sérstöðu háskólasvæðanna og nýta sem best það atgervi og þær

stofnanir sem fyrir eru í hverjum landshluta“, segir í greinargerð með tillögunni.

Greinargerðin hljóðar svo: „Þegar taka þarf ákvarðanir í atvinnumálum er einnig mikilvægt að líta til nýsköpunar- og þróunarmöguleika í samstarfi atvinnufyrirtækja og háskólaumhverfisins. Á Vestfjörðum hefur nú þegar þróast háskóla- og rannsókn-umhverfi með Háskólasetri Vestfjarða, Rannsókn- og fræðasetrum Háskóla Íslands í Bolungarvík og á Patreksfirði, Vestfjarðakademíunni, Fræðslumiðstöð Vestfjarða (sem lagði grunn að háskólastarfi á svæðinu fyrir tilkomu Háskólaseturs), útibúi Haf-rannsóknastofnunar á Ísafirði, Matis (áður Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins) og fleiri aðilum.

Atvinnufyrirtæki og sveitarfélög í fjórðungnum sameinuðust fyrir fjórum árum um stofnun Háskólaseturs Vestfjarða ásamt háskólunum í landinu, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og fleirum. Háskólasetrið hefur nú byggt upp námsleið í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Á sama tíma hefur Hafrannsóknastofnunin á Ísafirði verið að gera merkilegar veiðarfærarannsóknir í samstarfi við Impru á Nýsköpunarmiðstöð. Hraðfrystihúsið Gunnvör og Matis hafa verið með þorskeldis-



Á Vestfjörðum hefur nú þegar þróast háskóla- og rannsókn-umhverfi.

tilraunir. Ný rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands í Bolungarvík og á Patreksfirði, Náttúrustofa Vestfjarða og Snjóflóðasetur Væðurstofu Íslands hafa sinnt umhverfis-, snjóflóða- og dýralífsrannsóknnum, svo að nokkuð sé nefnt.

Nú, þegar ákveðið hefur verið að skerpa stefnumótun íslenska háskólastigsins, liggur beinast við að byggja á þeim grunni sem þegar er til orðinn. Þannig væri eðlilegast að miða rannsókn- og fræðastarf á Vestfjörðum við málefni hafsins og strandsvæða almennt. Slík skilgreining mundi efla rannsóknastofnanir á svæðinu og þau atvinnufyrirtæki sem nú þegar sinna rannsóknum og þróunarstarfi.

Vestfirðir eru náttúruleg rannsóknastofa á sviði sjávarlíffræði,

fiskeldisrannsókna, veiðarfærarannsókn, sjávarvistkerfa og stranda, hafstrauma og annarra umhverfisþátta sem tengjast hafinu. Rannsókn- og fræðasetur þau sem fyrir eru hafa góð tök á innbyrðis samstarfi sem og samstarfi við atvinnufyrirtæki í nágrenninu. Má þar nefna vélsmíðjur, rafmagnsverkstæði, sjávarútvegsfyrirtæki (t.d. þorskeldisrannsóknir Hraðfrystihússins Gunnvarar) og hátækniframleiðslu (3X-Technology). Þetta þróunar- og rannsóknastarf mætti efla enn frekar og nýta í þágu háskólastigsins og atvinnulífsins á svæðinu.

Í sóknaráætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga sem samþykkt var á síðasta þingi sambandsins er lögð áhersla á aukinn stuðning við þróunar- og nýsköp-

unarstarf innan sjávarútvegsins, t.d. í fiskeldi, kræklingarækt, sjávar tengdri ferðaþjónustu og nýjungum í matvælaframleiðslu.

Enn fremur leggur Fjórðungssambandið áherslu á að rekstrargrundvöllur og núverandi námsframboð Háskólaseturs Vestfjarða verði tryggt til framtíðar ásamt nauðsynlegu fjármagni til frekari uppbyggingar nýrra námsbrauta, t.a.m. í meistaranámi. Þá er skorað á stjórnvöld að tryggja áfram fjármögnun til rannsóknastarfs á Vestfjörðum.

Í þessu sambandi má einnig minna á að í gildandi byggðaráætlun fyrir Vestfirði er meðal annars litið til nálægðarinnar við auðlindir sjávarútvegsins, fiskiðmiðin, og lagt til að rannsóknamiðstöð í þorskeldi verði á Vestfjörðum. Sömuleiðis verði atferlis- og veiðarfærarannsóknir starfræktar í samvinnu rannsóknastofnana á svæðinu. Sú þingsályktunartillaga sem hér er fram borin er þannig í góðu samræmi við áður fram komna stefnumótun sveitarfélaganna og atvinnulífsins á svæðinu.

Í nágrannalöndum okkar er að finna dæmi þess hvernig öflugar háskóla- og rannsóknastofnanir hafa orðið til á grundvelli skilgreiningar sérstöðu af því tagi sem hér er lögð til. Má til dæmis nefna háskólann í Tromsø, sem hefur skilgreint sig á alþjóðavísu sem miðstöð rannsókna og kennslu í málefnum haf- og strandsvæða á norðurslóð, m.a. varðandi lífríki sjávar, veiðar, vistkerfi, loftslag, vatna- og sjávarlíffræði, lífsskilyrði sjávardýra, fæðuval og fæðuframboð, auðlindastjórnun og umhverfishagfræði svo að nokkuð sé nefnt.“

Flutningsmenn tillögunnar eru: Ólína Þorvarðardóttir, Ásbjörn Óttarsson, Ásmundur Einar Daðason, Guðbjartur Hannesson, Guðmundur Steingrímsson og Lilja Rafney Magnúsdóttir sem öll eru þingmenn Norðvesturkjördæmis.

Bæjarins besta í fjórðung aldar

Stakkur skrifar

Þæsta hefur sennilega grunn að þegar Bæjarins besta hóf göngu sína sem ritildi eða lítið rit fyrir 25 árum að það ætti eftir að vaxa og dafna og verða að lokum eina blaðið sem kæmi reglulega út á Vestfjörðum. Enn lifa stjórnmalartit, sofa þó vært milli kosninga að frátöldum jólablöðum. En þau þjóna sem tekjulind þeirra. Þó margt gott sé í þeim að finna þá eru þau ekki fréttablað og taka ekki með sama hætti á mönnum og málefnum og héraðsfréttablað sem leggur metnað sinn í að vikulega sé það í höndum lesenda.

Bæjarins besta hefur breyst og batnað á liðnum aldarfjórðungi. Besta sönnun þess er vikulega útgáfa. Því fylgir metnaður tveggja ungu mannanna sem í Neðstakaupstað prentuðu ritið um kvöld og helgar við lítinn fögnuð annarra blaðaútgefenda á Ísafirði. Nánast er hafið yfir vafa að þeir Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson sem enn eiga og gefa BB út, hafa ekki séð fyrir sér tuttu og fimm ára framtíð. Tæpast hafa þeir heldur séð fyrir sér ýmsa þá erfiðleika sem við yrði að glíma og að þegar hér væri komið sögu störfuðu aðrir en þeir sem blaðamenn og prentarar við blaðið. Það datt heldur engum í hug að hluti prentmáls færðist yfir í það sem við í dag þekkjum sem netið.

Prentmiðlum hefur gengið misjafnlega að laga sig að þeim nýja veruleika. Nú er svo komið að dagblöð á Íslandi koma í besta falli

út fimm til sex sinnum í viku. Þau þrjú sem enn lifa halda öll úti vefsíðum. Þangað getur almenningur leitað fréttu. Héraðsfréttablað hefur ótvíræðu hlutverki að gegna. Fyrst og fremst er það miðill er upplýsir lesendur sína. Hraðinn og kröfur sem netið gerir hafa ýmsu breytt í þessum efnum. Það var því ákvörðun byggð á skynsemi að breyta áherslum í blaðinu á þann veg að þar væri dýpri umfjöllun en færi gefst á um stuttar fréttir netsins, bb.is.

Skapast hafa deilur um efnistöð og margir viljað ráða ferð umfram ritstjóra. Það hefur ekki tekist. Vandir eru að halda svo á málum að sigla í gegnum erfiða sjóa og þola gagnrýni sem stundum hefur verið óréttmæt. Ýmsir fastir liðir í blaðinu njóta vinsælda og gefa því gildi, þótt stundum sé kvartað.

BB er orðinn mikilvægur vettvangur þjóðmálaumræðu bæði á prenti og á netinu. Í hverri viku er að finna greinar um þjóðmál og innlegg í þá umræðu, auk fréttu og viðtala. Svo hefur reyndar lengi verið og gagnrýni hefur komið frá stjórnmalamönnum sem vildu ráða umræðunni. Slíkt hefur BB staðið af sér og verið sjálfu sér trútt og þar með lesendum. Þannig fer best á því að gefa út trúverðugan miðil einu sinni í viku. Því geta lesendur treyst og eiga því í vændum langa samleið með Bæjarins besta. Til hamningu með tímamótin Vestfirðingar og landsmenn allir.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

NÝTT! GRÍSASAMILOKA

með Grísakjöti, BBQ sósu og osti.



HAMRABORG
Hamraborg ehf • Hafnarstræti 7 • Sími 456 3166



**Háskóla- og
Vestfjarðarháskólinn**
University Centre
of the Westfjords



Hefur þú kynnt þér fjarnám á háskólastigi?

Á heimasíðu Háskóla- og Vestfjarðarháskólans má nálgast upplýsingar um allt fjarnám á háskólastigi sem í boði er á Íslandi.

Háskóla- og Vestfjarðarháskólinn býður fjarnemum upp á úrvals námsaðstöðu, þar á meðal sérstakar lesstofur og hópinnuaðstöðu.

Við Háskóla- og Vestfjarðarháskólinn er einnig boðið upp á frumgreinanám og meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun.

www.hsvest.is



Margir heiðruðu Siggu Ragnars

Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri Tónlistarskólans á Ísafirði, hélt upp á 60 ára afmæli sitt laugardaginn 31. október með „Afmælistónum“ í Hömr-um. Þar komu fjölskylda Sigríðar, samstarfsmenn og vinir saman til að fagna með afmælisbarninu og fluttu henni glæsilega tónlistardagskrá. Meðal annars frumflutti Halldór Smárason píanóverk sem hann hafði samið til heiðurs afmæl-

isbarninu og systir Siggu, Anna Áslaug, lék tvær sönötur, aðra eftir Jónas Tómasson, eiginmann afmælisbarnsins. Herdís Anna, dóttir Siggu og Jónasar, sem stundar söng í Berlín var einnig mætt og söng þrjár aríur fyrir móður sína. Hjálmar Helgi Ragnarsson, bróðir afmælisbarnsins, tengdi saman tónlistaratriðin með tilvitnunum í bréf frá systur sinni frá því hún var við nám í

Bandaríkjunum á árunum 1969-1971. Fjölmargir aðrir fluttu tónlistaratriði, sonur Sigríðar og tengdadóttir, kennarar Tónlistarskólans, fyrrverandi nemendur og Sunnukórinn meðal annarra. Sigríður segist ákaflega hamingjusöm og þakklát. Veislan hafi verið nánast fullkomin og allir skemmt sér vel. Hún vill þakka öllum sem fram komu sem og öðrum gestum, sérstaklega þeim sem

Landsbankinn samgledst Bæjarins Besta á 25 ára afmælinu.



Landsbankinn Ísafirði
Pólgötu 1
400 Ísafjörður

Opið alla virka daga
frá 9.15-16.00
Verið velkomin



hafi styrkt byggingarsjóð Tónlistarskólans, því enn sé mikið verk óunnið í endurbótum á

húsinu. Ljósmyndari blaðsins kom við í afmælishófinu og tók þar meðfylgjandi myndir.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Jólagjafabréf



Gefðu góða ferð í jólagjöf

Kauptu jólagjafabréf fyrir **13.900 kr.*** á alla áfangastaði innanlands.

*Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar.

Væntanlegt mikið úrval af aðhaldssamfellum, bolum og buxum

Vorum að fá mikið af nýjum vörum!

Gerið jólainnkaupin snemma!

Mikið úrval af nýjum vörum fyrir hann og hana!

KONUR

MENN
Neista • Sími: 456 0201



Formaður í fimmtán ár

Harpa Björnsdóttir hefur verið formaður íþróttafélagsins Ívars á Ísafirði frá árinu 1994. Félagsmenn eru á Ísafirði og í nágranna-sveitarfélögum en Ívar er eina íþróttafélag fatlaðra á Vestfjörðum. Tilgangur og markmið félagsins er að efla útivist og íþróttaiðkun fatlaðra á norðan-verðum Vestfjörðum með æfingum, námskeiðum og þátttöku í mótum.

– Hvernig kom það til að þú varðst formaður Ívars?

„Ég sá auglýsingu í BB þar sem óskað var eftir fólki til að taka þátt í stjórn félagsins. Allir þeir sem voru áður í stjórn voru fluttir burt og félagið því eiginlega munaðarlaust. Við vorum fjögur sem buðum okkur fram og ég ætlaði nú ekkert að verða formaður, en enginn annar var tilbúinn að taka að sér formennskuna þannig að ég tók það að mér. Elma dóttir mín var á þriðja ári á þessum tíma og ég vildi að það væri félag á staðnum sem hún gæti gengið í þegar hún yrði eldri og fannst því mikilvægt að félagið myndi ekki lognast út af. Ég ætlaði nú bara að sinna formennskunni um tíma, en síðan eru liðin fimmtán ár.“

– Hver myndirðu segja að væri hápunkturinn á þínum ferli sem formaður félagsins?

„Ég hef verið valin í fararstjórn fyrir Íþróttasamband fatlaðra á alþjóðamót og það er mjög gaman að upplífa stemninguna á slíkum mótum. En ég myndi segja að hápunkturinn hafi verið Íslandsmótið í boccia í einstaklingskeppni sem Ívar hélt á Ísafirði haustið 2001. Við fengum fjölmarga bæjarbúa í lið með okkur, bæði við dómgæslu og annað sem viðkom mótshaldinu. Allir voru boðnir og búnir að hjálpa okkur og mótið tókst frábærlega. Það var engin seinkun heldur vorum við á undan áætlun, sem er mjög óvanalegt, og allt gekk svo vel. Það er enn talað um að ekkert Íslandsmót hafi náð að toppa mótið á Ísafirði. Með þessu Íslandsmóti var athygli vakin á Íþróttafélaginu Ívari og starfsemi þess. Við urðum sýnilegri í samfélaginu.“

– Hvað tekur svo við hjá þér, ætlaðu að fá þér fri frá Ívari?

„Nei ég ætla að halda áfram að starfa fyrir félagið. Ég er enn í stjórn og er svona smátt og smátt að losa mig undir mestu ábyrgðinni og stjórnun. Ég vil sjá hag félagsins sem bestan. Ég tók við félaginu þegar það var frekar ungt

og segja má að ég skili því af mér sem fullvalda einstaklingi þar sem það er orðið 21 árs. Svo ætli ég verði ekki áfram svolítið í móðurhlutverkinu og reyni að skipta mér af þegar ég get“, segir Harpa og hlær.

„Ég held að það sé afar hollt fyrir félagið fá nýja stjórnendur því þegar maður er lengi í starfi er óhjákvæmilegt að maður staðni og ég finn að ég er ekki með sama fitonskraftinn og ég hafði í byrjun. Ég vonast því bara eftir að nýir einstaklingar með slíkan kraft taki við og efla félagið enn meira. Ég mun standa að baki og styðja við félagið eins og ég get.“

Nafnið eftir ungum dreng

„Við höfum verið með æfingar í boccia frá stofnun félagsins og sundæfingar frá árinu 1998. Einnig höfum við reynt að bjóða upp á meiri fjölbreytni í starfinu og eitt árið fengum við borðtenniskappana Jóhann Rúnar Kristjánsson og Helga Þór Gunnarsson til að koma hingað og halda kynningu og námskeið í borðtennis. Áhugi var fyrir hendi hjá nokkrum einstaklingum en þó náðum við aldrei að koma borðtennisæfingum í gang að neinu ráði og þær dattu upp fyrir eftir stuttan tíma.

Einnig var áhugi fyrir vetraríþróttum og eftir að hafa farið á námskeið sem Íþróttasamband fatlaðra hélt á Akureyri með leiðbeinendum frá Challenge Aspen árið 2000 fjárfesti íþróttafélagið Ívar í skíðasleða. Við fengum styrki frá félagasamtökum og velunnurum og gátum ráðist í þetta stórvirki. Ekki vorum við þó búnir að hafa sleðann lengi hér á Ísafirði þegar vetur konungur fór að stríða okkur og hefur snjór verið af skornum skammti síðan sem hefur gert okkur erfitt fyrir með að nota sleðann. Undanfarin ár höfum við þannig einbeitt okkur að boccia og sundi.

Þess má geta að Ívar hefur núna fengið styrk úr verkefnasjóði HSV til að efla vetraríþróttastarfið og við vonumst til að getað unnið að því í vetur.

Félagsmenn okkar eru frá Hólmavík, Þingeyri, Bolungarvík og Suðureyri. Hólmvíkingurinn í félaginu er reyndar við nám við Menntaskólann á Ísafirði sem gerir honum kleift að stunda æfingar með okkur. En allir sem

Þú getur lækkað höfuðstólinn á húsnæðisláninu

Með skilmálabreytingu hjá Íslandsbanka bjófst viðskiptavinum að lækka höfuðstól verðtrygðra og erlendra húsnæðislána verulega. Lækkun höfuðstóls verðtrygðra lána verður um 10% en höfuðstóll erlendra húsnæðislána lækkar um u.þ.b. 25% að meðaltali m.v. gengi 26.10.2009.

Allir viðskiptavinir Íslandsbanka, sem eru með húsnæðislán tekin fyrir 15. október 2008 og í skilum, geta sótt um skilmálabreytingu.

Íslandsbanki hvetur alla til að kynna sér þá kosti sem í boði eru og taka ákvörðun að vandlega athuguðu máli. Reiknivél, dæmi og ítarlegar upplýsingar er að finna á www.islandsbanki.is.

Tekið er á móti umsóknum frá 6. nóvember til og með 18. desember 2009.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000


Íslandsbanki

Ert þú búin(n) að tryggja þér pláss?

Árlegt Aðventublað BB kemur út í byrjun desember. Líkt og fyrr, verður blaðinu dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum. Hafið samband sem fyrst við Halldór Sveinbjörnsson í síma 456 4560.



vilja eru velkomnir og það er alltaf hægt að bæta við.“

– Hvaðan kemur nafnið?

„Félagið hét fyrst íþróttafélag fatlaðra á Ísafirði og nágrenni. Flest félögin á landinu hétu íþróttafélag fatlaðra og síðan kom staðarheitið hvaðan þau voru, en síðar var mörgum þeirra breytt. Nafni félagsins var breytt í apríl 1991 í Íþróttafélagið Ívar til minningar um Ívar Bergmann, ungan fatlaðan dreng hér á Ísafirði, sem lést árið 1986. Nafnið er stutt og laggott nafn á félaginu og hljómar vel finnst mér.“

Ófáir titlar og viðurkenningar

Íþróttafélagið hefur átt keppendur á Malmö Open, þar sem margir sterkir keppendur tóku þátt, Ólympíumótum og Evrópu-meistaramóti, auk þess sem félagsmenn hafa sankað að sér ófá-

um Íslandsmeistaratitlum. Að auki hafa tveir fulltrúar Ívars verið kjörnir íþróttamenn Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur. Það er því óhætt að segja að félagið hafi náð miklum árangri þrátt fyrir að vera lítið félag.

„Já, ég myndi segja það. Til dæmis hafa félagsmenn okkar verið að ná ótrúlegum árangri í sundinu þar sem við erum að æfa við allt aðrar aðstæður en önnur félög. Flest eru að æfa í mun stærri laugum og á hverjum degi en við erum með þrjár æfingar á viku í litlu lauginni okkar Ísfirðinga.

Vegna fjarlægðar okkar frá öðrum félögum innan Íþróttasambands fatlaðra höfum við nánast eingöngu tekið þátt í Íslandsmótum ÍF í boccia og sundi.

En einnig höfum við í góðri samvinnu við íþróttafélagið Höfrung á Þingeyri haldið á vorin svokallað Halldórs Höгна mót í boccia, þar sem félagsmenn Ívars

keppa við eldri borgara og aðra velunnara á Þingeyri. Þá er keppt um farandbikar sem var gefinn af Halldóri Höгна Georgssyni. Við höfum líka heimsótt Þingeyringa í lok nóvember en þá á afmæli einn af félagsmönnum Ívars, Magnús Guðmundsson, og hefur verið haldið svokallað Magnúsarmót að því tilefni.

Einangrunin háir svolítið keppendum okkar því það er töluvert meira batterí fyrir okkur að komast á mót en fyrir félögin t.d. fyrir sunnan. Fjáraflanirnar fara í ferðakostnað en við höfum ekki tók á því að taka þátt í öllum mótum sem haldin eru.

En talandi um fjáraflanir er ekki hægt annað en að minnast á helstu fjáröflun félagsins sem er Fyrirtækjamótið í boccia. En við erum búin að halda það frá árinu 2002 og hefur það alltaf verið mjög skemmtilegt. Við vildum að fyrirtækin í bænum fengju skemmtun um leið og þau væru

að styrkja gott málefni, ekki bara að borga einhvern giróseðil. Keppt er um farandbikar og frá upphafi hafa verið veitt auka-verðlaun fyrir m.a. bestu búningana og besta stuðningsliðið. Hefur skemmtileg stemming myndast á mótinu þar sem fyrirtæki og félagasamtök koma í búningum og gjarnan einhverju sem tengist starfsemi fyrirtækisins. Nú er svo komið að við þurfum eiginlega að veita verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sætið í búningaflokknum því það er kominn mikill metnaður í þann hluta.“

Harpa Björnsdóttir sjálf er handhafi Guðrúnarbikarsins árið 2008, sem gefinn var Íþróttasambandi fatlaðra árið 2000 af Össuri Aðalsteinssyni, félagsmanni í Lionsklúbbnum Esju til minningar um eiginkonu hans Guðrúnu Pálsdóttur. Bikarinn er ár hvert afhentur konu sem hefur starfað sérlega vel í þágu fatlaðs íþróttafólks.

„Það var mjög gaman að fá viðurkenningu á störfum manns. Þó svo að ég hafi ekkert endilega verið að sækjast eftir því, þá er gaman þegar tekið er eftir því að maður geri eitthvað vel. Þetta er farandbikar og ég mun skila honum í desember og hann verður afhentur einhverri annarri.“

– Þannig að það má segja að þú endir ferilinn á toppnum?

„Já, búin að fá bikar og þá hætti ég“, segir Harpa hlajandi. „Nei það var nú ekkert endilega markmiðið að fá viðurkenningu og verðlaun, heldur að efla félagið sem best mætti. Ég hef öðlast mikla þekkingu og reynslu í starfi mínu sem formaður sem mun nýtast mér á öðrum sviðum í lífinu. Ég læt því af störfum með ríkulega inneign í reynslubankanum sem er alveg jafn verðmæt og bikar“, segir Harpa. sem án efa mun styðja við félagið sitt um ókomin ár þótt hún verði ekki í forsvari þess.

Tvennir tímar Palla í Mjólkurstöðinni

– stiklur frá langri ævi Páls Sigurðssonar fyrrum mjólkurbússtjóra á Ísafirði

Páll Sigurðsson fyrrum mjólkurbússtjóri á Ísafirði er fæddur í Hnífsdal 15. maí árið 1917 og þannig kominn vel á nítugasta og þriðja aldursár. Enn í dag er hann í daglegu tali kallaður Palli í Mjólkurstöðinni. Hann er í hópi þeirra sem muna tímana tvenna, eins og sagt er. Kjörin voru kröpp í æsku hans hjá mjög ungri einstæðri móður við aðstæður sem fæstir hérlandis nú orðið þekkja væntanlega af eigin raun.

„Þetta var eymdarlíf. Við áttum heima í skúr á Bökkunum. Mamma var kölluð Kristín í Skúrinni. Vatnið var í pumpu úti og maður sótti það í fötu. Það var ekkert klósett hjá okkur heldur bara kamar.“

Móðir Páls hét Kristín Gradíana Jóhannsdóttir og var frá Þverdal í Aðalvík.

„Móðir mín var gift manni sem hét Sigurður Benjamínsson, allt af kallaður Siggi Ben. Þau áttu tvo stráka saman þegar hún var mjög ung og ég var nokkrum árum yngri en bróðir minn.

Pabbi og mamma skildu eftir að ég fæddist og bróður mínum var komið í fóstur hjá afa okkar, pabba móður minnar. Ég ólst upp í Hnífsdal. Við fórum ekki þaðan og hingað inn á Ísafjörð fyrr en eftir fermingu þegar ég var fjórtán ára.“

Sumar í Svansvík

Páll var á sjöunda ári þegar hann var sendur í sveit inn í Svansvík í Ísafjarðardjúpi.

„Þá fór mamma mín í síld. Hún þekkti konu í Svansvík sem ákvað að taka strákinn fyrir hana. Þegar við komum á bátnum inn að Svansvík kom þar skekta fram og á henni var karl sem tók á móti mér.

Þetta var myndarkarl, gráhærður og með mikið yfirvararskegg. Mér fannst þetta vera útilegu-maðurinn í bók sem ég hafði séð. Hann tekur við mér og lætur mig í skektuna og svo er róið í land. Mér er þetta ákaflega minnisstætt.

Þarna í Svansvík var tvíbýli. Konan sem tók á móti mér þegar komið var í land tók í höndina á

mér og leiddi mig þarna upp eftir. Ég var hálfskælandi.“

Til fóta hjá kaupakonunni

„Ég fékk herbergi uppi á lofti. Þar var kaupakona og ég var látinn sofa til fóta hjá henni.

Daginn eftir fór ég að vinna í mógröfum og var látinn byrja á því að sækja hestinn. Mönnum var ráðað upp eins og spilaborg til þurrkunar og svo var hann fluttur heim um haustið og geymdur bak við skúr.

Eftir sláttinn var líka farið að klippa niður birki uppi við Svansvíkurvatn til notkunar í eldinn um veturinn. Hrísið var reitt heim á hestum í stórum böggum. Ég var líka látinn sækja beljurnar.

Mér líkaði ágætlega að vera í Svansvík og viðurværið var gott. Ég var nú ekki vanur góðu. Þarna fékk ég ágætis mat.

Þau gerðu margt fyrir mig og lofuðu mér að fara á hestbak. Maður fór í alls konar ferðir eins og silungsferðir inn í Ísafjarðarbotn. Silungurinn var fluttur heim í klyfjum og saltaður. Líka fór ég til messu hjá séra Páli í Vatnsfirði.“

Orgaði meira þegar hann fór

Páll var bara eitt sumar í sveitinni. Hann hugsar til verunnar í Svansvík með mikilli hlýju.

„Þau gáfu mér eitt lamb sem ég hafði með mér út eftir. Sögðu að ég hefði verið svo duglegur og góður. Þegar ég fór frá Svansvík um haustið, þá fór ég að orga, og ég orgaði meira heldur en þegar ég kom. Mér þótti skítt að fara.

Lambið var heft og bundið frammi á bátnum. Kallarnir um borð sögðu að ég yrði að passa lambið svo að það stykki ekki í sjóinn. Ég trúði þessu og hékk alltaf við lambið. Svo var því skipað upp eins og öðru þegar við komum í Hnífsdal.“

Til vistar á Bakka

Kristín móðir Páls vann við að vaska fisk hjá Jónasi Þórðarsyni, einum af systkinunum sem áttu Hnífsdalinn.

„Jónas var með verslun og útgerð og átti heima frammi á Bakka. Mamma spurði Jónas hvort hann myndi ekki vilja taka mig og hann sagði að það væri alveg sjálfsagt. Ég fór þangað þegar ég var á ellefta ári. Þar var myndarfólk og þetta var fyrirmyndarheimili á Bakka.

Þarna var ég smali og sótti beljurnar og síðan var ég mjólkurpóstur. Það voru einir átján lítrar af mjólk sem ég fór með á flöskum og brúsum í mörg hús á Eyrinni á Ísafirði. Líka var ég í þessum ferðum að útrétta fyrir fólk, kaupa brauð og fara til úrsmíðs og eitt og annað.“

Hjá Marzellíusi

Páll var í barnaskólanum í Hnífsdal fram til fjórtán ára aldurs en þá flyst hann ásamt móður sinni inn á Ísafjörð.

„Þá er mamma búin að fá vinnu fyrir mig á Torfneseinu hér á Ísafirði þar sem Marzellíus Bernharðsson var með smáútgerð og vöskun og söltun á fiski rétt fyrir neðan Blómagarðinn. Þarna voru fiskreitar um allt.

Ég vann þarna meðal annars við uppskipun á saltfiski sem bátarnir komu með. Þeir voru á útilegu þessir bátapungar sem Marzellíus hafði. Þeir lönduðu í stóran pramma við Bæjarbryggjuna sem tók fleiri tonn af saltfiski. Svo var hann tekinn upp að planinu á Torfnesi á háflóði og síðan var fiskinum kastað upp úr honum þegar fjarað hafði undan. Þarna var fiskurinn vaskaður og þurrkaður. Einn karl var inni í smáklefa og pumpaði upp sjó til vöskunarinnar.“

Í Bræðraborg

„Þarna um veturinn, þetta hefur verið 1931, var bróðir minn orðinn afgreiðslumaður í versluninni Bræðraborg á Ísafirði sem þeir áttu synir Skúla Eiríkssonar úrsmíðs. Ég byrjaði þar sem send-

ill og var á hjóli sem ég átti sjálfur. Fékk hjól í fermingargjöf frá pabba mínum og þótti nú gott þá. Annars hugsaði hann ekki mikið um mig þó að ég sæi hann annað slagið.

Þetta gekk allt ágætlega. Bræðraborg var með alls konar vörur, bæði matvöru og vefnaðarvöru. Þar á meðal var svokallað stumpsirs frá Danmörku sem var keypt í kílóavis. Konurnar keyptu það í svuntur og sloppa og þetta var bara vigtað. Ég var líka að sækja kol enda var allt kynt upp með kol-um.“

Láttu engan sjá að þú sitjir

„Árið 1936 fékk ég vinnu hjá Rafveitunni en þá var ég búinn að vera í alls konar vinnu hér við höfnina. Sama hvað það var, ég fór í allt, bæði kol og salt og annað. Þá voru vagnar sem maður ýtti eftir brautum á bryggjunum. Maður stæltist af þessu.

Einu sinni settist ég á vagninn meðan hann rann áfram. Þá var þar maður sem sagði: Palli, láttu engan mann sjá að þú sitjir þegar þú ert að vinna.

Á þessum tíma var mikið atvinnuleysi og þess vegna fékk maður líka vinnu í bæjarvinnunni við að grafa skurði og þurrka allt upp fyrir innan Engi og hingað og þangað í bænum. Það var líka verið að leggja nýjar lagnir í bæinn því að það var vatnslítið.

Ég fékk svo vinnu hjá Rafveitunni þegar ráðist var í byggingu rafstöðvarinnar í Engidal. Við byrjuðum á því að leggja veg fram dalinn því að það var enginn vegur nema að fremri bænum. Við stungum sniddu og vegurinn var hlaðinn upp.

Þarna hafa líklega verið milli þrjátíu og fjörutíu manns við vinnu. Við gistum þarna í hlöðu og fórum ekkert í bæinn alla vikuna.“

Á Gunnbirni

„Svo fréttist að ég væri búinn að fá skiprúm á Gunnbirni og þá

var maður látinn hætta til að koma öðrum að. Það var álitíð fint að fara og þéna vel á síldinni.

Ég lenti þarna í ágætis plássi á Gunnbirni. Það voru fjórtán menn á bátnum á vetrarvertíðinni en svo var bætt við tveimur á sumrin þegar farið var á síldina. Þegar talið var upp á að það borgaði sig ekki að vera á snurpunni lengur og farið á reknet þurfti færri menn. Þá vorum við tveir sem bætt hafði verið við látnir fara heim og við fórum til Ísafjarðar með Súðinni eða einhverjum kláfi.

Ég var alls sex vertíðir á Gunnbirni á sumrin.“

Berjaferð í Hestfjörð

„Ekkert var að hafa að gera hérna í bænum. Gunnar Andrew íþróttakennari og skátaforingi var þá í fjármálunum hérna á sjúkrahúsinu. Hann segir við okkur: Farið bara til berja, strákar, ég skal kaupa af ykkur berin, farið bara inn í Hestfjörð.

Við útveguðum okkur tjald og hugsuðum okkur að vera þarna í viku og tína ber. Það eru eitthvað um þrjátíu manns sem fara með báti í þessa berjaferð í Hestfjörðinn. En þá gerir þetta vitlausu veður og ferðin varð heldur endaslepp og fólk lenti í miklum hrakningum.“

Ekkert nema puð

„Eftir þetta byrjaði aftur baslið hér á Eyrinni, ýmis jobb hingað og þangað, meðal annars við uppskipun á fiski og kolum.

Ein jól vorum við að vinna hér í kolum á aðfangadag. Þetta var stórt skip og við ætluðum að klára það á viku. Maður var þarna niðri í lest og mokaði kolunum í mál og skúffur. Það voru tvö gengi sitt hvoru megin í lestinni.

Maður stæltist af þessu helvíti öllu saman. Ekkert nema puð.“

Alltaf að flytja

„Á þessum tíma hélt ég til hjá mömmu minni. Við vorum að flytja hingað og þangað á Ísafirði.

Hún var búin að taka að sér mann og átti með honum tvíbura. Þetta var allt hálfgerð basl. Mamma átti tvíburana, strák og stelpu, með Sigurði Péturssyni sem þá var hér mótoristi á Ísbirninum.

Tvíburastrákurinn hét Guðmundur. Hann var mikið í boxi síðar á lífsleiðinni. Hann var faðir Péturs listmálara hér á Ísafirði og þeirra. Guðmundur var með nasistakrossinn á erminni. Ég þróaðist aldrei í þá áttina, tilheyrði krötunum frekar. Tvíbura-systirin heitir Guðrún og giftist Nielsi Guðmundssyni málara hér á Ísafirði. Þau komust vel af.

Svo tvístrast þetta allt saman og mamma lendir aftur í sama baslinu.“

Nóg lýsi að drekka

Á árunum innan við og um tvítugt vann Páll meðal annars í Grútarhúsinu í Neðstakaupstað.

„Þar vann líka Halli sem Hallabrekka er skirð eftir. Ég hafði gaman af því að vinna í Grútarhúsinu. Það var nóg lýsi að drekka. Reyndar var það djöfullegt þegar settur var grútur í stórt kar og út í var sett ein fata af vítissóða. Maður varð að stórpassa sig þegar honum var hellt út í þetta sjóðandi heitt. Þetta gaus upp í loftið og maður varð að taka þetta í skömmtum.

Þegar vítissóðinn var búinn að stímúlera þetta í sólarhring var grúturinn kominn á botninn. Þegar hann var sestur á botninn jusum við upp úr karinu með fötum og settum á tunnur. Þeir sögðu að þetta væri notað í sprengiefni. Svo þegar þurfti að hleypa úr þurfti maður að fara ofan í þetta til opna fyrir kranann. Það var svo mikil stækja að sumir þoldu það ekki. Ég lét mig hafa það og fór niður í þetta og maður kom allur glansandi upp.

Ég fékk alltaf góða vinnu þarna hjá honum Þorláki sem var verkstjóri í Neðsta. Hann byggði Karlsá hér inn með firðinum en það hús fór í snjóflóði. Hann þekkti mig vel úr Hnífsdal og ég naut góðs af því.

Ég var alltaf sívinnandi. Ég stakk líka upp garða og fékk kartöflur í staðinn.“

Í Mjólkurstöðina á Ísafirði

„Svo kom að því að það vantaði mann í Mjólkurstöðina. Þetta var árið 1952. Hann hét Bjarni sem var þá mjólkurbússtjóri. Ég talaði við Ketil kaupfélagsstjóra sem var yfir Mjólkurstöðinni og hann ákvað að ráða mig. Bjarni hafði hins vegar verið með einhvern framsóknarmann í hausnum.

Tækjabúnaðurinn í Mjólkurstöðinni var allur gamalt djöfulsins drasl. Það var verra en í Grútarhúsinu. Gamall tankur sem tók ekki nema átta hundruð lítra og

þurfti alltaf að skrapa hann upp til að leysa úr honum fituna og ekki mátti nota vítissóða.

Eftir að Bjarni hætti réð ég með mér mann. Þá sá ég alveg um þetta þó að ekki væri búið að ganga frá einu eða neinu. Ég var orðinn klár í þessu öllu. Þarna var kolaketill. Það var ekkert mál fyrir mig að kynda ketil. Ég kunni það vel úr Grútarhúsinu og líka var ég vanur að hreinsa ketil í gufubát.“

Skyrið þótti einstaklega gott

Jóhann T. Bjarnason varð kaupfélagsstjóri þegar Ketill Guðmundsson fór. Keypt voru tæki til að gerilsneyða mjólkina og nýr búnaður var fenginn í stað þess sem úrelt og ónýtt var orðið, þar á meðal tvö þúsund lítra tankur í staðinn fyrir gamla litla tankinn.

Á sjöunda áratug aldarinnar var hannað og byggt nýtt hús fyrir Mjólkurstöðina og flutt þangað inn úr gömlu stöðinni árið 1968.

Skyrið úr stöðinni á Ísafirði þótti einstaklega gott.

Páll starfaði við Mjólkurstöðina á Ísafirði í áratugi, þar af sem mjólkurbússtjóri á þriðja áratug og allt þar til hann varð sjötugur. Þá var Pétur H. R. Sigurðsson mjólkurfræðingur ráðinn í starfið. Raunar vann Páll þar áfram í tvö ár sem reddari, eins og hann orðar það.

„Þeim þótti gott að hafa mig“, segir hann.

Farsæll í hjónabandinu

Páll Sigurðsson kvæntist árið 1940 Hólmfríði Magnúsdóttur úr Bolungarvík.

„Þá þurfti maður að fá sér einhvers staðar pláss á leigu til að geta byrjað búskapinn. Þá var ekki um margt að ræða hér, helst kjallarar og einhverjar holur.

Við byrjuðum að búa á háalofti uppi á Öldu. Við fórum þaðan þegar ég keypti hús niður í Þvergötu 4. Það var illa farið og ég þurfti að gera mikið við það og stækkaði það líka og vann mikið í þessu sjálfur.

Við eignuðumst fjórar dætur sem eru allar á lífi og allar hressar. Ég var farsæll í hjónabandinu en ég missti konuna árið 1997. Síðan hefur maður bara verið að veltast svona sjálfur.“

Taldist of gamall fyrir nýjan hnjálið

Núna býr Páll í íbúð á Hlíf á Ísafirði.

Páll kveðst ekki vera mjög félagslyndur og fara lítið úr húsi þó að hann taki þátt í spilamennsku á Hlíf.

„Fyrir nærri þrjátíu árum var skipt um annan hnjáliðinn í mér.



Læknirinn taldi nú upp á að ég væri orðinn heldur gamall til þess. En nýi liðurinn dugði ekki vel nema í átta ár og fór þá að gefa sig og ég var með verki í hnénu. Læknirinn sem þá var

sagði að það væri ekkert við þessu að gera nema taka verkjatöflur. Ég hef verið á verkjatöflum síðan og þetta fer alltaf hríðversnandi.

Á yngri árum var ég mikill

göngugarpur. Ef ég þarf að fara eitthvað út verð ég að hafa kerru til að styðja mig við. Annars hef ég ágæta sjón og get verið á bílnum.“

– hlynur@bb.is

Starfsfólki grunnskóla fækkar

Hlutfall starfsfólks við kennslu af heildarfjölda starfsmanna árið

2008 var hæst á Vestfjörðum. Hins vegar var hlutfall kennara

með réttindi lægst á Vestfjörðum en þar hafði 70% grunnskóla-

kennara lokið kennsluréttindanámi á síðasta ári. Þess er rétt að geta að skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar og kennarar eru taldir saman í þessum hópi. Stöðu-gildum annars starfsfólks en kennurum fækkaði í vestfirskum grunnskólum sem nemur 3%. Fækkun stöðugilda er mest meðal stuðningsfulltrúa sem fækkaði um tæp tvö stöðugildi eða 11%. Húsvörðum fækkaði um rúm 3 stöðugildi sem jafngildir tæplega 50% fækkun. Sé litið til þróunar á fjölda annars starfsfólks eftir landshlutum kemur í ljós að einungis á Vestfjörðum fækkaði í þessum starfsmannahópi, en þróunin í öðrum landshlutum varð á þann veg að stöðugildum þessa hóps fjölgaði í heildina.

Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi alls starfsfólks var 5,2 á

Vestfjörðum á síðasta ári. Þá hækkaði rekstrarkostnaður á hvern nemenda hlutfallslega mest á Vestfjörðum eða um 283 þúsund kr. á hvern nemanda. Þetta kemur fram í skólaskýrslu hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem birtar eru tölulegar upplýsingar um leikskóla og grunnskóla og gerðar aðgengilegar fyrir sveitarstjórnarmenn, skólastjórnendur og aðra hagsmunaaðila.

Þrettán grunnskólar eru á Vestfjörðum. Sá fámennasti er Finnbogastaðaskóli í Árneshreppi á Ströndum, en þar voru tveir nemendur síðasta skólaár. Fjölmennasti skóli fjórðungsins er Grunnskólinn á Ísafirði með 500 nemendur en þar á eftir koma Grunnskóli Bolungarvíkur og Grunnskóli Vesturbyggðar með um 125 nemendur. – *thelma@bb.is*



Sjóminjasafnið Ósvör hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Möguleikar á að efla sjóminjasafnið í Ósvör

Mikilvægt er að tryggja að örugg aðkoma verði að sjóminjasafninu Ósvör en með tilkomu jarðganga milli Bolungarvíkur og Hnífsdals leggst vegurinn um Óshlíð af sem þjóðvegur. Þetta kemur fram í drögum að aðalskipulagi Bolungarvíkur fyrir árin 2008-2020. Þar er lögð áhersla á að allar framkvæmdir, s.s. aðkoma og

þjónustuhús, samræmist ásýnd og upplifun svæðisins og verði í anda árabátaldarinnar. Því er gert ráð fyrir að safnið og nærliggjandi svæði njóti hverfisverndar.

Í drögunum segir að svigrúm sé til stækkunar og eflingar safnasvæðisins s.s. fyrir aukin umsvif safnsins eða starfsemi sem getur

styrkt safnasvæðið. „Áhersla er lögð á gott aðgengi að svæðinu svo og varðveislu fjörunnar og þeirra menningarverðmæta sem er að finna á svæðinu.“

Sjóminjasafnið Ósvör er endurgerð verstöð sem varðveitir sögu útgerðar á árabátöld og er afar mikilvægt fyrir sögu Vestfjarða. – *thelma@bb.is*

Fjármálaeftirlitið sektar Ísafjarðarbæ

Fjármálaeftirlitið hefur sektað Ísafjarðarbæ um 650.000 krónur fyrir að skila of seint listum yfir frumherja og fjárhagslega tengda aðila mörgum mánuðum. Fjögur önnur sveitar- og bæjarfélög og tvö hlutfélög voru sektuð fyrir sömu sakir. Sveitarfélögin sem hér um ræðir eru Norðurþing, Mosfellsbær, Fljótisdalshérað og Fjarðabyggð. Hlutfélögin eru CCP hf. og Hekla fasteignir hf. Tekið er fram í úrskurðinum um síðasta félagið að það sé ótengt bilasölunni Heklu. Sektirnar eru á bilinu 350.000 til 650.000 krónur. Sú lægsta var hjá Mosfellsbæ en sú hæsta hjá Ísafjarðarbæ.

Á vefsíðu FME segir að

fyrirgreindir aðilar hafi sem útgefandi skráðra skuldabréfa brotið gegn lögum um verðbréfavíðskipti með því að skila listum yfir fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum mörgum mánuðum of seint til Fjármálaeftirlitsins.

Í lögum er kveðið á um skyldu útgefenda til að senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

– *fridrika@bb.is*

Óveruleg umhverfisáhrif af gerð nýrra jarðganga

Gerð jarðganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar mun hafa óveruleg umhverfisáhrif en jákvæð áhrif á samfélagið. Þetta kemur fram í frummatsskýrslu sem lögð hefur verið fyrir Skipulagsstofnun. „Almennt má segja að áhrif af völdum framkvæmdarinnar séu að mestu óveruleg. Áhrif ásamgöngur og samfélög eru verulega jákvæð en á landnotkun, fjörur, straumvötn og landslag eru áhrifin á mörkum þess að vera talvert neikvæð og óveruleg“, segir um helstu niðurstöður um umhverfisáhrif í skýrslu.

Þar er þó bent á að framkvæmdin hafa neikvæð áhrif á notkun túna í Arnarfirði með því að skerða tún við Borg og Rauðsstaði, auk þess sem túnið við Borg verður hlutað upp. Við Kjaransstaði í Dýrafirði mun lagning vegar skerða hluta svæðis sem gerður hefur verið skóg-ræktarsamningur um en lítill hluti þess svæðis sem skerðist er talinn góður til skógræktar. Þar sem ekki er um stór svæði að ræða eru áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun óveruleg.

Einni fornleif þarf að raska og

önnur er í um 10 m fjarlægð frá miðlinu vegar svo a.m.k. hluti hennar gæti raskast. Aðrar fornleifar nálægt vegi verða merktar og varðar ef þurfa þykir. Áhrif á fornleifar eru því óveruleg. Þá mun framkvæmdin mun hafa lítill áhrif á þéttleika varpfugla á svæðinu. Engar sjaldgæfar fugla- tegundir verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni, né munu mikilvæg búsvæði fugla raskast. Minni umferð um núverandi veg og minni rykmengun vegna malbiks eftir að framkvæmdum líkur gætu vegið upp á móti þeim litlu

neikvæðu áhrifum sem framkvæmdin mun hafa á fuglalíf. Áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf verða óveruleg.

Efnistaka í Hófsá mun hafa bein neikvæð áhrif á neðri hluta árinna en talið er að þau séu að mestu afturkræf. Bleikjustofn árinna virðist vera mjög lítill, og því ekki líklegt að umtalsvert tjón verði á fiskframleiðslu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Áhrif framkvæmdarinnar á straumvötn verða tímabundið talsvert neikvæð. Áhrif á fiskstofna verða þó óveruleg.

Skeringar vegna vegagerðar, vegskála og vegfyllinga munu hafa bein neikvæð sjónræn áhrif á landslag en á takmörkuðu svæði. Að hluta til eru þessi áhrif afturkræf með því að hylja skeringar með þeim jarðvegi sem var þar fyrir. Áhrif framkvæmdarinnar á landslag eru óveruleg/talsverð. Á framkvæmdasvæðinu eru surtarbrandslög sem þó eru ekki talin verða fyrir skemmdum við jarðgangagerðina. Áhrif á jarðmyndanir eru óveruleg. Skýrsluna í heild má nálgast á vef Náttúrustofu Vestfjarða. – *thelma@bb.is*

gegnum LINSUNA

Vegna síaukins áhuga almennings á ljósmyndun, hefur Bæjarins besta ákveðið að birta í vetur valdar myndir eftir hina fjölmörgu áhugaljósmyndara á Vestfjörðum. Þeir sem vilja leyfa lesendum blaðsins að sjá verk sín er bent á að senda þær í prentgæðum á netfangið bb@bb.is ásamt stuttum texta og ljósmynd af höfund. Sá sem riður á vaðið er ísfirski áhugaljósmyndarinn Baldur Páll Hólmgeirsson.



Stapi: Arnarstapi í Tálknafirði er í daglegu tali kallaður stapi. Ég rölti út Tálknafjörðinn til að ná sólsetrinu 18. ágúst 2009. Um hálf tíma spölur er frá því sem vegurinn endar í firðinum norðanmegin. Tímasetningin var fullkomin þar sem þessi birta heldur sér ekki nema í mesta lagi hálf tíma. Myndvinnsla fór eingöngu fram í Adobe Lightroom. **Myndavél:** Canon EOS 5D. **Linsa:** Canon EF 17-40mm f/4L. **Ljósop:** f/14. **Hraði:** 0.5. **ISO:** 100.



Borðplötur - sólbekkir

Afgreiðsluborð, baðborð, sólbeeki, borðplötur, matarborð, hring/sporöskulöguðborð, hillur, skápahurðir, klósett skilrúm, sökklaefni, veggklæðningar o.fl.

Fanntófell ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á formbeygðum (e. postforming) borðplötum. Stöðluð þykkt á plötum er 29 mm en einnig er hægt að fá í annarri þykkt t.d. 23 mm og 39 mm.

Fanntófell býður upp á hágæða harðplast HTP (High pressure laminales) frá Arpa og Formica. Hægt er að fá ýmsar áferðir svo sem háglans, matt og yrjótt.

Fanntófell er með Rausolid akrilstein frá REHAU, sem er gegnheilt steinefni, byggt á náttúrulegu steinefni, akril bindiefni og litarefni.

Fanntófell býður upp á límtré borðplötur. Þykkt á plötum eru 26 mm, 32 mm og 42 mm. Límtréð er olíuborið og tilbúið til uppsetningar.



SKESSUHORN 2009



FANNTÓFELL

Bíldshöfða 12, 110 Reykjavík • Sími 587 6688 • www.fanntofell.is • fanntofell@fanntofell.is

„Börnin verða að geta treyst því að vera tekin alvarlega“

Samkvæmt upplýsingum frá samtökunum Heimili og skóli verða að jafnaði tvö börn í hverjum bekk í grunnskóla fyrir einelti, alls um 5.000 börn. Samtökin hafa efnt til átaks gegn einelti sem hófst í gær með kynningu nýs fræðsluheftis fyrir foreldra um einelti. Skólastjórar þriggja grunnskóla á norðanverðum Vestfjörðum, á Ísafirði, í Bolungarvík og Súðavík eru sammála um að einelti sé ekki mikið vandamál í þeirra skólum, en komi þó auðvitað alltaf upp annað slagið eins og annars staðar. Allir skólarnir vinna eftir eineltisáætlun, grunnskólarnir í Bolungarvík og á Ísafirði eftir Olweusaráætluninni en grunnskólinn í Súðavík eftir áætluninni Uppeldi til ábyrgðar.

Í Súðavík er fyrirhugað að auka fræðslu og umræðu um einelti í áttakinu í samstarfi við Heimili og skóla, að sögn Önnu Lindar Ragnarsdóttur, skólastjóra. Grunnskólarnir á Ísafirði og í Bolungarvík verða ekki með sérstakan viðbúnað í sambandi við átakið en þar er stöðugt verið að bæta



Grunnskólinn á Ísafirði.

viðbrögð við einelti að sögn skólastjóranna Soffíu Vagnsdóttur í Bolungarvík og Sveinfríðar Olgu Veturliðadóttur á Ísafirði. Í grunnskólanum í Bolung-

arvík hefur gæsla úti í frímínútum verið aukin og ráðið sérstakt starfsfólk til að annast hana sem hefur betri yfirsýn yfir það sem er að gerast, að sögn Soffíu. Í grunnskólanum á Ísafirði var gerð í fyrra könnun á tíðni eineltis og verður hún endurtekin nú í nóvember og niðurstöðurnar bornar saman.

Skólastjórnir eru allir sammála um að einelti sé alvarlegt vandamál sem hafi viðtækar afleiðingar og nauðsynlegt sé að

taka vel á slíkum málum og fylgja þeim eftir. „Börnin verða að geta treyst því að vera tekin alvarlega og að tekið verði á málinu ef þau segja frá,“ segir Soffía. Hún leggur líka áherslu á að vekja verði börnin til vitundar um að þau séu virkir þátttakendur í samfélagi skólans og beri ábyrgð sem slík. Aðspurðir segjast allir skólastjórnir telja að einelti fari minnkandi með aukinni umræðu, en hvert tilvik sé einu tilviki of mikið.

Á heimasíðu Heimilis og skóla er fjallað um átakið og þar segir meðal annars: „Einelti er ofbeldi sem getur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Þeir sem verða fyrir einelti í barnæsku bera þess merki sumir hverjir alla ævi. Nauðsynlegt er, sér í lagi á tímum sem þessum, að skerpa á umræðu um einelti í þjóðfélaginu og brýna fyrir foreldrum og öðrum sem koma að uppeldi barna að vera vel á verði.“
—fridrika@bb.is

Mikill munur á raforkuverði til húshitunar

Verð hjá dreifbýlisnotendum Orkubús Vestfjarða, sem nota raforku til að hita hífýli sín er 142% hærra en meðalverð. Notendur í þéttbýli borga 108% yfir meðalverði. Þetta kemur fram í greinargerð Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum sem skorað hafa á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir auknum niðurgreiðslum hitunarkostnaðar með raforku, þannig að kostnaður þeirra er nota raforku til húshitunar verði ekki meiri en hjá notendum „meðaldrýrra“ hitaveitna. „Mikil hækkun hefur orðið á raforkuverði til húshitunar frá árinu 2005 og aldrei sem á þessu ári en hækkun sem af er þessu ári nemur 20%. Þar að auki hefur kostnaður

vegna flutnings hækkað mjög mikið“, segir í greinargerðinni. Þar er bent á að fjárframlög til niðurgreiðslna þurfa að taka mið af fleiru en verðlagsþróun þar sem notendum á niðurgreiðslusvæðunum hefur fjölgað. Auknar niðurgreiðslur bæta hag íbúa sokaðra „kaldra svæða“ sem enn nota raforku til húshitunar.

Áskoruninni fylgir tafla sem sýnir hve mikill munur er orðinn á kostnaði hjá fólki eftir því hvar það býr á landinu að hita hífýli sín. „Svo dæmi sé tekið þá kostar það íbúa í dreifbýli í Dalabyggð 336% meira en ef hann væri á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er hrópandi óréttlæti sem þarf að leiðrétta“, segja Samtök sveitar-

félaga á köldum svæðum.

Þá hafa samtökin jafnframt skorað á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir því að fjármagn verði tryggt á fjárlögum 2010 til jarðhitaleitarátaks. Jafnframt er því beint til ráðherra að stuðningur við jarðahitaleit verði sérstakur fjárlagaliður eins og er í fjárlögum 2009, en hann hljóðar upp á 50,8 milljónir. „Öflug jarðhitaleit er forsenda þess að auka hlut jarðhita í húshitun og til lengri tíma litið lækkar það niðurgreiðsluþörfina“, segir í greinargerð með áskoruninni og er þar vísað í skýrslu vinnuhóps iðnaðarráðherra frá 2007 um ávinning og aðgerðir stjórnvalda til að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis.



NORDIC DELI SAMLOKUR

Hjá Nordic Deli leggjum við áherslu á gæði þegar við búum til samlokur. Brauðið er ferskt og ljúffengt og – það sem meira er – í samlokunum frá Nordic Deli er meira álegg á milli sneiðanna. Þess vegna velur þú Nordic Deli þegar þú vilt fá heila máltíð í einni samloku, langloku, hyrnu og vefju.



Danskt smurbrauð

Rifjasteik með stökkri puru kl. 1.750

Maltbrauð með smjöri, salatblaði, rifjasteik, stökkri puru, tómötum, akúrkusalati, púrtvínshlaupi, heimalöguðu rauðkáli og steinselju



Lifrakæfa kr. 1.750

Heimabakað rúgbrauð með smjöri, salatblaði, heimalagaðri lifrakæfu, stökksteiktu beikoni, tituberjasultu, djúpsteiktri steinselju og ristudum sveppum

Reykt önd kr. 1.950

Maltbrauð með smjöri, salatblaði, reyktri andarbringu, heimalöguðu rauðkáli, rauðrófum, gúrkusalati, sykursoðnu epli, púrtvínslægnum sveskjum og steinselju



Heimareyktur lax kr. 1.750

Ristað franskbrauð með smjöri, salatblaði, heimareyktum lax, gamaldags sinnepssósu, eggjahræru, tómát og ferskum dill

Rauðspretta kr. 1.750

Heimalagað rúgbrauð með smjöri, salatblaði, brauðhjúpnaði og steiktri rauðsprettu, remúlaði, grænum aspas, svörtum kavíar, úthafsrækjum, sítrónu og steinselju



Smurbrauð dags/réttur dagsins kr. 1.950

Valið af kostgæfni af matreiðslumeistara dagsins, borið fram ásamt súpu og nýbökuðu brauði

**Smurbrauðin alla daga frá kl. 11:30 til 21 og frá 11:30 til 15:00
 á þeim dögum sem jólahlaðborðin eru.**

Einnig er hægt að panta og taka með sér. Pöntunarsími er 456 3360



Ísafjarðarkirkja

Messa 22. nóvember kl. 11:00.

Aðventukvöld 29. nóv. kl. 20:00.
Margrét Geirsdóttir flytur hugvekjju.

Jólatónleikar karlakórsins Arna 4. des. kl. 20:00.

Kyrrðarstund með Kammerkórnum 12. des. kl. 17:00.

Fjölskyldumessa og jólaball 12. des. kl. 11:00.



*Vestfirskir Verktakar
óska Bæjarins besta
innilega til hamingju
með 25 ára afmælið!*



Handtökur og vistanir hafa tekið stórfelldum breytingum hjá lögreglunni á Vestfjörðum.

100% fleiri handtökur á Vestfjörðum

Handtökur hjá lögreglunni á Vestfjörðum voru 100% fleiri á árinu 2008 en árið á undan. Vistunum í klefa fjölgaði einnig verulega á milli ára, fóru úr 31 vistun í 74, sem er aukning um 148%. Þremur málum lauk með sáttamiðlun en mun fleiri málum var beint í þann farveg en málsaðilar settu sig ekki við að ljúka málum með þeim hætti og því fóru þau mál í ákærumeðferð. Þetta kemur fram í ársskýrslu ríkislögreglustjóra. Hegningarlagabrot voru 228 talsins og komu rúmlega 57% þeirra til meðferðar hjá rannsóknardeild. Af 121 sérreislagabroti, sem eru utan umferðarlagabrota, sem kom til meðferðar lögreglunnar á Vestfjörðum fóru 47% þeirra til meðferðar rannsóknardeildar.

Auðgunarbrotum fjölgaði milli ára, voru 27 árið 2007 en 61 árið 2008. Engar sérstakar skýringar eru á þessari aukningu að því er fram kemur í skýrslunni, utan þess að nokkur ungmenni áttu stóran hlut í fjölda málanna.

Lögreglan á Vestfjörðum náði sínum besta árangri í baráttunni gegn fíkniefnum á árinu 2008. Fíkniefnabrot voru 35 og haldlagningar 38. Lagt var hald á meira magn fíkniefna en nokkru sinni áður, eða rúmlega 800 grömm og 44 e-töflur. Umferðarlagabrotum fjölgar um 85 miðað við árið 2007. Enginn sérstakur brotaflokkur sker sig úr ef frá eru talin brotin „akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna“ en upplýstum brotum í þeim málaflokki fjölgaði verulega. Tvö banslys urðu í umferðinni í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum.

Í skýrslunni kemur fram að eftir miklar breytingar á umhverfi löggæslu, sem átti sér stað á ár-

unum 2006 og 2007, hafi stórum hluta ársins verið varið í að ljúka því aðlögunarferli sem hófst síðla árs 2006 vegna sameiningar fjögurra lögregluliða. Þá bættist 22. „stöðugildið“ við hjá embættinu í maí þegar fíkniefnaleitarhundurinn Dollar hóf störf. „Hundurinn hefur þegar sannað notagildi sitt og mun vera einn öflugasti fíkniefnaleitarhundur á landinu. Hefur hann verið að störfum allt frá því í júní 2008 og eflist og dafnar með degi hverjum“, segir í skýrslunni.

Á árinu fór að gæta samdráttar í rekstri þegar fyrir lá að íslenska hagkerfið hafði hlotið mikla byltu og að ríkisrekstur færi ekki varhluta af því. „Lítið var um einkennisfataúthlutanir á árinu 2007 og vegna vanefnda birgja færðust flestar úthlutanir til ársins 2008. Því er kostnaður vegna kaupa á fatnaði lögreglumanna óvenjuhár þetta árið“, segir í skýrslunni.

Á síðasta ári voru keyptir hnífahanskar fyrir lögreglumenn. „Stuttu eftir þau kaup sannaði hansinn sig þegar lögreglumaður lenti í útistöðum við einstakling sem beit næstum af honum fingur“, segir í skýrslunni. Lögreglumenn við embættið sóttu ýmis endurmenntunarnámskeið hjá Lögregluskóla ríkisins, m.a. námskeið um starfsmannasamtöl, kerfisstjórnarnámskeið og upprifjunarnámskeið um sáttamiðlun. Á haustmánuðum 2008 luku þeir lögreglumenn námi í vettvangsstjórnun sem áttu eftir að sitja slíkt námskeið. Í árslok 2008 voru því allir fastráðnir og menntaðir lögreglumenn við embættið búnir að ljúka námskeiði í vettvangsstjórnun.

– thelma@bb.is

Milliríkjasamband



Míla sér um að halda góðu sambandi við útlönd með tveimur öflugum sæstrengjum. Hvort sem utanríkisráðuneytið á símafund með erlendum ráðamönnum eða þú sendir tölvupóst með broskalli til gömlu skiptinema-fjölskyldunnar, sér Míla um að boðin berist hratt og örugglega.



Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta-, síma- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er mikilvægur hlekkur í öryggisfjarskiptum landsins á sjó, landi og lofti.

„Markmiðið að í Bolungarvík verði heilbrigt og fjölskylduvænt samfélag“

Umhverfismálaráð Bolungarvíkur hefur lagt til við bæjarstjórn að drög að skipulagsupprætti og skipulagsgreinargerð fyrir nýtt aðalskipulag Bolungarvíkur 2008 – 2020 verði send lögbundnum umsagnaraðilum til umsagnar. Var það ákveðið á síðasta umhverfismálaráðsfundi þar sem drögin voru kynnt fyrir bæjarfulltrúum. Vinna við gerð aðalskipulagsins hófst vorið 2006, en þá samdi Bolungarvíkurkaupstaður við Teiknistofuna Eik um ráðgjöf í verkefninu. Eldra aðalskipulag er frá árinu 1980 og náði það aðeins yfir þéttbýli sveitarfélagsins. Mikil áhersla var lögð á samráð við og virka þátttöku íbúa og hagsmunaaðila við gerð aðalskipulagsins. Settur var á fót skipulagshópur hagsmunaaðila sem vann að gerð skipulagstillögunnar undir leiðsögn ráðgjafa.

„Leiðarljós skipulagshópsins er að í Bolungarvík verði heilbrigt og fjölskylduvænt samfélag með góðu aðgengi að heilnæmu og fallegu umhverfi. Boðið verði upp á einstaklingsmiðaða þjón-



Bolungarvík.

ustu í samfélagi sem hæfir öllum íbúum þess. Að í sveitarfélaginu þrífist fjölbreytt, kröftugt og skapandi atvinnulíf sem byggir á öflugum innviðum og þeim grunni sem þegar er til staðar“, segir í drögum að aðalskipulaginu.

Hópurinn samþykkti að gangast undir fyrirfram ákveðið verklag sem m.a. miðaði að því að skipulagstillagan tæki tillit til ólíkra hagsmuna og gilda strax frá upphafi vinnunnar. Áhersla var lögð á að fulltrúar hópsins kæmust að sameiginlegri niður-

stöðu og sættust á eina skipulagslausn. „Ágreiningsmál voru rædd og reynt að leysa þau þegar þau komu upp. Eftir stendur aðalskipulag sem nýtur viðtæks stuðnings innan sveitarfélagsins. Reynt er þó að hafa skipulagið eins skýrt og kostur er, þannig að

það gagnist sem stjórnþingi fyrir Bolungarvík og sé hagnýtt plagg fyrir íbúa, fyrirtæki og félaga-samtök“, segir í drögnum.

Umhverfismálaráð hvetur félög og einstaklinga til að kynna sér drögin á heimasiðu Bolungarvíkurkaupstaðar.

Snerpa ehf er 15 ára í nóvember!



Snerpa hefur frá árinu 1994 boðið allar hefðbundnar Internettengingar, vistun vefja og hýsingu á tölvukerfum. Lögð er áhersla á fagmennsku og öryggi í rekstri. Snerpa býður einnig örbylgjutengingu við Internet á völdum stöðum á Vestfjörðum.

Mikill hraði!

Snerpa býður nú upp á mjög hraðvirkar VDSL og ADSL2+ tengingar á eigin kerfi því aldrei hefur verið eins mikilvægt að hafa öfluga tengingu við Internetið. VDSL hentar sérstaklega vel fyrir fyrirtæki og stofnanir sem þurfa mikinn hraða í báðar áttir. ADSL2+ eru mjög öflugar tengingar fyrir minni fyrirtæki og heimili. Endilega kynntu þér málið á vefsíðu okkar, verðið kemur þér á óvart!

snerpa.is



Nútíma vefumsjón með öflugu vefumsjónarkerfi. Snerpill hentar fyrir allar gerðir vefsvæða, stór sem smá. Breyttu efni síðunnar á augnabliki með Snerpli vefumsjón! Myndir texti eða skrár...ekkert mál!

Ertu sproti?

Eitt af lykilatriðunum í rekstri fyrirtækja er að vera sýnileg á markaði og vönduð heimasíða er mjög mikilvægur þáttur í því. Það er dýrt að koma sér upp góðri heimasíðu og við vitum að ný og lítil fyrirtæki þurfa að horfa í hverja krónu í uppbyggingu og rekstri. Því bjóðum við upp á nýjung vefmálum. Um er að ræða lágmarksútgáfu af vefumsjónarkerfinu Snerpli á verði sem ætti að henta öllum nýsköpunar og sprotafyrirtækjum.

snerpill.is



Kaspersky vírusvarnirnar eru margverðlaunaðar vírusvarnir sem vernda tölvuna þína frá vírusum, njósnaforritum og öðrum vafasömum hugbúnaði.

Kaspersky Anti-Virus 2010 er ein öflugasta og vinsælasta vírusvörnin á markaðnum í dag. Anti-Virus 2010 er fullkomin vírusvörn sem er jafnframt auðveld í notkun og gerir þér kleift að að skoða netið, öruggur fyrir vírusum, trojuhestum og internetormum.

Veldu öryggi!

Kaspersky Internet Security 2010 er ný lausn frá Kaspersky sem sameinar vírusvörn við persónulegan eldvegg og ruslpóstsíu. Kaspersky Internet Security heldur tölvunni þinni öruggri fyrir vírusum, njósnaforritum, árásum tölvuþrjóta, ruslpósti og netsvindlurum.

antivirus.is

Tölvuviðgerðir - Internet - Vefhönnun - Fyrirtækjaþjónusta - Veiruvörn - Samstarfsaðili Mílu- snerpa@snerpa.is - 520 4000

Íbúar í norðanverðum Arnarfirði án allra samgangna

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, hefur vakið athygli samgönguráðherra á því að innan Ísafjarðarbæjar, í norðanverðum Arnarfirði er samfélag með 16 íbúum sem eru án samgangna þegar Hrafnseyrarheiði er lokuð. „Staða þeirra er verri en allra annarra einangraðra svæða sem undirritaður þekkir til. Eyjunum Æðey og Vigur er t.d. sinnt með ferðum tvisvar í viku. Árneshreppi er sinnt með flugsamgöngum. Mjóafirði eystra er sinnt með bátsferðum. Í norðanverðum Arnarfirði eru engarsamgöngur þegar ófært er eftir veginum og ófært fyrir snjóbíl“, segir í bréfi Halldórs til samgönguráðherra þar sem hann vekur á sérstöðu íbúa í norðanverðum Arnarfirði.

Í bréfinu segir jafnframt: „Oftast er talað um Hrafnseyrarheiðina í tengslum við samgöngur milli norðan- og sunnanverðra Vestfjarða. Það er eðlilegt enda

eru vetrarsamgöngur á milli þessara byggða með sama hætti og fyrir 50 árum þegar vegur yfir Dynjandisheiði var opnaður. Þær eru nánast engar. Samt er hér um þjóðveg að ræða milli byggðarlaga rétt eins og milli Borgarness og Stykkishólms eða Húsavíkur og Akureyrar. Munurinn er sá að samgöngurnar í tilfelli okkar Vestfirðinga eru nánast engar yfir veturinn.

En sé lítið framhjá þessu stóra samgönguvandamáli milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða þá eru samgöngur um Hrafnseyrarheiði um leið samgöngur innan sveitarfélagsins Ísafjarðarbæjar. Fólk þarf að sækja alla þjónustu norður yfir Hrafnseyrarheiði. Eina þjónustan í Arnarfirði sjálfum er pósthátur frá Bildudal og má hann ekki flytja farþega.

Þegar ófært er yfir Hrafnseyrarheiði hefur Ísafjarðarbær um langa hrið (Þingeyrarhreppur þar áður) séð um samgöngur yfir



Sextán íbúar eru án samgangna þegar Hrafnseyrarheiði er lokuð.

heiðina með snjóbíl. Þannig hafa íbúarnir getað sótt lækniþjónustu og annað sem þeim er nauðsynlegt. Vandamálið á undan-

förnum árum hefur hins vegar verið að hvorki hefur verið fært fyrir snjóbíl yfir Hrafnseyrarheiði vegna snjóleysis né eftir

veginum þegar hann er ekki mokaður. Þannig komast íbúar Ísafjarðarbæjar í Arnarfirði hvorki lönd né strönd. – thelma@bb.is

ÍBÚAR Á
VESTFJÖRÐUM

BOLUNGARVÍK
ÍSAFJÖRÐUR

5kr.

VIÐ FYRSTU NOTKUN
Á ÓB-LYKLINUM
OG SÍÐAN ALLTAF -2KR.

ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Icelandair.
Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141.

www.ob.is


MINNINGARKORT

Minningarsjóðs Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði um Úlf Gunnarsson, yfirlækni

Kortin fást á eftirtöldum stöðum:

- FSÍ, afgreiðslu, sími 450 4500, alla virka daga kl. 8-16. Hægt er að greiða símleiðis með gíró eða greiðslukorti.
- Eymundsson - Penninn, Ísafirði. Opið á virkum dögum kl. 9-18 og laugardaga kl. 10-12
- Blómaturninn, Ísafirði, opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-15.

Minningarsjóðurinn er notaður til tækjakaupa fyrir sjúkrahúsið



Lágmarksgjald v/kostnaðar er 1.000 kr.

Keyrði ölvaður og beit lög-reglumann

Karlmaður hefur verið sakfelldur fyrir Héraðsdómi Vestfjarða fyrir ölvunarakstur og brot gegn valdstjórninni. Ákærði var dæmdur til greiðslu sektar og sviptur ökurétti. Manninum sem játaði sök var dreginn fyrir dóm fyrir að hafa ekið fullur í ágúst á síðasta ári og bitið lögglumann, sem var við skyldustörf, í höndina. Tók ákærði hins vegar sérstaklega fram að hann hefði hvorki átt upptökin að þeim líkamlegu átökum sem urðu milli hans og lögreglu, né hefði hann hótad að beita lögglumennina ofbeldi. Í dómorði kom þó fram að ekki væri hægt að slá neinu föstu um hver framkoma ákærða hafi verið í aðdraganda þess að hann var tekinn tökum á lög-reglustöðinni umræddan dag.

„Þá er dómurinn heldur ekki í

aðstöðu til að skera úr um réttmæti ýmissa ásakana ákærða á hendur lögreglu, sem viðkomandi lögglumenn hafa mótmælt, en um atvik máls að þessu leyti ber ákærða og lögreglumönnum í aðalatriðum ekki saman“, segir í dómorði. Þar segir einnig að talið er að þeir lögglumenn er fyrst tóku ákærða tökum, hafi gert það þar sem þeir hafi talið að ákærði hygðist ráðast á annan lögglumanninn.

Manninum var gert að greiða 165.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi tólf daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins. Einnig var hann sviptur ökurétti í fimmtán mánuði og þarf að greiða 84.431 krónu í sakarkostnað.

– thelma@bb.is

Prettán taka þátt í flokkun sorps

Prettán einstaklingar hafa boðið sig fram til að taka þátt í tilraunaverkefni í tengslum við flokkun sorps í Ísafjarðarbæ. Að sögn Ralf Trylla hefur fólk tekið vel í verkefnið en enn hefur enginn á Þingeyri og Flateyri boðið sig fram. „Ef einhverjir Flateyringar eða Þingeyringar hafa áhuga á að vera með þá hvet ég þá til að hafa samband. Þetta lítur vel út og verður spennandi að sjá hvað kemur út úr þessu.“

Verkefnið felst í því að þátttakendur flokka sorp og nota sérmerktu ruslapoka sem náð er í á tveggja vikna fresti. Þátttakendur

punkta hjá sér reynslu þeirra af kerfinu á sérstakan pappír sem þeim yrði útvegaður. Markmiðið er að fá í ljós styrkleika og veikleika hins nýja kerfis og prufa hina sérmerktu ruslapoka. Einnig að fá betri upplýsingar um magn heimilissorps. Í lok verkefnisins verður farið yfir reynsluna með þátttakendum, hvað hafi verið auðvelt og hvað betur megi fara.

Flokkun verður á þann veg að bylgjupappi, annar pappi, plastumbúðir, krukkur og dósir færu í grenndargám. Allt annað heimilissorp færi í ruslapoka og stórt sorp færi í Funa eða gám.

Vilborg Davíðs skrifar sögu Auðar djúpúðgu

Skáldsagan Auður eftir Vilborgu Davíðsdóttur kom út hjá Máli og menningu á dögunum. Auður sú er um ræðir er landnámskonan Auður djúpúðga Ketilsdóttir, ættmóðir Laxdæla, sem nam land í Dölum og bjó í Hvammi. Í káputexta bókarinnar segir: „AUÐUR, dóttir víkingahöfðingjans Ketils flatnefs, vex upp á Suðureyjum, ættstór og skapheit. Allt hennar fólk er heiðið en þegar hún kynnist Gilla

munki laðast hún bæði að honum og boðskap hans um Hvítakrist. Fullveðja er Auður gefin Ólafi hvíta, konungi yfir Dyflinni á Írlandi. Samband þeirra er heitt en stormasamt og vináttan við Gilla verður henni dýrkeypt.“

Vilborg hefur áður sent frá sér sex sögulegar skáldsögur og var síðasta skáldsaga hennar, Hrafninn, tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna árið 2006.

– fridrika@bb.is

Til hamingju Bæjarins besta!

Kello

Pardon

Elton

Lee

Diesel

Blend

M-by m

Melka

B-young

og fleiri...

Með fatnað fyrir þig í 20 ár!

Jón og Gunna verslun

Austurvegi 2
Ísafjörður

Franskt kvöld og amerísk jólastemmning

Íbúar á norðanverðum Vestfjörðum ættu ekki að þurfa að óttast hungur í jólaundirbúningnum því jólahlaðborð verða þar nánast á hverju strái frá því í lok nóvember og fram eftir desember. Við Pollinn, Hótel Núpur, Amma Habbý, Talisman og Einarshús ætla öll að bjóða upp á jólahlaðborð, hvert með sínu sniði. Amma Habbý verður með amerískt þema, Talisman býður upp á franskt kvöld, Núpur fær tvo valinkunna Vestfirðinga til að annast veislustjórn og Við Pollinn og Einarshús njóta krafta Litla leikklúbbsins.

Veitingastaðurinn við Pollinn á Ísafirði riður á vaðið föstudagskvöldið 20. nóvember og verður auk fjölbreytts hlaðborðs boðið upp á sýningu Litla leikklúbbsins, Vegir liggja til allra átta, þar sem flutt eru lög sem systkinin Elly og Vilhjálmur Vilhjálmssbörn gerðu vinsæl á sínum tíma. Sýningin og jólahlaðborðið verða á hverju föstudags- og laugardagskvöldi til 20. desember en þá lýkur jólavertíðinni Við Pollinn með sérstöku barnahlaðborði.

Hótel Núpur fer af stað með



Vestfirðinga þarf ekki að svengja á aðventunni því ótrúlegt úrval jólahlaðborða er í boði á norðanverðum Vestfjörðum.

sitt jólahlaðborð 4. desember og verður það haldið í fjögur skipti. 4., 5., 11. og 12. desember. Þar verður boðið upp á úrval rétta úr staðbundnu hráefni, til dæmis kemur allt lambakjötið frá Fremri Fjarðardal í Dýrafirði. Núpsmenn bjóða upp á vestfirska veislustjórn sem fyrri helgina verður í höndum Þórhalls Ara-

sonar og þá seinni í höndum Kristins H. Gunnarssonar. Hjónabandið leikur svo fyrir dansi að lokinni veislu.

Talisman á Suðureyri fer af stað með jólahlaðborð sitt 21. nóvember og verður það á föstudags- og laugardagskvöldum til 19. desember. Laugardagskvöldið 28. nóvember verður franskt

kvöld þar sem allir réttir eru tilreiddir á franska vísu og valin frönsk vin fylgja hverjum rétti.

Amma Habbý á Ísafirði verður með jólahlaðborð 28. nóvember og 5. 12. og 19. desember. Þar verður þemað amerískt, kalkúnn og amerískt jólatré, meðal annars og sjö manna hópur undir stjórn Samúels Einarssonar skemmtir

gestum með tónlist frá sjötta og sjöunda áratugnum.

Í Einarshúsi í Bolungarvík verður jólahlaðborð laugardagskvöldin 5. og 12. desember þar sem Litli leikklúbburinn mun skemmta gestum með sýningunni Vegir liggja til allra átta.

Það er því ljóst að Vestfirðingar hafa úr nógu að velja.



ÍSAFJARÐARBÆR

Ísafjarðarbær óskar Bæjarins besta til hamingju með 25 ára afmælið. Blaðið hefur verið mikilvægur liður í því að miðla upplýsingum inn á við í samfélagið og sem spegill þess út á við. Það er vandasamt hlutverk að stýra óháðum fréttamiðli í okkar samfélagi en ritstjórn Bæjarins besta hefur leist það hlutverk vel í gegnum tíðina. Samstarf Bæjarins besta og Ísafjarðarbæjar hefur alla tíð verið með miklum ágætum og er þess óskað við þessi tímamót að svo verði áfram. Megi framtíð blaðsins vera björt - því sjálfu og samfélagi þess til heilla.

Kær kveðja,
Halldór Halldórsson, bæjarstjóri



Landshlutaáætlun fyrir Vestfirði felld inn í sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar

Á næstu mánuðum verða mótadár sóknaráætlanir í öllum landshlutum samkvæmt nýrri skiptingu landsins í sjö svæði sem samþykkt hefur verið í ríkisstjórn. Heimamenn á hverju svæði um sig og fjöldi hagsmunaaðila, stofnana og ráðuneyta munu koma að verkinu undir forystu landshlutasamtaka og stýrihóps Sóknaráætlunar sem starfar á vegum forsætisráðuneytisins, meðal annars með þátttöku fimm ráðherra ríkisstjórnarinnar. Sveitarfélögin á Vestfjarðakjálkanum eru talin eitt af þessum svæðum, að Bæjarhreppi undanskildum sem talinn er eiga frekar samleið með Norðurlandi vestra. Einhverja Vestfirðinga kann að reka í rogastans þar sem kynnt hafði verið að verið væri að vinna sérstaka landshlutaáætlun fyrir Vestfirði einsog fram kom í viðtali bb.is við Þorgeir Pálsson, formann AtVest í mars síðastliðnum, en þar sagði Þorgeir:

„Ákveðið var að ráðast í gerð landshlutaáætlunarinnar í kjölfar kynningar á byggðaaætlun sem Byggðastofnun vinnur nú að fyrir árin 2010-2013, en þar þóttu sér-



Sveitarfélögin á Vestfjarðakjálkanum eru í sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar talin eitt svæði að Bæjarhreppi undanskildum.

tækir hagsmunir og sérstaða Vestfjarða ekki koma nógu skýrt fram. Byggðaaætlun nýtur ekki virðingar og ferlið í kringum gerð hennar er ekki nægilega skýrt. Okkur fannst því ráðlegast að gera okkar eigin áætlun þar sem sérstaða landhlutans kemur skýrt fram.“

Aðalsteinn Óskarsson, formaður Fjórðungssambands Vest-

fjarða, segir að horfið hafi verið frá fyrri hugmyndum um að vinna sérstaka landshlutaáætlun fyrir Vestfirði eftir stjórnskiptin síðastliðið vor þar sem ríkisstjórnin sem nú situr hafi haft það á stefnuskrá að vinna slíka áætlun. Nú sé málið komið á það stig að leggja eigi af stað með sóknaráætlun fyrir hvern landshluta og stefnt sé að því að sú

vinna gangi mjög hratt fyrir sig.

Svæðaskiptingin er, samkvæmt frétt á vefstjórnarráðsins, hugsuð til að ná megi nauðsynlegri viðspyrnu við endurreisn efnahagslífsins. Tillagan að svæðaskiptingunni hefur verið unnin í samráði við ráðuneyti, landshlutasamtök og forystu Sambands sveitarfélaga.

Fjölmargir þættir munu fléttast

saman við mótun sóknaráætlana í heildstæða áætlun, meðal annars atvinnumál, umhverfismál, menntamál, samgöngumál, endurskipulagning opinberrar þjónustu og efling sveitarstjórnarstigsins. Áætlunin er að hver áætlun byggji á greiningu á styrkleikum og veikleikum hvers svæðis, skýrri forgangsróðun og framtíðarsýn sem góð samstaða er um.



Skynsamleg nýting auðlinda
í sátt við umhverfið

HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.



„Óviðunandi að svo mikilvæg starfsemi sé í hættu vegna ofanflóða“

Í drögum að nýju aðalskipulagi Bolungarvíkur er gert ráð fyrir flutningi tengivirkis Orkubús Vestfjarða, sem er staðsett undir Erninum, út fyrir núverandi byggð. Aðveitustöð og tengivirki Orkubúsins er staðsett austan Ernis, á hættumatssvæði C samkvæmt hættumati, en um hana fer allt rafmagn til Bolungarvíkur. Óviðunandi þykir að svo mikilvæg starfsemi sé í hættu vegna ofanflóða. Í stað tengivirkisins verður sett upp geymslusvæði

fyrir gáma á svæðinu. „Svæðið við áhaldahúsið tengist vel hafnarsvæðinu, vegna nálægðar. Þetta er að sama skapi ókostur vegna særoks og sýnileika. Svæðið undir Erninum er fjær sjó og ekki eins sýnilegt frá þéttbýlinu eða við innkomu í bæinn. Ókostir þess svæðis eru hins vegar nálægð við útivistarsvæði og snjóflóðahætta en samkvæmt hættumati er svæðið skilgreint sem C svæði“, segir í greinargerð með drögnum að aðalskipulagi

fyrir árin 2008-2020. Þar kemur einnig fram að hesthúshverfi, sem er undir Erninum að austanverðu, er innan hættumatssvæðis C. „Með flutningi tengivirkis og hesthúsa af svæðinu og uppsetningu gámasvæðis breytist landnotkun á svæðinu talsvert. Dregið er úr nýtingu og áhættu íbúa á skipulagstímabilinu en jafnframt eru þeir innviðir sem eru til staðar nýttir. Viðvera á umræddu svæði er mjög lítil, einkum yfir vetrartímann, en ef

mikil snjóflóðahætta er til staðar má takmarka umferð. Eftir að tengivirkið hefur verið flutt nýttist allt svæði sem geymslusvæði“, segir í drögnum. Í drögnum segir að nýting á geymslusvæði fyrir gáma skuli samrýmast landnotkun í nágrenninu. Tryggja ber snyrtilega umgengni, einkum m.t.t. nálægra útivistarsvæða. Þar sem svæðið er á snjóflóðahættusvæði C ber að haga nýtingu með tilliti til ofanflóða.



Frostrósir í Ísafjarðarkirkju

Söngdívurnar Frostrósir verða að vanda með jólatónleika víða um land í byrjun desember. Tónleikarnir á Vestfjörðum verða í Ísafjarðarkirkju í annarri viku desember og verða með svipuðu sniði og í fyrra.

Hera Björk Þórhallsdóttir, ein dívanna, segir þær alltaf hlakka til að koma til Ísafjarðar og tónleikarnir í fyrra séu þeim sérstaklega minnisstæðir. Engin ástæða sé til að ætla að gleðin verði minni í ár. Forsala á tónleika Frostrósanna um land allt hófst 3. nóvember, en þeim sem skrá sig á heimasíðu þeirra, frostrósir.is, eða gerast vinir Frostrósa á Facebook gefst kostur á að skjótast fram fyrir í röðinni.

Óskum Bæjarins besta og Vestfirðingum öllum hjartanlega til hamingju með 25 ára afmæli blaðsins

Minnum á vetraropnun í Árbæ

Sundlaug:

Mánudaga lokað.

Þriðjudaga opið frá kl 16.00 til 20.00

Miðvikudaga opið frá kl: 08.00 til kl:10.00 og frá kl: 16.00 til kl: 20.00

Fimmtudaga opið frá kl: 16.00 til kl: 20.00

Föstudaga opið frá kl: 08.00 til kl: 10.00 og frá kl: 16.00 til kl: 20.00

Laugardaga opið frá kl:12.00 til kl: 18.00

Sunnudaga opið frá kl: 10.00 til kl: 14.00

Preksalur:

Mánudaga opið frá kl: 17.00 til kl: 19.00

Þriðjudaga og fimmtudaga opið frá kl: 13.00 til kl:20.00

Miðvikudaga og föstudaga frá kl 08.00 til kl:10.00 og frá kl: 13.00 til 20.00

Laugardaga opið frá kl: 12.00 til kl: 18.00

Sunnudaga opið frá kl: 10.00 til kl: 14.00

Sauna baðstofa:

Fimmtudaga konutími frá kl: 17.00 til kl: 20.00

Föstudaga karlatími frá kl:17.00 til kl: 20.00

Laugardaga konutími frá kl: 13.00 til kl: 15.30 og karlatími frá kl:15.30 til kl:18.00



Bolungarvíkurkaupstaður



Tek hatt minn ofan ...

Reynir Traustason, ritstjóri DV:

Þegar litið er um öxl þau 25 ár sem liðin eru frá því tveir ungir menn stofnuðu héraðsfréttablað á Vestfirðum sést hve mikilvægt framtak þeirra var. Héraðsfréttablöð koma og fara. Sum þeirra hafa verið í skötulíki en önnur keyrð áfram á óbilandi kjarki og metnaði. Innan hugtaksins héraðsfréttablað rúmast allskyns fyrirbæri. Sum þeirra eru smárit full af auglýsingum og kannski dagskrá útvarps og sjónvarps. Önnur eru þéttari pakki af viðtölum, fréttum og mannlegu efni. Þeirrar gerðar er þetta blað, Bæjarins besta. Nafnið er þannig að í upphafi hélt maður kannski að verið væri að stofna pulusvagn á Ísafirði. Nafnið kemur úr allt annarri átt en Vesturland, Skutull, Austurland eða hvað þau hafa öll heitið þessi blöð. Nafnið eitt reyndist vera ágæt vísbending um þá hugmyndaauðgi sem lá að baki útgáfunni. Og það er fyrir löngu orðið að stórveldi í útgáfu sambærilegra blaða. Engum dettur lengur í hug pulusvagn þegar BB ber á góma.

Blaðið er ómetanlegt Vestfirðingum sem sameiginlegur vettvangur. Í gegnum 25 ára útgáfusögu má rekja alla sögu Vestfjarða sem annars hefði ekki verið skráð. Og útgefendurnir Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson hafa fyrir löngu sýnt að þeir réðu við hlutverk sitt. Þeir hafa sagt fréttir. Ekki aðeins af því góða sem gerist í mannlífínu, heldur einnig því slæma. Það þarf sterk bein til þess að segja fréttir í návígi við umfjöllunarefnið þar sem útgáfan er háð auglýsingum og velvild samfélagsins. Auðvitað má færa rök fyrir því að BB hefði mátt taka fastar á einhverjum málum yfirvalda í héraði. Þar er þó aðeins deilt um áferð fremur en kjarna máls. BB hefur staðist öll sín próf í aldarfjórðung. Prófdómurinn hvað það varðar er almenningur sem les og kaupir blaðið.

Bæjarins besta hefur aldrei staðnað en slíkt getur falið í sér dauðann. Stjórnendur blaðsins hafa verið vakandi yfir nýjungum í fjölmiðlun. Þannig voru þeir meðal þeirra fyrstu sem gerðu sér grein fyrir mikilvægi þess að koma sér uppi vefsíðu. Og þeir létu ekki hugmyndina deyja heldur framkvæmdu. Vefsíðan bb.is hefur síðan verið fastur punktur í lífi Vestfirðinga, bæði heimamanna og þeirra sem fluttir eru. Vefútgáfan er með sama yfirbragði og pappírsútgáfan. Mannlegir vinklar á málum eru ráðandi, sem er úrslitaatriði í því að ná til almennings.

Ég hef fylgst með BB frá því það hóf göngu sína. Ekkert héraðsfréttablað hef ég lesið mér til meiri ánægju. Starfs míns vegna sé ég flesta þá miðla sem gefnir eru út á Íslandi. Og ég fullyrði að enginn svæðismiðlanna er með tærnar þar sem Bæjarins besta er með hælana. Úthald þeirra Halldórs, Sigurjóns og samstarfsmanna þeirra við að halda úti öflugum fjölmiðli á minnsta markaðssvæði á Íslandi er einstakt. Stærri fjölmiðlar sem hafa glutrað niður milljörðum mættu ýmislegt af þessu fólki læra.

Í rauninni má segja að útgáfa Bæjarins besta sé íslenski draumurinn. Tveir ungir menn byrja útgáfu fréttablaðs með tvær hendur tómar, aðeins óbilandi trú á viðfangsefnið og eina ljósritunarvél. Í dag er kennitala þeirra líklega sú elsta ef litið er til sambærilegra fjölmiðla. Ég tek hatt minn ofan fyrir þeim vestfirsku dugnaðarforkum sem hafa í aldarfjórðung annast það verkefni að skrá sögu Vestfjarða og Vestfirðinga.

Hvað segi um Bæ



Fátt sem kemur

Þau eru ekki mörg héraðsfréttablöðin hér á landi sem geta státað af því að ná 25 ára afmæli. Og hvað þá í eigu sömu manna. Sigurjón og Halldór eiga eiginlega silfurbrúðkaupsafmæli. Þeir eiga heiður skilið fyrir þessa elju og nennu að halda úti þessu blaði og það á 21. öldinni þegar internetið hefur tekið öll völd og æ færri fletta blöðum.

Héraðsfréttablaðið þykir ómiss-

andi á mörgum heimilum. Það gefur fólki eitthvað að tala um á mannamótum og þar eru oftast ekki nýir íbúar kynntir til sögunnar. Það er fátt sem kemur blaðinu ekki við. Menn og málefni, uppskriftir og stjórnmálapistlar. Og ekki má gleyma Stakki sem oftast en ekki lætur sig landsmálin varða eins og Vestfirðinga er síður.

Uppáhaldið mitt í blaðinu hefur frá upphafi verið smáauglýs-

Þu segja aðrir fjölmiðlamenn Bæjarins besta og bb.is?



Kemur blaðinu ekki við

ingarnar. Því miður hefur þeim fækkað með tilkomu bloggsins, en vonandi kemur sá tími aftur sem hægt verður að finna gömul dekk undir bílinn minn á verði sem heitir „frí gegn því að vera sótt“! Eða barnavagn fæst gefins.

Jæja, það eru breyttir tímar. Nú er héraðsfréttablaðið komið í samkeppni við netmiðilinn bb.is, sem hlýtur að hafa vinninginn, með yfir 20 nýjar fréttir á hverj-

um degi fimm daga vikunnar meðan blaðið kemur út einu sinni í viku með þeim fréttum sem þegar hafa sést á netmiðlinum. En blaðið státar af miðopnuviðtölum við forvitnilega einstaklinga oft á tíðum, sem ekki fá pláss á netmiðlinum, og er það gott. Enda verður blaðið að hafa einhverja gulrót umfram vefinn.

Blaðið hefur sagnfræðilegt gildi fyrir norðanverða Vestfirði á

margan hátt. Og ljósmyndasafn netmiðilsins bb.is er skemmtileg heimild um það fjölskrúðuga líf sem er á Vestfjörðum. Ómissandi er að fylgjast með hverjir voru á hvaða þorrablóti eða hve margir hafi nú sótt Sunnukórballið þetta árið. Sagnfræðingar seinni tíma hljóta að undrast allt þetta menningarlíf sem stundað er á svæðinu. Og hafi bb.is þökk fyrir að sinna þessu. Til hamingju!

Guðrún Sigurðardóttir, forstöðumaður RÚV á Ísafirði:



Aldarfjórðungur

Sigurjón M. Egilsson, blaðamaður:

Það hlýtur að teljast vel að verki verið að halda úti héraðsfréttablaði í aldarfjórðung, og vera rétt að byrja. Þeir félagar Sigurjón og Halldór hafa með verkum sínum styrkt sitt samfélag og aukið lífsgildin. Meðal annars með því að veita brottfluttum og öðrum innsýn í vestfirsk mál. Þeir eiga miklar þakkir fyrir.

Þeir voru svo til nýbyrjaðir með Bæjarins besta þegar ég kynntist þeim. Margsinnis hef ég þurft að leita til þeirra vegna fréttaskrifa um Vestfirði eða Vestfirðinga á þessum árum. Alltaf hafa þeir brugðist vel við, sama hver umfjöllunin hefur verið. Þannig eru þeir og þess vegna hefur þeim tekist að sigla blaðinu í gegnum allan þann vanda sem hlýtur að hafa mætt þeim á þessum tuttugu og fimm árum.

Það er aukaálág fyrir fjölmiðlinga að vera í nánú sambandi við þá sem fjallað er um, mæta þeim á götu, kannski daglega, búa jafnvel í sömu götu, eiga börn í sama skóla, kannski í sama bekk, vera í sama tómstundastarfi og þekkja jafnvel mjög vel. Það er kúnt að geta haldið fjölmiðli, sem gagn er í, gangandi við þessar aðstæður. Til þess þarf margt. Ekki síst næmni og mannelsku. Það er vandi að skrifa blað þannig að það segi það sem segja þarf og halda á sama tíma góðu sambandi við sitt samfélag og þá sem þar búa. Ekkert lifir í aldarfjórðung þar sem þetta allt fer ekki saman.

Það er hvatning fyrir alla blaðamenn að horfa til þeirra á Bæjarins besta. Þeir hafa sýnt að það er hægt að halda úti góðum fjölmiðli við þröngar aðstæður, vegna landshátta, lítils samfélags og sveiflna í efnahag. Umfram allt, þeir hafa sýnt að það er hægt að skrifa um og fjalla um sitt næsta samfélag, gera það vel og þannig að allir fái notið.

Til hamingju!



Fjölbreytt úrval í mjúku pakkana!

HAFNARBÚÐIN Ísafirði
Sími: 456 3245

Látum
ekki segjast!
Byrjum aftur!



SIEMENS heimilistæki

Við bjóðum heimilistækin frá Siemens á sama verði og í Reykjavík.

Dæmi: Þessi glæsilega 5 kg og 1200 snúninga þvottavél. Tilboðsverð: **129.900** kr. stgr. Sama verð og í Reykjavík

Póllinn ehf.

Pollgötu 2, Ísafirði • S. 456 3092 • www.pollinn.is



Hvað segi um Bæ

Samferða í aldarfjórðung

Páll Ketilsson ritstjóri Víkurfrétta í Reykjaneshæ og vf.is:

Aldarfjórðungur í blaðaútgáfu og fréttamennsku með sömu kennitölu er fjandi gott. Þetta hefur þeim Ísafirðingum á Bæjarins besta tekist. Og það nokkuð vel.

Við hér á Víkurfréttum, suður með sjó, nánar tiltekið á Reykjaneshæ, höfum verið í góðu sambandi við Ísafirðingana með ýmislegt sem snýr að vinnunni okkar, útgáfu héraðsfréttablaðs og fréttavefs. Við höfum verið samferða í mörgum málum þó svo markaðir okkar séu ólíkir að mjög mörgu leyti. Við höfum í tæp þrjátíu ár búið við ágætan auglýsingamarkað, nokkuð sem BB hefur ekki haft. Ég hef að mörgu leyti öfundað þá félaga á BB að hafa áskriftar- og lausa-söluþekjur. Mér hefur alltaf fundist þeir hafa meira efnispláss en við. Þeir hafa nú stundum líka öfundað okkur af magni auglýsinga. Um þetta og margt annað í rekstri nútíma fjölmiðils höfum við skipst á skoðunum. Við ritstjórnarmir höfum nánast verið í vikulegu sambandi og styrkt þannig fyrirtækið Símann því við hittumst sárastjaldan. Ekki af því Sigurjón og þeir félagar séu ekki skemmtilegir, heldur er það fjarlægðin sem gerir það að verkum að við þurfum að láta símann duga og stundum tölvupóstinn. Við Sigurjón höfum þó bætt þennan þátt örlítið og ég fór til dæmis golfhring með þeim hjónum á mínum heimavelli í Leirunni í sumar. Það var gaman en eitt af markmiðum Sigurjóns er að ná mér í golfinu. Það verður erfitt.

Þar sem okkur hefur báðum tekist að lifa svona lengi í fréttabransanum er ekki úr vegi að hvetja Vestfirðinga til að halda áfram tryggð við sitt blað og sinn



vef. Þetta er hverju landsvæði mikilvægt en að sama skapi ekki sjálfsagt. Erfiðleikar í útgáfu eru víða. Okkar miðlar eru mikið lesnir og það er nú til dæmis eitt sem við hjá VF og BB höfum gert. Við höfum keppt okkar í milli um aðsókn á vefina. Svo skemmtilega vill til að hún er mjög svipuð en báðir vefirnir hafa verið í mælingu hjá fyrirtæki sem mælir alla helstu fréttavefi landsins. Tugþúsundir heim-sókna í viku hverri segir sína sögu.

Við hér á Víkurfréttum sendum Bæjarins bestu miðlum Vestfirðinga okkar bestu afmælis-kveðjur í tilefni þessa stóra áfanga.

Þu segja aðrir fjölmiðlamenn Bæjarins besta og bb.is?



Ljós: Spessi.

Vandað, óháð og skemmtilegt

Bjarni Brynjólfsson, ritstjóri tímaritanna Iceland Review, Atlantica og Veidimannsins:

Tíminn flýgur, það er víst ábyggi-legt. Bæjarins besta orðið 25 ára. Það er langur tími í íslensku fjölmiðlasögu. Afmælisbarnið ber aldurinn vel, hefur sjaldan verið vandaðra og skemmtilegra, fullt af æskufjöri og búið að slíta barnsskónum. Vestfirðingar eru heppnir að eiga blað sem fjallar um vestfirsk málefni og styrkir myndir þeirra af því lífum þróttu og skilningi sem BB hefur jafnan gert á æviferlinum. Það er alls ekki sjálfgefið. Héraðsfréttablöð hafa týnt tölunni á undanförunum árum í samkeppni við frímiðla, sem eru víst ekki lengur fríir á landsbyggðinni. Að sjálfsögðu ekki þegar búið er að ganga frá samkeppninni. Lærdómurinn er sá að það borgar sig jafnan að hlúa vel að því sem vel er gert heima fyrir og gæta þess að missa ekki fjöregg sín í hendur þeirra sem brjóta og týna.

Ef lítið er yfir sviði íslenskra fjölmiðla í dag er leitun að óháðum og vönduðum miðlum. Allir fjölmiðlar landsins glíma við

meiri eða minni fjárhagsvand-
ræði, eru í gjörgæslu fjármála-
stofnana og í blóðugum niður-
skurði. Hrunið hefur leikið fjöl-
miðla grátt því sjaldan hefur
traust landsmanna á fjölmiðlum
og blaðamönnum verið jafn hrap-
allega lítið. Er til mikils að vinna
fyrir blaðamenn og ritstjóra að
bæta álit viðkomandi miðla. Verður vart séð hvernig það muni
takast meðan eignarhaldið er því-
líkt og það er.

Afmælisbarnið virðist hins
vegar sprækt þótt alltaf megi bæta
og breyta. Það hefur jafnan tekist
vel og blaðið hefur á æviferlinum
gengið í gegnum nokkur en vel
heppnuð þroskaskeið. Fréttavef-
urinn bb.is er síðan ekkert minna
en stórvirki því í hann er sífellt
vitnað og hann hefur náð og hald-
ið þeirri stöðu að vera aðalfrétta-
veita Vestfjarða.

Á jafn örlagaríkum tímum og
við lífum nú hefur hlutverk vand-
aðra og óháðra fjölmiðla aldrei
verið mikilvægara. Bæjarins
besta hefur að mínu mati aldrei

hvíkað frá þeim markmiðum að
vera sanngjarnt, vandað og óháð
fréttablað. Þess vegna hefur það
líka lifað af vegna þess að les-
endurnir vita að þeir geta treyst
blaðinu sínu.

Ég hef verið dyggur lesandi
BB í hverri viku í áraraðir og les
það spjaldanna á milli. Væntan-
lega sýnir það að ritstjórninni er
lagið að gefa út metnaðarfullt
vikublað sem endurspeglar vest-
firskt samfélag af réttisýni og þek-
kingu og vekur forvitni lesenda.
Ef til vill kitlar það líka örlítið
hégómagirndina að blaðið ber
upphafsstafina mína og að ég
hef fengið að leggja hönd á plóg-
inn í útgáfunni um langa hríð
með pistlum og viðtölum. Mig
minnir að fyrstu greinina hafi ég
skrifað í blaðið 1985 og var þá
kynntur til sögunnar af ritstjóra
sem BB í London.

Ég óska eigendum, ritstjórn
og lesendum Bæjarins besta inni-
lega til hamingju með afmælið
og hrópa í huganum ferfalt húr-
ra fyrir því. BB lengi lífi.



Þjónusta BB til mikillar fyrirmyndar

Óskar Hrafn Þorvaldsson, fréttastjóri Stöðvar 2 og visir.is:

Ég vil byrja á því að óska
Sigurjóni og hans fólki til ham-
ingju með tuttugu og fimm
ára afmæli blaðsins. Ég hef
lengi fylgst með blaðinu og
kannski sérstaklega vefnum
bb.is í seinni tíð. Ég get ekki
sagt annað en að sú þjónusta
sem Bæjarins besta veitir er
til mikillar fyrirmyndar. Þar
er á öðrumstundu hægt að
finna hvernig púlsinn slær á
Vestfjörðum.

Fréttirnar eru skrifaðar af
fólki sem hefur þekkingu á
landsfjórðungnum og ástríðu
fyrir því að fjalla um málefni
svæðisins. Það er óumdeilt að
Bæjarins besta skiptir gríðar-
lega miklu máli fyrir heima-
byggðirnar og fólkið á svæð-

inu, sem og brottflutta Vest-
firðinga.

Það er þrekvirkir hjá Sigur-
jóni að hafa haldið þessum
miðli úti í allan þennan tíma „á
sömu kennitölunni“ eins og
hann minnir mann oft á og
það hefur ekki tekist nema
með dugnaði, elju og ástríðu
sem skila sér beina leið inn í
fjölmiðilinn.

Ég hef átt afskaplega gott
samstarf við Sigurjón og starfs-
menn BB í gegnum tíðina og
þeirra hjálp hefur oft á tíðum
reynst ómetanleg þegar ég hef
verið fjalla um málefni tengd
Vestfjörðum. Ég vona að næstu
tuttugu og fimm ár verði BB
jafn gifturik og þau sem liðin
eru. Til hamingju með afmælið!

VIÐ BJÓÐUM:

- hreinsun
- þvott
- straujun
- pressun
- einstaklingsþvott

LEIGJUM:

- diska
- borðbúnað
- glös

SELJUM:

- sængurföt
- sængur
- koddar
- lök
- baðvörur
- handklæði
- dúkar
- vaxdúkar




**Opið alla virka daga
frá kl. 08:00 til 18:00**



**EFNALAUGIN
ALBERT ehf**
Sindragötu 14, Ísafirði • Sími 456 4670



- Spinning
- Box
- MRL
- Ljósabekkir
- Sci-Mx Fæðubótarefni
- Booztbar
- Þjálfarar

Studio Dan óskar Bæjarins besta til hamingju með afmælið!



**Studio
Dan**

Hvað segir um Bæ



Megi BB lengi lifa

Guðný Jóhannesdóttir, ritstjóri Feykis og feykir.is:

Ég kynntist BB fyrst þegar ég kom vestur vorið 2004 ung og ástfangin kona að elta ástina vestur á Ísafjörð. Vörumerkið þekkti ég hins vegar mætavel enda er BB eitt af þessum vörumerkjum sem allir Íslendingar þekkja. Ekki leið á löngu áður en ég var komin með bb.is sem upphafssíðu og fór inn á síðuna oft á dag í leit að fréttum, fróðleik og afþreyingu. Blaðið las ég líka í hverri viku nánast upp til agna.

Eftir að hafa búið rúmlega tvö ár vestur á Ísafirði lá leið mín norður í Skagafjörð þar sem ég tók við ritstjórn á öðrum héraðsmiðli.

Héraðsmiðlar eru að mínu viti nauðsynlegir hverju samfélagi og er það von mín og trú að við héraðsmiðlarnir náum að standa af okkur storm íslensks efnahagslífs. Héraðsmiðillinn er miðillinn sem segir fréttirnar sem hinir „stóru“ miðlar hafa hvorki vilja né getu til þess að elta við. Héraðsmiðillinn er sá miðill sem starfar í nánd við lesendur sína og einkennast miðlarnir líka af því. Það þarf enginn að vera neitt

sérstaklega frægur til þess að rata á síður héraðsfréttablaða eða inn á vefinn. Viðkomandi þarf ekki heldur að hafa lent í útistöðum eða hafa krassandi sögu að segja. Á síðum héraðsfréttablaða er það nefnilega viðurkennd staðreynd, að öll höfum við okkar litlu sögur að segja. Hversdagslegar sögur sem lesendur geta fundið til samkenndar við, hlegið eða jafnvel tárast við lesturinn sökum þess hve viðfangsefnið stendur okkur nærri.

Því miður virðist lestur á prenti vera á undanhaldi á kostnað annarrar afþreyingar. Er það einlæg von mín og trú að BB nái að standa þann storm af sér og halda áfram í það minnsta næstu 25 árin að færa okkur fréttir og fróðleik. Sjálf fer ég enn oft á dag inn á bb.is og les blaðið mér til ánægju vikulega þrátt fyrir að vera flutt af svæðinu.

Vestfirðingum vinum mínum sendi ég mínar bestu kveðjur og afmælisbarninu BB óska ég til hamingju með áfangann.

Megi BB lengi lifa, húrra, húrra, húrra!

Segja aðrir fjölmiðlamenn Bæjarins besta og bb.is?

Kveðja til Vestfirðinga

Magnús Magnússon, ritstjóri Skessuhorns:

Góðkunningjar okkar í norðri, á héraðsfréttablaðinu Bæjarins besta á Vestfjörðum, halda nú upp á aldarfjórðungs afmæli út-gáfunnar. Af því tilefni er mér bæði ljúft og skylt að senda kveðju til þeirra, sem og lesenda BB nær og fjær.

Sjálfur á ég rætur mínar að hálfu á Vestfjörðum. Ég kynntist lífsháttum og menningu Önfirðinga á unga aldri í gegnum frásagnir móður minnar og fjölskyldu hennar. Þó að hún hafi flust ung búferlum frá Flateyri til að setjast að og hefja búskap í sveit í Borgarfirði, þá voru taugar hennar vestur afar sterkar alla tíð. Þetta fann ég vel og skynjaði þann sterka kraft og einstöku tilfinningu sem Vestfirðingar bera í brjósti.

Þrátt fyrir að ég kæmi sjálfur ekki á æskulóðir móður minnar fyrr en eftir hennar daga, þá einhvern veginn vissi ég svo vel hverju mátti eiga von á. Þorpið, höfnin, bátarnir, fjöllin og fjörðurinn. Allt birtist þetta ljóslifandi fyrir mér líkt og ég hefði aldrei þekkt annað. Móðir mín hafði nefnilega sagt mér sögur af sjómönnum, fjölskyldum þeirra í landi, virðingunni fyrir náttúruöflunum sem gátu verið óvægin og brauðstritinu öllu, en líka gleðinni sem fylgdi því að alast upp í þorpinu. Auðvitað var lífið ekki alltaf dans á rósum og allir urðu að leggjast á eitt til að framfleyta sér og sínum. Kjörin voru á tíðum kröpp en samheldnin og samhugurinn var alltaf til staðar.

Það sem mér þótti þó hvað kærast var að hafa fengið tækifæri til að kynnst sýnishorni af þeirri vestfirsku matarmenningu sem ég alla tíð síðan hef dáð. Kæst skata, saltfiskur og siginn fiskur er mitt uppáhald þrátt fyrir að hafa verið alinn upp í sveit þar sem margir þekktu lítt eða ekkert til þessa matar. Hvort sem það er fyrir þessi tengsl mín vestur, matarást eða eitthvað allt ann-



að hef ég æ síðan verið þakklátur fyrir þessa reynslu úr æsku og hef af ánægju fylgst með fréttum að vestan, nú síðasta áratuginn eða svo í gegnum miðla Bæjarins besta, bæði á neti og pappír.

Skessuhorn er í dag álíka gamalt og Bæjarins besta var á þeim tíma sem ég og Gísli Einarsson fréttamaður lögðum í þetta ævintýri. Við höfðum þarna ágæta fyrirmynd. Síðan hef ég unnið við þessa þjónustu hér á Vesturlandi og ekki séð eftir því, þó oft sé fréttamennska á litlum miðli býsna erilsamt starf. Það er þó alltaf gefandi.

Eftir að kjördæmaskipan var breytt má segja að snertiflötum þessara tveggja landsvæða hafi fjölgað. En saman eiga þó íbúar þeirra fyrst og fremst eitt sameig-

inlegt: Þeir eru allir dreifbýlisfólk, ýmist í sjávarþorpum eða sveitum. Um okkur öll gildir að við þurfum að berjast fyrir rétti okkar í einu og öllu og oft á tíðum við býsna sterk öfl „að sunnan“ sem öllu vilja drottna yfir. Því höfum við lært að standa saman. Til að slíkt sé hægt þarf upplýsingamiðlun að vera örugg og öflug innan þessara svæða.

Í gegnum héraðsfréttablöð sameinast íbúar; finna samhljóm, efla baráttuandann og njóta afþreyingar. Á undanförunum árum hefur áhugi stóru landsmiðlanna á að færa fréttir af landsbyggðinni snarminnkað. Þessir fjölmiðlar standa í harðri samkeppni innbyrðis og til að hagræða í rekstri sínum var fyrst sparað með því að draga úr fréttum af landsbyggðinni, hún nánast gleymdist. Af þessum sökum hefur aldrei verið mikilvægara en einmitt nú að við rekum á heimavelli okkar eigin fjölmiðla sem færa fréttir, flytja skoðanir og skrifa um menningu, íþróttir eða hvaðeina annað sem við í hinu daglega lífi erum að fást við. Stóru miðlarnir „fyrir sunnan“ láta einfaldlega eins og við, fólkið á landsbyggðinni, séum ekki til. En við erum til. Við erum þessi sterki og staðfasti kjarni sem aldrei fór, hvernig sem áraði, við höldum byggð í landinu og hér erum við enn.

Bæjarins besta hefur rækt hlutverk sitt með sóma á liðnum árum, hjarta þess hefur slegið í takt við baráttumál íbúa og hróður Vestfjarða hefur borist langt út fyrir svæðið. Í gegnum vef og blað hafa burtfluttir íbúar, vinir og vandamenn, stóru fjölmiðlarnir og allir hinir, hvar sem þeir eru staddir í heiminum, getað fylgst með því sem efst er á baugi á Vestfjörðum. Ef fjölmiðils eins og Bæjarins besta nyti ekki við væri lífið allt öðruvísi; svo miklu, miklu snauðara.

Bestu kveðjur til Vestfirðinga og til hamingju með afmælið.



Ertu hættur að fara inn á vefinn?

Guðmundur Sv. Hermannsson, fréttastjóri mbl.is:

„Ertu alveg hættur að fara inn á vefinn hjá mér?“ Þegar ég fæ þessa spurningu gegnum símann veit ég að nú er komin heit frétt á bb.is. Símtölin frá Sigurjóni J. Sigurðssyni byrja sem betur fer sjaldan svona því ég reyni að gefa honum ekki tækifæri til að ná mér í bólinu og fylgist því grannt með því sem birtist á vef Bæjarins besta. Ég veit enda af reynslu, að þar er oftast en ekki að finna fréttir sem er ómaksins vert á setja á mbl.is.

Það þarf ekkert að segja lesendum Bæjarins besta og bb.is að þetta eru fjölmiðlar sem eru búnir til af fagmennsku og djúpum skilningi á rekstri, blaðamennsku og mannlífínu á Vestfjörðum. Það er ekki auðvelt að halda úti héraðsfréttamiðlum, hvað þá í aldarfjórðung eins og þeim Sigurjóni og Halldóri Sveinbjörnsyni hefur tekist.

En sá árangur sýnir einnig, að íbúar Vestfjarða og raunar alls landsins skilja vel hve mikilvægir héraðsfjölmiðlar eru. Auk þess að miðla upp-

lýsingum til íbúa byggðarlaganna og veita sveitarstjórnum og ráðamönnum hvers konar aðhald eru þeir að mörgu leyti andlit héraðanna út á við. Hér á landi hafa sem betur fer ótrúlega mörg héraðsblöð staðið af sér áhlaup bæði góðæra og hallæra undanfarinna ára og áratuga, halda áfram að vera verðugir fulltrúar sinna svæða og fræða landsmenn um hve lífið á Íslandi er, þegar öllu er á botninn hvolft, fjölbreytt og skemmtilegt.

Við Sigurjón höfum rætt reglulega saman undanfarin ár um landsins gagn og nauðsynjar, golf og brids og auðvitað fjölmiðla og fréttir. Við höfum líka gert ýmsa samninga, alla munnlega auðvitað, og ég held að þeir samningar hafi verið hagfelldir fyrir báða. Ég óska honum og Halldóri til hamingju með afmæli Bæjarins besta um leið og það rennur upp fyrir mér að ég er búinn að vera allt of lengi að skrifa þetta og hef ekki komist inn á bb.is í talsverðan tíma. Arg... nú hringir síminn!



- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- SMURÞJÓNUSTA
- BREMSUÞJÓNUSTA
- LJÓSASTILLING
- PÚSTÞJÓNUSTA
- SMÁVIÐGERÐIR
- VARAHLUTAÞJÓNUSTA

BÍLAVERID ehf
(HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR)

Sindragata 14, 400 Ísafjörður • Símar: 465 3501 / 894 9499
Netfang: bilaverid@bilaverid.is • vefang: www.bilaverid.is

Fjórðungssamband Vestfirðinga
sendir starfsfólki og eigendum BB
heillaóskir á 25 ára starfsafmæli blaðsins.

Fjórðungssamband Vestfirðinga 

Hvað segi um Bæ

Blöðin sem lifa af!

Bjarni Harðarson, fyrrv. útgefandi Sunnlenska fréttablaðsins:

Í okkar netvædda heimi telja margir að sjá megi feigðarmerki á bæði bókum og blöðum. Eins og títt er um spámenn eru þeir oft alllangt á undan sínum samtíma og stundum á villigötum. Þannig hefi ég ekki sannfæringu fyrir því að bókin verði svo auðveldlega kveðin í kúttinn en það er engum blöðum um það að fletta að dagblöð heimsins hafa mátt muna sinn fífil feegurri. Það er ekki bara hér á landi sem Morgunblaðið er rekið með tapi og Fréttablaðið skiptir um kennitölur, slík er þróunin víða um heim.



Dagblöðin íslensku áttu sitt blómaskeið meðan það var yfirlýsing um að tilheyra ákveðnu liði að kaupa dagblað síns liðs, Moggann, Þjóðviljann eða Tímann. Á Eyrarbakkaárum mínum kynntist ég þeim undarlega veruleika að menn keyptu Alþýðublaðið þó að það væri í raun ekkert eftir af því blaði nema blaðhausinn og nokkrar opinberar auglýsingar. Það var einfaldlega pólitísk yfirlýsing.

Á þeirri stundu þegar þessi pistill er skrifaður standa Morgunblaðið og Fréttablaðið vissulega sem andstæðar fylkingar. Útrásarvíkingar undir verndarvæng Samfylkingarinnar annars vegar og skaparar sömu útrásar hins vegar en það eru ekkert margir sem hafa óbilandi áhuga á að vera í þeim skotgröfum og síst að það sé talið mönnum til gildis. Flest það sem þau blöð hafa fram að færa, hvort sem eru fréttir af stýrivöxtum eða stöðugleikasáttmála, er samtímis á óteljandi ljósvaka- og vefmiðlum. Það er því mikið vafamál að þessir gömlu steingervingar gamla Íslands lifi nútímann af.

En nútíminn mun ekki tortíma öllum prentmiðlum. Sérblöðin munu lifa og því heldur sem þau standa fyrir afmarkaðri og um sumt sérviskulegri áhugasvið. Ef horft er á demógrafiuna er það að orðin mikil sérviska að vera Vestfirðingur, svo lítill hluti

þjóðarinnar sem þar býr. En það er þá allavega dýrmæt sérviska og það vita þeir sem þar búa. Og það sem skrifað er í vestfirsku fréttablaði eins og afmælisbarni okkar Bæjarins besta eru fréttir sem við rifum ekkert upp af hinni stafrænu götu tölvugluggans.

Héraðsblöðin sitja yfirleitt ein að öllum sínum litlu mannlegu staðarfréttum og er ekki troðið um tær af dagblöðum eða sjónvörpum fyrr en kemur að stórum ótíðindum úr heimagarði. En stórfyrirsagnirnar gefa hvorki héraðsblöðunum né lífinu á landsbyggðinni líf og lit heldur eru verðmætin í hvorutveggja fölgini í hinu smáa. Og hlutverk staðbundinnar fjölmiðlunar í vexti og viðgangi landsbyggðarinnar verður seint ofmetið.

Með því að við lærum að trú á okkar byggðarlag, þekkja það og fylgjumst með því verður mannlífið í byggðarlagi eins og hinum ægifögru Vestfirðum að innihaldsríku ævintýri. Þar hefur Bæjarins besta gegnt mikilvægu hlutverki í aldarfjórðung og á eftir að gera enn um okomin ár.

Til hamingju með afmælið!

Segja aðrir fjölmiðlamenn Bæjarins besta og bb.is?



Vestfirðingar eiga sterka rödd

Öll pláss þurfa að eiga sér fréttablað sem segir fréttir, fjallar um mannlífið og dregur fram sérkenni fólksins sem byggir þetta land. Bæjarins besta er þannig blað, að öðrum þræði uppsláttarrit um lífið á Ísafirði og norðanverðum Vestfjörðum sem hefur fyrir löngu skipað þann sess að vera hluti af sjálfsmynd og dag-

legu lífi Vestfirðinga nær og fjær. Að auki er það hörku fréttavefur og vettvangur fyrir lifandi þjóðmálaumræðu.

Stórir fjölmiðlar á landsvísu ríða nú til falls og þjónusta þeirra við landsbyggðina hefur verið stórkostlega skert. Vestfirðingar eiga hinsvegar áfram sterka rödd í gegnum miðil heimamanna þótt

vissulega hafi þurft að draga þar saman seglin í erfiðu árferði.

Það er ekki lítið afrek að hafa haldið úti slíku blaði í aldarfjórðung og frábærri vefsíðu í næstum því áratug. Þúsundir lesenda á degi hverjum sýna hug sinn í verki.

Fá héraðsfréttablöð eiga svo glæsta sögu og mörg þeirra hafa

lognast út af. Það gerir landslag fjölmiðlanna fábrottnara og umfjöllun stóru miðlanna verri um landsbyggðina en þangað hafa þeir sótt innblástur og hugmyndir að fréttum utan höfuðborgarinnar.

Alþingi ættilti að ræða af alvöru hvort ekki þurfi að styðja við bakið á slíkum blöðum. Það ætti

að vera auðveld ákvörðun, þessi blöð eru allt sem menn dásama í hátíðarræðum og bera þá fyrir sig orð eins og einstaklingsframtak, grasrót, lífið í landinu, byggðastefna, menning og lifandi skoðanaskipti.

Til hamingju, Bæjarins besta. Megirðu lengi lifa!

Póra Kristín Ásgeirsdóttir.

Póra Kristín Ásgeirsdóttir, formaður Blaðamannafélags Íslands:

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Súðavíkurhreppur

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni

F.O.S. Vest.



Aðalstræti 24 · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Austurhrauni 9 · Garðabær

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Torfnesi · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Bitruhálsi 1 · Reykjavík – Wardstúni · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Þingeyri

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Ártorgi 1 · Sauðárkróki

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG
VESTFJARÐA

Suðurgötu 12 · Ísafirði

Bæjarins besta leitaði á þessum tíma-
mótum til nokkurra sem hafa lengi
fylgst með vikublaðinu sjálfu eða fréttavefnum bb.is, nema hvort tveggja sé, og það um viðhorf þeirra til blaðs og vefjar.

Fólk var beðið að segja kost og löst á blaðinu og vefnum og jafnframt að láta í ljós álit sitt á gildi þessara miðla fyrir heimabyggðirnar og fólkið á svæðinu, fyrir brottflutta og fyrir aðra landsmenn.



Elías Jónatansson,
bæjarstjóri í Bolungarvík

BB 25 ára

Bjartsýni í Blaðaútgáfu gæti allt eins verið það sem skammstöfunin BB stendur fyrir. Engum dylst að það er ákveðin þrautseigja að halda úti vikublaði og síðan vefmiðli í aldarfjórðung, sérstaklega ef tekið er mið af því mikla umróti sem verið hefur á fjölmiðlamarkaði á þessum tíma. Það er því full ástæða til að óska aðstandendum blaðsins til hamingju með árangurinn og áfangann. Blaðið hefur á þessum tíma verið mikilvægur vettvangur fyrir umræðu um hagsmunamál Vestfirðinga auk þess að vera spegill á það sem efst er á baugi í menningu og mannlífi hverju sinni.

Líklega má fullyrða að „Stakkur“ sé hvað umdeildastur þegar kemur að föstum liðum í blaðinu. Frá Stakki koma oft kjarnyrtar greinar sem skipta lesendum gjarnan í tvo hópa með og á móti. Oft á tíðum hafa verið vangaveltur um hver hann sé þessi Stakkur, en flestir hallast að því að þeir séu í raun nokkrir Stakkarnir og þykjast sumir greina það vel þegar blaðið tekur „Stakka-skiptum“.

Á síðari árum hefur blaðið orðið mikilvægur vettvangur fyrir greinaskrif og þá sérstaklega eftir að netútgáfu blaðsins óx fiskur um hrygg. Með samningum við aðra vefmiðla hefur blaðinu tekist að auka sýnileika Vestfjarða á öðrum fréttavefjum og er það vel. Öllum má líka vera ljóst

mikilvægi þess að halda úti fréttamiðli á borð við bb.is, en það er ákveðin trygging fyrir því að rödd landsbyggðarinnar og þá Vestfjarða sérstaklega berist til eyrna fjöldans í landinu. Ótrúlega oft heyrir maður líka í fólki sem flutt hefur af svæðinu en fylgist áfram með fréttum á bb.is.

Blaðið á auðvitað bæði góða og slæma daga eins og gengur. Að mati undirritaðs má helst gagnrýna blaðið fyrir það að á stundum vanti dýpri og sjálfstæðari umfjöllun um viðfangsefnið hverju sinni. En sú gagnrýni á reyndar við um marga fjölmiðla.

Einn mikilvægasti þátturinn í því að tryggja blaðinu velgengi áfram er að það standi undir nafni sem „Óháð fréttablað á Vestfirðum“. Það er vandasamt verk að vera óháður og hlutlaus í fréttaflutningi. Þar reynir bæði á einstaka fréttamenn og ristjórn blaðsins. En með þetta slagorð sitt að leiðarljósi er engin ástæða til annars en að ætla að blaðinu vegni áfram vel næstu 25 árin.

– Elías Jónatansson.



Kristinn H. Gunnarsson,
fyrrrv. alþingismaður.

Orðsins miðill í vestfirsku samfélagi

Tviburafjölmiðillinn Bæjarins besta og bb.is gegnir því hlutverki að miðla orðinu frá einum til annars. Hver maður hefur mikla þörf fyrir fréttir, upplýsingar og umræður og vera hluti

af samfélagi. Fjölmiðarnir í Reykjavík hafa ekki getað sinnt þörfum einstakra landsvæða þótt þeir geri margt vel.

Þegar blaðaútgáfa á Ísafirði á vegum stjórnmálaflokkanna dróst saman varð tómarúm á þessu sviði. Bæjarins besta varð þá til fyrir 25 árum og tókst svo vel til að blaðið hefur komið út óslitið síðan. Það hefur sagt fréttir frá einstökum byggðarlögum í fjórðungnum af mönnum og málefnum, til gagns fyrir fólkið sem þar býr og öðrum sem vilja fylgjast með. Útgefendur nýttu sér tilkomu netheima svo vel að bb.is varð fljótlega einn af allra fjöl-sóttustu fréttavefjum landsins.

Saman eru blaðið og vefurinn einn öflugasti fjölmiðill landsins og flytja á hverjum degi fréttir um margvísleg vestfirsk málefni. BB-vefurinn er liflegur umræðuvettvangur og þar birtist í hverri viku mikill fjöldi af aðsendum greinum. Helsti styrkur fjölmiðilsins er hversu góður fréttavettvangur hann er. Það bætir búsetuskilyrðin hér vestra að eiga þennan orðsins miðil. Hann tengir saman fólkið, bæði það sem hér býr og líka það sem býr annars staðar og vill fylgjast með samfélaginu. Orðsins miðlun er rótgróinn hluti af mannlegu samfélagi sem erfitt er að vera án.

Það má bæta miðillinn og auka eftir efnum og ástæðum. Hann þarf að fylgjast með mannlífi í þorpunum og gerir það vissulega. Þó er hægt að að rækta það hlutverk betur og sérstaklega þyrfti miðillinn að sækja fram á suður-fjörðum Vestfjarða og í þorpunum við Steingrímsfjörð í Strandasýslu. Tækist það myndu Vestfirðir styrkjast sem eitt samfélag.

Þróun miðilsins yfir í ljósvakann yrði mikið framfaraskref, hvort heldur það er útvarp eða sjónvarp. Svæðisútvarp Vestfjarða á vegum RÚV hefur sannan gildi sitt en hefur of takmarkaðan tíma. Kostnaður við tæki og dreifikerfi er ótrúlega litill og aðeins brot af stofnkostnaði við sæmilegan smábát. Það er verðugt verkefni fyrir athafnamenn á Vestfirðum að taka höndum saman við útgefendur Bæjarins besta og bb.is og koma á fót þriðju grein miðilsins – BB-rás.

Hvað segja þau um Bæjarins besta og bb.is á 25 ára afmæli blaðsins?

Óska miðlinum og starfsfólki hans góðs gengis á komandi árum og þakka fyrir samferðina síðustu 25 ár.

– Kristinn H. Gunnarsson.



Ólafur Helgi Kjartansson,
sýslumaður á Selfossi og
áður á Ísafirði.

Nærtækasti miðillinn

Bæjarins besta á aldarfjórðung að baki. Þá er fróðlegt að líta yfir farinn veg og skyggnast fram á leið. Hvað skapar héraðsfréttablöðum sérstöðu? Þau koma venjulega út mun sjaldnar en dagblöðin, oftast vikulega eins og Bæjarins besta. Að hafa átt þess kost að fylgja BB frá byrjun og séð það þróast og taka stakka-skiptum í samræmi við breyttar aðstæður eru forréttindi. Í upphafi var blaðið lítið með sjónvarpsdagskrá og auglýsingum og því var dreift frítt í hús á Ísafirði. Ekki leið á löngu þar fullskapað blað opinberaðist lesendum.

Bæjarins besta var dreift ókeypis lengi vel. Sennilega hefur aðstandendum þess verið ljóst á undan öðrum að slíkt gengi ekki upp fjárhagslega. Hefur héraðsblað kosti umfram dagblöð og þá hverja? Sá helzti er að það stendur íbúum nær og birtir fréttir sem ógjarna ná landsmiðlum nema helst fyrir tilverknað þess sjálfs. Grundvöllur skapast fyrir umræðu heimamanna, án þess að stærstu landsmál skyggi á, og alltaf er möguleiki á því að taka þau síðarnefndu upp með vísan til gildis þeirra fyrir héraðið.

Það er mikilsverð viðbót að hafa netmiðilinn bb.is. Hann gefur áhugasömum kost á fréttum strax, einkum þegar þeim hentar að lesa þær. Stundum virðist BB vera mitt á milli þess að vera fréttamiðill og vikublað sem segir frá því sem er að gerast í lífi fólks. Viðtöl hafa lengi fylgt BB og eru einn helzti kostur þess. Velta má því fyrir sér hve lengi sé hægt að tala við héraðsmenn án þess að frá litlu sé að segja. Vel hefur tekizt til með viðtölin og þótt einstaka sinnum vanti einhvers konar dýpt fyrir lesandann, sem ekki þekkir viðkomandi, þá er úr því bætt síðar með frábærum viðtölum. Fundvísi BB er ótrúleg í þessum efnum.

Einn stærsti kostur BB er að hafa ekki myndað sér pólitíska skoðun og láta ekki undan þrýstingi ráðandi afla í héraði, sem í mörgum tilvikum eru helztu auglýsendur. Leiðarar hafa oft verið beinskeyttir og hljóta að túlkast skoðun blaðsins. Stundum má greina þar pólitík. En hvort það telst galli er mat hvers og eins lesanda. Blað verður að taka afstöðu af og til svo það verði ekki sakað um gagnsleysi. Allar skoðanir eiga greiðan aðgang að blaðinu, hvort sem þær eiga mikið eða lítið fylgi. Ýmsir fastir þættir hafa fylgt lengi og auka gildi þess í sögulegu samhengi.

Stærstu málum Ísafjarðarbæjar og Vestfjarða er vel fylgt eftir. Stundum er erfitt að sinna öllum kimum Vestfjarða. Sá galli skrifast einkum á þá sem eiga standa vörð um sína torfu. Önnur héraðsfréttablöð hafa tekið upp matreiðsluþætti en BB var fyrst eða einna fyrst þeirra að leita til almennings í þeim efnum. Undanfarið hefur verið lögð áherzla á mannlega þáttinn í efnistöðum blaðsins. Efnistöðir hafa að langstærstum hluta verið góð og oft ágæt.

Samfylgd okkar BB var nærri 18 ár innan héraðs. Um nokkurt skeið hef ég verið búsettur annars staðar á landinu og BB þjónað mér og mörgum öðrum sem gluggi að mannlífi og viðburðum á Vestfirðum. En það opnar líka Vestfirðingum glugga til brottfluttra.

– framhald í næstu opnu.

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Aðalgotu 59 · Suðureyri

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Árnagata 1 · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Lynghálsi 5 · Reykjavík

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Aðalstræti 21 · Bolungarvík

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Eyrargotu · Patreksfirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Suðurgotu 9 · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Suðurgata 9 · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Suðurtangi 7 · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Kirkjubóli III · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



NIARDARSUND 2 · 400 ÍSAFIÖRDUR · SÍMI: 456 4128 · spytan@simnet.is

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sýslumaðurinn á Ísafirði
Hafnarstræti 1 · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Héraðsdómur Vestfjarða
Hafnarstræti 9 · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Fréttastofa RÚV – Svæðisútvarp Vesturlands og Vestfjarða

**Bæjarins besta leitaði á þessum tíma-
mótum til nokkurra sem hafa lengi
fylgst með vikublaðinu sjálfu eða fréttavefnum bb.is, nema hvort tveggja sé, og
bað um viðhorf þeirra til blaðs og vefjar.
Fólk var beðið að segja kost og löst á
blaðinu og vefnum og jafnframt að láta í
ljós álit sitt á gildi þessara miðla fyrir
heimabyggðirnar og fólkið á svæðinu,
fyrir brottflutta og fyrir aðra landsmenn.**

Gallar eru fáir og hefur verið skotið inn hér að framan. Helzti kosturinn er að BB er eins konar talsmaður eða vettvangur þeirra sem unna Vestfjörðum. Megi blaðið vera í stöðugri þróun til hagsbóta landi og lýð innan Vestfjarða sem utan. Megi hinn mannlegi tónn hljóma hæst á komandi árum. Þannig verður Bæjarins besta lesendum nærtækasti miðillinn.

– Ólafur Helgi Kjartansson.



Svanlaug Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingur og formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.

Ég er ánægð með Bæjarins besta...

Um leið og ég óska forsvars-
mönnum Bæjarins besta til ham-
ingu með 25 ára afmæli blaðsins,
þá langar mig að þakka fyrir
þeirra framlag til að flytja fréttir
af svæðinu og halda okkur íbúum
upplýstum. Það er ekki sjálfgefið
og eflaust hefur oft verið á bratt-
ann að sækja, en þeim hefur tekist
að halda hér úti metnaðarfullum
fjölmiðli með áhugaverðu efni.
Maður bíður í ofvæni og hefur
gert það í þessi 25 ár, spennur
að sjá hvað kemur fram í blaðinu
þó svo að maður sé að skoða

vefmiðillinn mörgum sinnum á dag.

Það er nefnilega ekki það sama, það er einhvern veginn bara svo gaman að hafa blaðið í höndum sér. Skoða fréttirnar og viðtölin og ekki má gleyma þeim mikilvæga og skemmtilega þætti Matgæðingi vikunnar. Maður hefur mjög oft nýtt sér hvað kokkar fjórðungsins eru að elda í sínum hornum. Hér eru auglýsingar mikilvægur þáttur líka, hvað er að gerast á svæðinu okkar? Hvar eru tilboð og hvað er það nýjasta í búðum og annað í þeim dúr? Þetta eru allt þættir sem skipta okkur máli sem búum á svæðinu.

Ég tel að fréttáflutningur auki samstöðu okkar sem hér búum. Hann er kjörinn vettvangur til að koma á skoðanaskiptum milli fólks. Jafnframt tel ég að fyrir þá sem eru brottfluttir sé blaðið og kannski sérstaklega vefmiðillinn þeim mikilvægur. Þá er einnig gaman að fylgjast með myndum af atburðum á svæðinu, sjá hvað fólk er að gera í leik og starfi. Allar nýjungar eru auðvitað skemmtilegar og gaman að sjá hvað bara svona venjulegt fólk er að fást við, til dæmis ýmis fræðsla frá ólíkum sjónarhornum. Spurning hvort ekki mætti vera eitthvað af krossgátum eða getraunum eða orð til að fylla inn í, alla vega annað slagíð.

Blaðamenn þurfa að vera mjög vakandi fyrir jákvæðum fréttum af svæðinu. Það er mjög mikilvægt og skapar með því jákvæða ímynd svæðisins. Það þarf ekki að vera mikið en skiptir svæðið miklu máli.

Blaðburðarbörnin hafa í gegnum tíðina fært okkur blöðin heim í hús í nánast hvaða veðri sem er. Ég sjálf hef átt tvo drengi sem í þó nokkur ár unnu sér inn vasa-
peninga með því að bera út BB vikulega. Þetta var fyrsta vinnan þeirra og kannski ekki alltaf það skemmtilegasta í leiðindaveðri en þeir fóru og komu oftast glaðir til baka með góðan afrakstur.

Já, ég er ánægð með Bæjarins besta og óska þeim sem þar starfa og reka þennan fjölmiðil alls hins besta og óska þeim velfarnaðar á komandi árum.

– Svanlaug Guðnadóttir.



Soffía Vagnsdóttir, bæjarfulltrúi og skólastjóri Grunnskólans í Bolungarvík.

Að tryggja fagleg vinnubrögð og túverðugleika

Ég man eftir því þegar ég var háskólanemi í Reykjavík hvað okkur unga parinu þótti gaman að fá BB sent. Oft fylgdi nú blaðið með í kassa frá foreldrunum sem í var bæði fiskur, lagkökur og slátur. Og einu sinni lentum við meira að segja í forsiðuviðtali – svo blaut á bak við eyrun! BB hefur hefur semsagt verið hluti af minni tilveru alveg frá fyrstu útkomu þess.

Í dag er bb.is opnarsíða á tölvunni minni – eins og ég held að sé hjá mjög mörgum Vestfirðingum.

Það er auðvitað þrautseigja af strákunum að halda blaðinu úti, því það hefur án efa ekki alltaf verið auðvelt – ekki síst þegar fór að halla undan fæti á svæðinu, fólki og fyrirtækjum för að fækka. Þeir eiga heiður skilinn fyrir það.

Það var svo auðvitað bæði áræðið, skynsamlegt og spennandi hjá þeim að fara af stað með netmiðilinn bb.is. Það hefur sannarlega sýnt sig að það var hárrétt ákvörðun því hann er lesinn út um allan heim og gefur brottfluttum Vestfirðingum möguleika á að vera í nánú sambandi við heimasvæði sitt þrátt fyrir landfræðilega fjarveru. Umræðan um stöðu Vestfjarða nær mun

viðar með upplýstri umræðu sem viðast þar sem Vestfirðingar starfa og dvelja.

Svæðisfjölmiðlar eins og bb.is og Bæjarins besta hafa auðvitað mikið gildi fyrir svæðið og mikilvægt að fólk geti komið skoðunum sínum á framfæri á stað sem margir lesa.

Eftir því sem árin hafa liðið og við öll þroskast hefur mér þótt á stundum bæði Bæjarins besta og bb.is vera oflitað af hægri sveiflu í pólitík og ekki alltaf gefa öllum sjónarmiðum kost á að koma fram. Þetta er auðvitað ritstýrður miðill. Mér hefur líka oft fundist vanta meira að blaðamenn sækja meira út í byggðirnar í kringum höfuðstaðinn, spyrji og vinni allvöru blaðamannavinnu. Það hefur verið vandalítið að koma á framfæri upplýsingum um menningarviðburði og létt hjál, en um leið og málin fara að verða heit pólitískt, þá hallar mjög á þá sem koma af vinstri væng stjórnmálanna að geta komið skoðunum sínum að.

Mér finnst viðtölin í gegnum tíðina oft vera bráðskemmtileg og þegar alvöru blaðamenn vinna þau er alveg sérlega gaman að lesa. Viðtölin hafa spannað allan skala íbúanna, ekki bara þeirra lærðu og sigldu heldur líka hvunn-
dagshetjanna sem jafnan hafa frá svo ótrúlega mörgu að segja.

Ekki má gleyma því sögulega gildi sem Bæjarins besta og bb.is hafa. Parna varðveitast miklar heimildir, þó snertiflöturinn sé kannski ekki alltaf djúpur, sem síðari tíma einstaklingar munu án efa nýta sér og geta þá skoðað frá fleiri hliðum og í stærra samhengi. Sagan skapar líka verðmæti.

Bæjarins besta hefur, eftir því sem árin hafa liðið, sótt minna á mann, þar sem vefurinn hefur í flestum tilfellum þegar miðlað flestu því sem þar kemur fram, utan viðtalanna. Mér finnst þó mikil reisn yfir því að á meðan enn eru kynslóðir sem ekki fæddust með tölvumúsina í hendinni heldur lesa dagblöð, að sé blaðið gefið út á pappír. Það ber að hrósa fyrir það.

En ég vona að bb.is haldi áfram að starfa og byggi upp fagleg vinnubrögð blaðamanna sem

spyrja ágengra spurninga og setja sig inn í mál óháð pólitík. Þannig heldur miðillinn áfram að verða trúverðugur og áhugaverður aflestrar.

Kæru Sigurjón og Halldór „bróðir“ – innilega til hamingju með afmælið!

– Soffía Vagnsdóttir.



Jón Sigurpálsson, forstöðumaður Bygðasafns Vestfjarða.

Nánast ósýnilegur maður á hraðri ferð

Það er einhver strengur á milli mín og Bæjarins besta. Heimili mitt á Ísafirði og BB eru jafnaldrar í tilverunni. Fyrst um sinn vorum við meira að segja nágrannar í Neðstakaupstað.

BB var ekki burðugt til að byrja með. Kannski aðallega fyrir það hvað sjónvarpsdagskráin var fátækleg. Auglýsendur voru hins vegar fljótir að átta sig og var því vöxtur blaðsins hraður.

Eins og fyrr segir vorum við nágrannar og kom stöku sinnum fyrir að ég leit í heimsókn. Ég minnst þess að vinnusemi ein-
kenndi þennan vinnustað og létu starfsmennirnir tveir gestinn ekki trufla sig nema mínimalt. Þar er líklega skýringin á velgengni og langlífi blaðsins.

Slunkaríki er jafnaldri Bæjarins besta. Við, sem komum að þessu litla galleríi, skynjuðum að í þessari útgáfu áttum við sam-

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Árnagötu 2-4 • Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sindragötu 13b • Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Grænagarði • Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni

Véla- og bílaþjónusta Kristjáns ehf.,

Hafnarstræti 14 • Þingeyri

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni

AV pípulagnir ehf.,

Seljalandsvegi 10 • Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Drafnargötu 2 • Flateyri

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Ósi • Bolungarvík

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



...á góðum grunni
Skútuvogi 1g • Reykjavík

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



**Ljósmyndasafnið
Ísafirði**

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni

Leigubílar Ísafirði
Sími: 456 3518



Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Flugvallarvegi Reykjavík og Ísafjarðarflugvelli

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Hafnarstræti 1 • Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



**Vélvirkinn sf.
Bolungarvík**

Hafnargötu 8 • Bolungarvík

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Suðurgata 12 • 400 Ísafjörður
s. 4560160 • www.teiknistofan.is

Bæjarins besta leitaði á þessum tíma-
mótum til nokkurra sem hafa lengi
fylgst með vikublaðinu sjálfu eða fréttavefnum bb.is, nema hvort tveggja sé, og það um viðhorf þeirra til blaðs og vefjar. Fólk var beðið að segja kost og löst á blaðinu og vefnum og jafnframt að láta í ljós álit sitt á gildi þessara miðla fyrir heimabyggðirnar og fólkið á svæðinu, fyrir brottflutta og fyrir aðra landsmenn.

herja. Það stóð aldrei á því að færa bæjarbúum fréttir af nýrri sýningu og fróðleiksmola um listafólkið sem var þá stundina í heimsókn.

Síðar meir, þegar blaðinu óx ásmegin, og ég tala nú ekki um eftir að vefurinn bb.is kom fram á sjónarsviðið, er eiginlega hægt að rekja söguna með myndefni sem er örugglega merkilegra en maður gerir sér í hugarlund á þessari stundu. Ég skynja Halldór Sveinbjörnsson, meira en að ég sjái hann fyrir mér, með myndavélina á ólíklegustu mannamótum. Hann hefur lag á að gera sig eiginlega ósýnilegan og það sem sést er á því líkri ferð að það er eins og maður sjái hann bara útundan sér.

Það dró mikið úr lestri á blaðinu hjá mér þegar vefurinn kom til sögunnar. Sennilega gerðu menn ráð fyrir því og lögðu því meiri metnað í þann miðil. bb.is varð strax miklu meira en staðbundinn miðill Ísafjarðarsvæðisins. Um tíma var vefurinn svo alþjóðlegur að maður var uppfræddur um allt mögulegt og ómögulegt í hinum stóra heimi. Þá varð maður cosmopolitan – þökk sé bb.is.

Á þessum tímamótum vil ég færa þeim fóstbræðrum Sigurjóni og Halldóri og öðru starfsfólki hamingjuóskir mínar. Ég er fullur aðdáunar á þrautseigjunni. Þetta hefur ábyggilega oft verið vanþakklátt og verður áfram. Fólk verður seint með einum rómi um fréttافلutninginn – svo mikið er víst. Svoleiðis á það heldur ekki að vera. Þið haldið vonandi ótrauð áfram.

– Jón Sigurpálsson.

Práhyggja að allt hafi verið betra áður?

Það er auðvitað alveg frábært að ná þeim árangri í rekstri á fyrirtæki að það geti orðið 25 ára gamalt, það er ekki sjálfgefið. Þegar ég flutti aftur vestur í lok árs 1990 var það alltaf skyldulesning að fara yfir BB. Þar fékk maður púlsinn á því sem var að

gerast og gerjast á svæðinu. Þá voru skrifaðar fréttir af mönnum og mannlífi. Þá var gaman að lesa blaðið, það má kannski segja að maður sé haldinn einhverri þráhyggju um að allt hafi verið betra áður, kannski er það vegna þess að það er miklu meira framboð af fréttum í dag en var á þeim tíma sem ég er að vitna til. En blaðið var frábært.

Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri á Suðureyri.

Eftir að vefútgáfan komst á lagginnar hætti ég að kaupa blaðið og las einungis það sem birtist á vefnum. Mér finnst að fréttamenskunni hafi farið aftur eftir að vefurinn kemur til sögunnar. Mér finnst alltof mikið um copy-paste fréttir á bb.is í dag, sömu fréttir og maður getur lesið á öðrum miðlum. Mér finnst að fréttamenskunni hafi farið aftur.

Í dag kaupi ég blaðið í lausisölu ef mér list á forsiðumyndina. Mér finnst að menn eigi að leggja meira upp úr blaðinu og gera því hærra undir höfði. Það er mikilvægt fyrir okkur að gera fólki hátt undir ef það hefur frá einhverju að segja, það er mikill fróðleikur bæði gagnlegur og skemmtilegur víða á útgáfusvæði blaðsins sem vert er að halda utan um.

Gildi blaðsins fyrir svæðið er ótvírætt og í sjálfu sér þarf ekkert að fjölyrða mikið um það. Blaðið gefur okkur ákveðið sjálfstæði og við getum stoltir bent á það sem ákveðinn samnefnara fyrir svæðið.

Vefmiðillinn er að sjálfsögðu mikilvægur fyrir þá sem lengra

eru í burtu en mér finnst að þar þurfi menn að breyta um áherslur og stunda meiri og betri fréttamennsku en verið hefur. Fréttamennsku sem á einhvern hátt dragi fram sérstöðu svæðisins og hamri stöðugt á því hvað það er sem þetta svæði hefur umfram önnur og af hverju við búum hér.

Til hamingju með afmælið!
– Óðinn Gestsson.

Lengi lifi vestfirsk fréttamennska

bb.is er einn af þeim vefjum sem ég skoða oft á dag. Þannig get ég fylgst með fréttum líðandi stundar í heimabyggð og fundið ýmislegt fleira sem að gagni kemur. Það er líka frábært að geta séð kynningar á viðburðum á svæðinu á rennunni fyrir ofan fréttirnar og einnig að mega setja þar inn það sem kynna þarf.

Vefurinn kemur þó ekki í stað blaðsins Bæjarins besta því þar er ýmislegt fleira en fréttir. Ég

Agnes M. Sigurðardóttir, sóknarprestur í Bolungarvík og prófastur Vestfjarðaprófastsdæmis.

geymi blóðin þar til börnin mín koma í heimsókn því þeim finnst gaman að fletta í gegnum þau, sjá og lesa viðtölin og fleira, sem ekki er lesið á vefnum.

Þegar ég bjó fjarri Vestfjörðum var ég áskrifandi að blaðinu og drakk í mig hvern staf og hverja

mynd. Þannig gat ég fylgst með og verið í nánara sambandi við svæðið sem ól mig og fóstaði áður en ég hleypti heimdraganum.

Það kemur fyrir að vitnað er í fréttir af vefsíðu eða blaði í öðrum miðlum, t.d. mbl.is, og þannig veit ég að fréttamenn á landsmiðlunum fylgjast með því sem er að gerast hérna. Það hlýtur að auðvelda þeim vinnuna og koma upplýsingum út fyrir svæðið.

Vefmiðillinn nær út um allan heim og veit ég um brottflutta Íslendinga sem fylgjast með fréttum úr heimabyggð reglulega, sér til ánægju og fróðleiks.

Ekki veitir af að minna á Vestfirði, mannlíf þar og viðburði alla og þess vegna er bb.is ekki aðeins nauðsynlegur og gagnlegur vefur heldur einnig vettvangur fréttu og umræðu á landsvísi.

Ég óska aðstandendum Bæjarins besta og bb.is til hamingju með afmælið og óska þeim velfarnaðar í framtíðinni. Lengi lifi vestfirsk fréttamennska og upplýsingaveita.

– Agnes M. Sigurðardóttir.

Samfélag okkar hér vestra væri snauðara

Mikilvægi héraðsblaða er óumdeilanlegt. Án þeirra væru fáar fréttir og litil umfjöllun um mikilvæg málefni nærsamfélagsins. Héraðsfréttablaðið Bæjarins besta hefur frá stofnun þess fyrir 25 árum haft það að markmiði „að halda á lofti nafni Vestfjarða og öllu því sem þar er í boði, auka hróður fjórðungsins og fólksins sem þar býr“ eins og segir um sögu blaðsins og fréttavefjarins á bb.is. Undirritaður telur að þetta markmið hafi í meginatriðum náðst og með tilkomu fréttavefjarins bb.is hefur nafni Vestfjarða verið lyft enn hærra og hróður okkar samfélags aukist enn frekar.

Í 18. tbl. 2004 segir Stakkur: „Sennilega er BB bara einhver

besti fjölmiðillinn miðað við stærð og útbreiðslu, óháður smásölum og fjármálamönnum.“ Undir þetta geta líklega flestir Vestfirðingar tekið og á þetta einnig við um fréttavefinn bb.is. Þeir eru fáir fjölmiðlarnir á Íslandi sem geta státað af því að vera óháðir fjármálamönnum og fer þeim sífellt fækkandi. Þegar stærsti hluti fjölmiðla er kominn í eigu þeirra sem hafa átt mestan þátt í að koma íslenskri þjóð í þær ógöngur sem hún er í dag eykst mikilvægi hinna óháðu fréttamiðla sem geta fjallað um málefni líðandi stundar með trúverðugum hætti. Héraðsfréttablaðið BB og fréttavefurinn bb.is gegna þar mikilvægu hlutverki.

En hver er þessi Stakkur? Hvers vegna að skrifa undir dulnefni? Ég verð að játa að mér finnst skríf Stakks oft mjög góð og tel að dulnefnið skapi forvitni og skemmtilegar vangaveltur meðal fólks. Í litlu samfélagi vill það oft vera þannig að ekki er pláss fyrir allar skoðanir. Ekki er sama hver segir hvað. Skoðanir og málefnaleg umræða eru oft kæfð með því að draga persónu manna inn í umræðuna. Þá getur verið nauðsynlegt að skrifa undir dulnefni.

Kostir BB og bb.is eru fyrst og fremst þeir að þar er saga fólksins og samfélagsins skráð jafnóðum í máli og myndum. Hvergi annars staðar er hægt með skjóttum hætti að fá gott yfirlit um mannlífið hér fyrir vestan. Án þessara fjölmiðla væri samfélag okkar hér vestra snauðara og rödd okkar eins og hrópandans í eyðimörk-



Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði.

**Bæjarins besta leitaði á þessum tíma-
mótum til nokkurra sem hafa lengi
fylgst með vikublaðinu sjálfu eða fréttavefnum bb.is, nema hvort tveggja sé, og það um viðhorf þeirra til blaðs og vefjar. Fólk var beðið að segja kost og löst á blaðinu og vefnum og jafnframt að láta í ljós álit sitt á gildi þessara miðla fyrir heimabyggðirnar og fólkið á svæðinu, fyrir brottflutta og fyrir aðra landsmenn.**

inni.

Mér finnst mikilvægt að heim-sækja bb.is af og til og fá þannig upplýsingar um atburði líðandi stundar og eins til að fá upplýsingar um löngu liðna atburði. En það er ekki einungis að Bæjarins besta og fréttavefurinn bb.is auki hróður okkar um allt land, heldur einnig um allan heim því að lesa má bb.is á fimmtíu tungumálum!

Þeir sem fara á bb-vefinn eru líklega fyrst og fremst að að fá fréttir úr héraði og nærsveitum. Af þessari ástæðu finnst mér óþarfi að birta erlendar fréttir á bb-vefnum. Sömu fréttir birtast í öðrum fjölmiðlum og óþarfi að eyða tíma blaðamanna á BB að taka þær upp. Fréttir á landsvísu mættu vera færri en eyða mætti meira púðri í fréttir úr héraði og þá meira frá suðurhluta Vest-fjarða og Ströndum.

Ókostir BB eru þeir helstir, að blaðamenn eru of fáir, oft ungir og reynslulitlir. Þá eru tíð skipti á blaðamönnum. Þetta hefur reyndar breyst til hins betra. Fréttáflutningur á vefmiðlum kallar á hröð vinnubrögð, sem oft leiðir til kæruleysis. Eins og á öðrum vefmiðlum birtast fréttir á bb.is sífellt hraðar og oftar og eru sífellt gulari til að koma til móts við afþreyingarþörf.

Í dag er talað um vefmiðla sem fréttaveitu, samanber orðið vatnsveita. Gæði vatns frá vatnsveitu eykst ekki með stöðugu sírennsli heldur byggjast gæðin á uppruna þess og því hvernig það er meðhöndlað áður en því er veitt til neytandans. Í þessari samlíkingu er gott að hafa í huga að með of miklu vatni er hægt að drekkja fólki í orðsins fyllstu merkingu. Fréttaporsta lesenda vefmiðla verður ekki endilega best svalað með því að hafa stöðugt nýjar fréttir þar sem vinnubrögð einkennast af kæruleysi og viðvaningslegum fréttáflutningi og illa unnum viðtölum. Virðing og trúverðuleiki fréttamiðils glatast smám saman með þessum hætti.

Vissulega geta lesendur vefmiðla komið með athugasemdir við frétt en það gerist sjaldan. Slíkar athugasemdir eru oftar en ekki unnar af enn meira kæruleysi en blaðamannsins og oftar

en ekki birtar undir dulnefni. Þá staldra fréttir það stutt við að ekki gefst tími til að gera athugasemdir. Í lok dagsins er fréttin orðin gömul og grafin og oftast gleymd.

Útgáfa vikublaðsins Bæjarins besta er gott mótvægi við bb.is þar sem meiri vandvirkni er viðhöfð. Báðir miðlarnir höfðu til allra aldurshópa og sá ókostur að hafa unga og óreynda blaðamenn verður jafnframt kostur, þar sem oft vill gleymast að fjalla um þeirra aldurshóp af þekkingu og tengslum sem eldri blaðamenn búa ekki yfir. Myndbirting af fólki á BB og á ljósmyndavefnum er afar mikilvæg og gerir þessa miðla persónulega og virka í raun eins og stórt fjölskyldualbúm. Með útgáfu á vandaðan pappír með góðu lettri stækkar lesendahópurinn og saga okkar glatast síður.

Ég óska eigendum og starfsmönnum Bæjarins besta til hamingju með öflugan fjölmiðil sem vonandi mun halda áfram að eflast og auka hróður okkar Vestfirðinga eins og hann hefur gert í 25 ár.

– Jón Reynir Sigurvinsson.



Lýður Árnason, læknir, kvikmyndagerðarmaður og tónlistarmaður.

BB í vestfirzkri hnetuskál í Hafnarfirði

Það sagði mér Vestfirðingur í Thailandi að hans fyrsta morgun-

verk væri að míga, annað að strekkja og þriðja að fara á vefinn bb.is. Hinum megin hnattar væri þetta glugginn að heimabyggðinni og mikil upplýfting fyrir sálartetrið. Annar Vestfirðingur í Niðurlöndum sagði mér svipaða sögu, forgangsröð hans reyndar bb.is enn meira í vil. Ylur vefsins nær því langt út fyrir landsteinana og jafnvel er hann heitastur þar. Sjálfur nota ég vefinn bb.is daglega, í honum er allt sem máli skiptir á svæðinu, fréttir, auglýsingar, fróðleikur og pólitik. Blaðið sjálft sinnir lítt pólitískum skrifum en með tilkomu bb.is skiptir það engu, vefurinn er frábær vettvangur orðræðna, hraðvirkur og gagnger.

Fyrir menningarlíf er vefurinn lífsakkeri og borðinn sem rúllar undir þakskegginu farinn að leysa atburðaplakötin af hólmi. Ennfremur eru „poppauglýsingar“ mjög áberandi og verðið hóflegt. Mitt álit er að vefurinn bb.is sé bylting fyrir svæðið, tel hann gegna stóru hlutverki í lífi og samskiptum fólks og flýta framvindu ýmissa þrífamála.

Blaðið BB hefur fest sig í sessi sem héraðsblað og í samanburði við önnur slík óumdeilanlega meðal þeirra betri. Þekki t.d. ágætlega til Fjarðarpóstsins og á hann langt í land. BB er alltaf skemmtilegt aflestrar og yfirleitt les maður megnið. Hef heyrt að blaðið sé blátt en bendi þá á Vesturland. Hlutverk BB hefur samt minnkað með tilkomu vefsins, áður keypti maður hvert einasta tölublað en það nú stopulla. Viðtölin eru þó yfirleitt áhugaverð og forsiðan einatt ráðandi um kaup eða ekki.

Vinnsla á blaði og vef, myndir, letur og grafík, er óaðfinnanleg, ber sterkan keim atvinnumanna. Augljóst er að tuttugu og fimm ára lífsganga hefur skilað sínu. Um leið og ég sendi aðstandendum BB og bb.is hamingjuóskir, þakkir og von um áframhaldandi landvinninga lýk ég þessu pári með sannleikskorni.

Í kaupstaðarferðum hef ég iðulega í farteskinu nokkur eintök af BB og geymi heima í Hafnarfirði í vestfirzkri hnetuskál. Brottfluttir Vestfirðingar hnýsast gjarnan í þessi blöð og lesturinn

er oftar en ekki uppspretta skoðanaskipta, sagnabrunna og jafnvel angurværðar í garð heimahaganna. Er hægt að hafa það betra?

– Lýður Árnason.



Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri Grunnskóla Ísafjarðar.

Aðrir fjölmiðlar sækja sér fréttir á vefinn

Ég hef lengi fylgst með BB, bæði blaðinu og vefnum. Sem fyrrverandi brottfluttur Ísfirðingur hef ég þó fylgst betur með vefnum í gegnum tíðina. Ég fór inn á síðuna á hverjum degi og gat því fylgst með því sem gerðist „heima“. Ég fór m.a. reglulega inn á ljós-

myndavefinn og sá hver var hvar og hvað vinir og ættingjar höfðu stöð. Ég sakna þess nú hversu sjaldan nýjar myndir koma þar inn.

Ég verð að viðurkenna að ég fer sjaldnar inn á vefinn eftir að ég flutti aftur heim þar sem umræðan er meira í kringum mig, en ég fer nokkrum sinnum í viku inn á hann. Ég les blaðið ekki oft og ég held að það helgist af því að maður er búinn að lesa allt fréttæmt á vefnum. Aftur á móti missi ég því oft af áhugaverðum viðtölum.

Ég hef það á tilfinningunni að bb.is sé velþekkt síða hjá landsmönnum því að í samtölum við ýmsa kemur það fram að þeir vitna í eitthvað sem þeir hafi lesið á bb. Ég held líka að fréttáflutningur frá svæðinu væri mun minni en hann er nú því að aðrir fjölmiðlar sækja sér fréttir á vefinn.

Vefurinn hefur mikið gildi fyrir heimabyggð því hann fær mjög margar heimsóknir á dag. Við í skólanum höfum t.d. þurft að koma tilkynningu til foreldra vegna röskunar á skólastarfi vegna veðurs. Þá kemur í ljós hversu útbreidd og mikil notkunin er.

Það væri sniðugt ef boðið væri upp á tengil á vefnum fyrir skóla, félagasamtök og fleiri til að auglýsa fundi og upptökur, svipað því sem dagatalið er fyrir menningarstarfsemi.

– Sveinfríður Olga Veturliðadóttir.

Ný skáldsaga frá Eiríki Erni Norðdahl

Gæska, ný skáldsaga Eiríks Arnar Norðdahl, kom út um mánaðamótin hjá Máli & menningu. Þetta er þriðja skáldsaga Eiríks sem áður hefur sent frá sér Hugsjónadrusluna og Eitur fyrir byrjendur. Á kápu Gæsku segir: „Íhaldsþingmaðurinn Halldór Garðar vaknar og veröldin er allt önnur en þegar hann lagðist til svefns. Það skíðlogar

í Esjunni og reykjarmökkinn leggur yfir Reykjavík. Austurvöllur er þéttskipaður mót-mælendum hvernig sem lögreglan spúlar þeim burt. Skæðir sandstormar geisa. Konur hropa ofan af byggingum og fletjast út á gangstéttarhellum. Ástandið fær svo á Halldór að hann læsir sig inni og skrópar í þinginu.“

– fridrika@bb.is

Hver hefur efni á að taka ekki þátt í séreignarlífeyrissparnaði?

Með því að koma þér upp vænum séreignarlífeyrissparnaði til viðbótar
innistæðu í samtryggingarsjóði, verndarðu þig og fjölskyldu þína
gegn lækkandi launum við starfslok.

**Til þess að hefja séreignarsparnað þarft þú aðeins að hafa samband við
séreignardeild Lífeyrissjóðs Vestfirðinga og ganga frá og undirrita samning,
sem sjóðurinn sendir síðan afrit af til launagreiðanda þíns.**

Nú er frádráttarbært iðgjald allt að 6% af launum.
Síðan greiðir vinnuveitandi 2% af launum í mótframlag.
Séreignarsparnaður er einhver besta sparnaðarleiðin
sem býðst einstaklingum í dag.

Séreignarsparnaður erfist og er allur laus til útborgunar
við 60 ára aldur sjóðfélaga.

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði Vestfirðinga geta nú skoðað réttindi sín í sjóðnum
með því að sækja um aðgang að upplýsingum á heimasíðu sjóðsins www.lvest.is
-Vertu með það borgar sig -

LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Hafnarstræti 9 • 400 Ísafjörður • Sími: 456-4233 • Fax: 456-4710
Vefsíða: www.lvest.is • Netfang: afgr@lvest.is

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Hafnarstræti 1 · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Hafnarstræti 9-11 · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Pólgotu 2 · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Aðalstræti 26 · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Suðurgotu 9 · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Silfurgotu 6 · Ísafirði sími 456 6363

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Hafnargotu 80-96 · Bolungarvík

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Suðurgotu 12 · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Suðurgotu 12 · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sindragotu 11 · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Aðalstræti 24 · Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Aðalstræti 19 · Bolungarvík

Sendum BB hamingjuóskir á 25 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Hafnarstræti 19 · Ísafirði

Saltfiskur Catalana og Litla syndin ljúfa

Sælkeri vikunnar býður upp á tvær uppskriftir að þessu sinni. „Sú fyrri er uppskrift að saltfiski frá Tapasbarnum og er í miklu uppáhaldi hjá mér og seinni uppskriftin er Litla syndin ljúfa, súkkulaðieftirrættur sem klikkar ekki.“

Saltfiskur Catalana

- 400 g saltfiskssteikur
- 1 msk hvítlauksolía
- Salt og pipar
- 1 rauðlaukur
- 300 g paprika
- 2 dl rauðvín
- Kjúklingakraftur eftir þörfum
- 3 msk balsamico
- 400 g flysjaðir tómatar í dós
- Nokkrar greinar timjan og rósmarín
- 100 g ristaðar möndluflögur

Grænmeti og krydd svitað í

potti og vökva og tómötum bætt í, látið sjóða vel niður og smakk- að til með krafti. Möndlum bætt út í sósuna að lokum. Saltfiskur- inn þönnusteiktur með hvítlauks- olíu, salti (ég sleppi því) og pipar.

Litla Syndin ljúfa, góður og einfaldur eftirrættur

- 140 g smjör, og meira til að smyrja formin
- 140 g 70% Nóa Sírius súkku- laði
- 2 egg
- 3 eggjarauður
- 140 g flórsykur
- 60 g hveiti
- Hitið ofninn í 220 gráður (ekki

nota blástur). Smyrjið 6 lítil soufflé-form eða bolla vel með smjöri (Ef notuð eru annars konar form er ráð að prófa að baka eina synd til að bökunar- tíminn passi örugglega.) Setjið smjör og súkkulaði í pott og bræðið við vægan hita. Takið af hitanum um leið og smjörið er

bráðið og hrærið þar til súkku- laðið er alveg bráðið.

Þeytið egg og eggjarauður í skál og setjið svo flórsykurinn út í og þeytið vel. Hellið súkku- laðið blöndunni saman við og þeytið á meðan og hrærið að lokum hveitinu saman við. Skiptið deig- inu jafnt í formin (rúmlega 1 dl í



Sælkeri vikunnar er Arna Sæmundsdóttir á Ísafirði.

hvert form) og gætið þess að fylla þau ekki alveg. Setjið form- in á plötu eða í ofnskúffu og bakið kökurnar í 11-12 mínútur (án blásturs). Ef deigið hefur verið geymt í kæli þá er bökunar- tíminn 13-14 mín (jafnvel 15 mín. ef það var í formunum og í kæli). Takið þær út og látið kólna í 3 mínútur. Rennið hnifsblaði í kringum kökurnar til að losa

betur um þær og hvolfið þeim á diska. Sigtíð e.t.v. svolítinn flór- sykur yfir og berið kökurnar fram t.d með hindberja- eða vanillu- sósu og e.t.v berjum eða öðrum ávöxtum. Gott að bera fram með vanilluis.

Matgæðingurinn sem ég vil benda á er Elín Halldóra Frið- ríksdóttir á Ísafirði sem er mikill listakokkur.



Sögur um nýja von

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi og fyrrum sýslumaður á Ísafirði, er meðal þeirra sem flýtur með straumnum í komandi jólabókaflóði. Vest- firska forlagið gefur út bók hans „Ný von að morgni“ sem hefur að geyma tíu smásögur. Efni sagnanna er af ýmsum toga en mannleg samskipti, hrún og end- urreisn eru þó meginstef flestra sagnanna.

– Bókin kom út í byrjun mán- aðar og segir Ólafur Helgi það sé skritin tilfinning að sjá sögur sínar komnar út á prenti.

„Einhvern veginn átti maður ekki von á því að ég myndi nokk- urn tímann gefa þær út í bók.

Hallgrímur Sveinsson, sem stýrir Vestfirska forlaginu, nefndi þetta fyrst við mig í fyrra og nú er þetta að verða að veruleika. Þær urðu á vissan hátt veglegri eftir að þær voru saman komnar í bók.“

– Eru sögurnar tengdar með ákveðnu þema eða eru þær fjöl- breyttar?

„Þær eru hver með sínu sniði en tengjast gjarnan annars vegar jólnum og hins vegar er megin þemað ljósi punkturinn í tilver- unni þegar áföll herja á. Það er að segja þegar eitthvað hefur farið úrskeiðis hjá fólki og það síðan finnur eitthvað gott í að- stæðum sínum og snýr þeim til

betri vegar. Það er því ákveðin yfirlýsing sagnanna að lífið sé ágætt sé það tekið réttum tókum.“

– Eru sögurnar byggðar á raun- verulegum atburðum eða persón- um?

„Nei engin þeirra er byggð á raunverulegum atburðum en hvort eitthvað hafi slyst inn sem hægt er að tengja raunveru- leikanum skal ósagt látið, þá er það óviljaverk,“ segir Ólafur Helgi.

Lífið er ágætt

– Er þetta frumraun þín í bóka- útgáfu?

„Jú ég verð nú segja það. Ég

gaf reyndar út meistararitgerð mína í 50 eintökum í fyrra en það tengist ekki beint útgáfu- bransanum.“

– Margar af sögunum í bókinni hafa birst áður.

„Þetta eru smásögur sem allir sem lesa Bæjarins besta ættu að kannast við. Af þeim tíu sögum sem eru í safninu hafa níu birst í blaðinu.

Þó bókin sé ekki stór hafa von- andi margir gaman af henni. Sög- urnar hafa ákveðinn vestfirskan undirtón og svo má nú segja að þetta sé afkvæmi Bæjarins besta. En til þess að tengja þær blaðinu ekki of mikið sleppti ég að tíma- setja sögurnar eftir árum. Þær

birtast því ekki í réttri tímaröð í bókinni heldur bara eftir því hvernig mér fannst þær koma best út sem ein heild.“

– Þannig að lesendur BB geta spreytt sig á því að rifja upp hvenær sögurnar hafa birst?

„Já það gæti orðið getraun hjá BB að láta menn giska á ártölin“, segir Ólafur Helgi og hlær.

– Hann segist vonast til að allt gangi vel og bókin fái góðar við- tökur.

„Ég vona að fólk taki upp bókina og lesi hana. Hugsunin er góð en svo veit maður ekki hvern- ig fólk mun taka henni. Það væri gaman ef sögurnar eignuðust gott framhaldslíf.“ – thelma@bb.is

SJÓFLUTNINGAR FYRIR ÍSLENDINGA Í 95 ÁR

EIMSKIP
Yfir hafið og heim

| EIMSKIP | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7009 | www.eimskip.is |